


skoðun 14

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Skólar og námskeið








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
22. ágúst 2012
196. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




**Svala sveitt í LA**
*Hitinn vestra hefur hamlað upptökum á tónlistarmyndbandi Svölu Björgvins og Steed Lord.*
**popp** 34

**Inn í heim vændis**
*Verk Kviss Búmm Bang, Downtown 24/7, tekur á vændi á Íslandi.*
**menning** 24



**Ísland lá gegn Ísrael**
*Íslenska karlalandsliðið í körfubolta sá aldrei til sólar gegn Ísraelsmönnum.*
**sport** 30

**veðrið í dag**




**RIGNING** á víð og dreif, minnkandi á NA-landi þegar líður á daginn en vaxandi á SV horninu á sama tíma. Heldur kólnandi veður.
**VEÐUR 4**

# Áhætta fylgir því að samningar dragist

**Steingrímur J. Sigfússon segir áhættu felast í því að ekki semst um makrílveiðar við önnur strandríki. Samningsstaða Íslands hafi þó styrkst með nýjustu rannsóknum. Hann vill ekki ræða Evrópumálin með upphrópunum í fjölmiðlum.**

**STJÓRNMÁL** Á meðan ekki semst um makrílveiðar við Evrópusambandið og Noreg er til staðar hætta á því að Íslendingar verði af miklum hagsmunum. Hins vegar hefur samningsstaða Íslands orðið sterkari með nýjustu rannsóknum á makrílgöngum og vísbendingum um hrygningu tegundarinnar innan íslenskrar lögsögu.

Þetta er mat Steingríms J. Sigfússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra og sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, í viðtali við Fréttablaðið í dag, en næsti samningafundur í deilunni er á dagskrá í byrjun september.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Steingrímur segir enga tryggingu fyrir því að makrílgöngur haldist eins og undanfarin ár. Þær geti hins vegar líka aukist enn. „Að sjálfsögðu eru samningar, og þá með sanngjörnum aðgangi að lögsögum, ákveðin trygging fyrir því að hver og ein þjóð geti náð sínum hlut. Það er því mikilvægt að samningar náist, en þeir verða að vera ásættanlegir.“

Í því ljósi segir Steingrímur að rannsóknir sýni að göngur makríls séu áþekkar og undangengin ár. Eins bendi margt til þess að makríll hrygni hér og alist hér upp. Það sé til að styrkja málstað Íslands og verði teflt fram ásamt öðru sem styður málstað Íslands.

Þungavigtarmenn innan Vinstri grænna hafa tjáð sig opinberlega um að rétt sé að fresta aðildarviðræðum við ESB; hætta við eða láta þjóðina kjósa um framhaldið. Þetta vill Steingrímur ekki ræða með „upphrópunum í fjölmiðlum“.

„Þetta er augljóslega mál sem þarf að skoða ofan í kjölinn, bæði innan flokka og milli stjórnarflokkanna,“ segir Steingrímur.

- shá / sjá síðu 12



**KRANARNIR RISNIR** Um þessar mundir gnæfa byggingarkranar yfir Oddagötu. Þar byggir Félagsstofnun stúdenta (FS) 299 nýjar íbúðir fyrir námsmenn. Fyrri áfangi verður tekinn í notkun í júní að ári og sá síðari fyrir árslok 2013. „Við erum algjörlega á áætlun. Það dróst töluvert að við kæmumst í gang, en við erum snögg af stað þegar við fáum loksins að byrja,“ segir Rebekka Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi FS. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ögmundur Jónasson skilar skýrslu um aðild Íslands að Schengen-samstarfinu:

# Lögreglusamstarf veltur á Schengen

**ALÞINGI** Ef Ísland segði sig úr Schengen-samstarfinu þyrfti að breyta Leifsstöð verulega til að hægt væri að anna auknu landamæraeftirliti og fjölga þyrfti lögreglumönnum. Þá mundi lögreglusamvinna dragast umtalsvert saman og væri mjög líklega stefnt í hættu, auk þess sem EES-samningurinn kæmist í uppnám.

Þetta er á meðal þess sem segir í skýrslu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um Schengen-samstarfið, sem hann skilaði til Alþingis í júní síðastliðnum. Skýrslan var unnin að beiðni Bjarna Benediktssonar og fleiri þingmanna Sjálfstæðisflokksins, sem lögð var fram á þingi í nóvember í fyrra.

„Hins vegar fylgja aðildinni einnig ókostir, talsverður tilkostnaður og skorður við sjálfstæðum ákvörðunum íslenskra stjórnvalda,“ segir Ögmundur.

Ögmundur tekur í skýrslunni ekki afstöðu til aðildar Íslands en segir mikilvægt að endurmeta stöðugt hvort kostir hennar vegi þyngra en ókostirnir.

- sh / sjá síðu 6



**DÚETTAPLATA** Ragnar syngur splunkunýtt lag eftir Jón Ólafs með Eivöru Pálsdóttur á plötunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Raggi Bjarna með nýja plötu:

# Syngur með „yngra liðinu“

**TÓNLIST** „Það er ekkert að henni!“ segir söngvarinn Ragnar Bjarnason spenntur um væntanlega dúettaplötu sem hann hefur nýlokið upptökum á.

Á plötunni syngur Raggi dúetta með „yngra liðinu“, eins og hann orðar það, nokkrum af mest áberandi söngvurum landsins af yngri kynslóðinni á borð við Eivöru Pálsdóttur, Sigríði Thorlacius, Jón Jónsson og Lay Low, auk nokkurra tónlistarmanna sem eru örlítið eldri, eins og Helga Björns og Sigríði Beinteinsdóttur. Þá tekur Raggi einnig lagið með grínistanum Sveppa á plötunni, sem kemur væntanlega út fyrir jólin. Sjá síðu 34 - kg

Sýrland á suðupunkti:

# Rússar svara Barack Obama

**SÝRLAND** Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, gekk fram fyrir skjöldu í gær og varaði við einhliða íhlutun í Sýrlandi. Yfirlýsingin kemur daginn eftir að Bandaríkjaforseti sagði að notkun efnavopna frá hendi sýrlenskra stjórnvalda gegn uppreisnarmönnum yrði ekki liðin.

Lavrov lét að því liggja að hernaðaríhlutun yrði aðeins heimiluð á vettvangi öryggisráðs SÞ. Sýrlandsstjórn hefur sagt að her landsins búi yfir efnavopnum og til greina komi að nota þau gegn utanaðkomandi ógn. Þá var tekið fyrir það að vopnin yrðu notuð í átökum á milli stríðandi fylkinga í landinu, en þessu treysta vestræn stjórnvöld varlega. - shá / sjá síðu 10

Aspirin
Actavis
– fæst án lyfseðils í apótekum



actavis

SNÚÐU ÞÉR AÐ HOLLUSTUNNI
BETRI HEILSA ER BETRA LÍF MEÐ BECEL




www.forlagid.is
Fantasíur
Forvitnileg bók
kitlandi · dónalegar · rómantískar · forboðnar

Veðurfræðistofnun SÞ segir mikla þurrka farna að hafa áhrif á matvælaverð:

# Bregðast þarf við þurrkum

**SVISS, AP** Alþjóðlega veðurfræðistofnunin segir nauðsynlegt að ríki heims komi sér saman um skynsamleg viðbrögð við þurrkum, sem eru óvenju miklir þetta árið og hafa áhrif á matvælaverð um heim allan.

Bandarískir bændur hafa orðið hart úti í þurrkum þetta árið, og er búist við lélegri kornuppskeru þrátt fyrir að korni hafi verið sáð í stærra landsvæði en þekkst hefur í sjötíu ár.

Bændur í Afríku, Indlandi og víðar hafa sömuleiðis fundið harkalega fyrir þurrkum.

Áhrif þurrkanna á matvælaverð valda því að ríkin þurfa að grípa til kerfisbundinna aðgerða, bæði til að spara vatn og draga úr neyslu.

„Talið er að loftslagsbreytingar muni valda því að þurrkar verði tíðari, meiri og lengri á komandi tímum, og það muni hafa áhrif á mörgum sviðum, einkum á matvæli, vatn, heilsufar og orkumál,“ segir Michel Jarraud, framkvæmdastjóri stofnunarinnar.

Ástralía er eina ríkið sem hefur mótað sér skýra stefnu varðandi þurrka, en jafnvel áströlsk stjórnvöld segja að sú stefna dugi ekki lengur til að takast á við loftslagsbreytingar. - gb



**ÞURRKAR Í BANDARÍKJUNUM** Bandarískir bændur hafa glímt við óvenju mikla þurrka í ár, rétt eins og bændur í Afríku og á Indlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Alþjóðlegur dagur á laugardag:

## Appelsínugult gegn ofbeldi

**SAMFÉLAGSMÁL** UN Women á Íslandi munu standa fyrir appelsínugula deginum á laugardag. Stofnunin vill vekja athygli á stöðu kvenna í Afganistan.

„UN Women fordæmir það gegndarlausa ofbeldi sem konur í Afganistan búa við,“ segir í yfirlýsingu stofnunarinnar. Appelsínuguli dagurinn er alþjóðlegt átak Sameinuðu þjóðanna sem stendur í fimm mánuði, 25. hvers mánaðar. Íslendingar eru hvattir til að klæðast appelsínugulu og vekja athygli á ofbeldi gegn konum. - þeb

**SPURNING DAGSINS**



*Kristján, skipta vinsældirnar máli?*

„Já, bókað mál.“

Kristján Ingi Mikaelsson rekur skiptibókamarkaðinn Skipta.is en skiptibókamarkaðir á netinu njóta vaxandi vinsælda nú þegar skólarnir hefjast með haustinu.



**GRUND** Þak þvottahússins er lélegt.

Grund synjað um breytingu:

## Þvottahús fæst ekki hækkað

**SKIPULAGSMÁL** Dvalarheimilið Grund við Hringbraut fær ekki að byggja skrifstofur ofan á þvottahús stofnunarinnar.

„Um er að ræða þröngа götu og lágreista íbúðabyggð með suðurgörðum og svölum norðan megin við Brávallagötu og má því gera ráð fyrir að íbúar þeirra húsa muni hafa áhyggjur af skuggavarpi,“ segir í umsögn skipulagsstjóra. Grund hugðist slá tvær flugur í einu höggi; forðast mikinn viðhaldskostnað á þaki þvottahússins og fá nýjar skrifstofur svo hægt væri að innrétta hjúkrunarrými í þeim gömlu. - gar

Svar umhverfisráðherra:

## Getur ekki aflétt friðun álfta

**DÝRALÍF** Umhverfisráðherra getur, lögum samkvæmt, ekki aflétt friðun álfta, en má þó veita staðbundna undanþágu frá lögum, til að bregðast við skemmdum sem álftir vinna á ræktarlöndum. Þetta kemur fram í svari við fyrirspurn Ásmundar Einars Daðasonar, þingmanns Framsóknarflokks.

Þar segir jafnframt að álftum hafi fjölgað um sextíu prósent á árabilinu 1986 til 2010 þegar stofninn var 29 þúsund fuglar.

Ráðherra segir að á ákveðnum svæðum sé ástæða til að bregðast við ágangi álfta og gæsa og boðar úttekt á því hvar og hvernig verði brugðist við. - þj

# Bæjarstjóri afsakar óreiðu við RÚV-þátt

**Gríðarleg óreiða var í stjórnsýslu Hornafjarðar í aðdraganda þáttagerðar RÚV á Höfn í júní. Kostnaður fór margfalt fram úr áætlun. Skipulagstjórinn íhugaði að fá lögbann á söluhjalla sem reistir voru. Skiptar skoðanir eru um þættina.**

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þetta er mjög alvarlegt mál,“ segir Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri í Hornafirði, um það að útgjöld bæjarins í tilefni þáttagerðar Ríkissjónvarpsins í sumar urðu meira en fjórfalt hærri en áætlað var.



**HJALTI ÞÓR VIGNISSON**

Bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks óskuðu skýringa á málinu. Í svörum sem lögð voru fyrir bæjarráð kemur fram að kostnaður bæjarins, með beinum útgjöldum og vinnuframlagi, nemi 13,8 milljónum króna. Kostnaðaráætlun sem bæjaráð samþykkti var um þrjár milljónir. Munurinn er 360 prósent.

„Þetta gerist með miklum hraða í aðdraganda þessara þátta. Bæjarráðinu var stillt upp með vonda valkosti skömmu fyrir töku þáttanna um hvort þeir eigi að fara fram eða hvort menn ættu hreinlega að sleppa þessu,“ segir Hjalti bæjarstjóri. Með þátttöku í verkefninu sáu menn tækifæri til kynningar á sveitarfélaginu, meðal annars á Norðurlöndunum.

Ráðist var í alls kyns framkvæmdir og stjórnsýslan var í molum. Skipulagsstjóri bæjarins hafði miklar efasemdir um söluhjalla sem reisa átti. „Ljóst er að uppsetning söluhjalla á svæðinu hefði þarfnast lögformlegrar umfjöllunar og íhugaði hann að setja lögbann á framkvæmdina. Hér þarf að hafa í huga að forsvarsmenn sveitarfélagsins voru settir í vonda stöðu nokkrum dögum fyrir töku sjónvarpsþáttanna. Þá voru hugmyndir um söluhjallana fyrst kynntar og ljóst að valið stæði þá á milli þess að láta hugmyndina verða að veruleika eða taka fyrir verkefnið og beina tökuliði RÚV á aðra staði,“ er útskýrt í svörum bæjaryfirvalda.

Allra handa óvænt útgjöld dúkkuðu upp. Til dæmis kostuðu skemmdir á ljósleiðara 359 þúsund og ökuferð á elleftu stundu á Sauðárkrók eftir stenslum fyrir götumerkingar kostaði 113 þúsund krónur.

„Það er ekki auðvelt að útskýra þetta opinberlega. Það var farið fram hjá ákvörðun bæjarráðs í framkvæmdinni en við höfum breytt til í stjórnsýslunni og erum enn þá að endurskipuleggja okkur. Það mun klárast í haust,“ segir Hjalti sem kveður flestar ef ekki allar framkvæmdirnar munu nýtast áfram.

Að sögn Hjalta eru afar skiptar skoðanir í bænum um úrvinnslu efnisins sem sýnt var á RÚV í sumar. Mikið myndefni sé hins vegar til sem bærinn hafi aðgang að. „Það eru til dæmis myndir af hreindýrum, fólki á fjórhjólum og vélsleðaferðum upp á jökul sem við getum nýtt í kynningu fyrir ferðaþjónustuna. Það var gulrótin sem við sáum.“ gar@frettabladid.is



**Á HORNAFIRÐI Í SUMAR** Kátt var á hjalla á Hornafirði dagana 15. til 18. júní í sumar þegar þáttagerðarmenn Ríkisútvarpsins mynduðu framkvæmdagleði bæjarbúa. Á bæjarskrifstofunum voru menn í áfalli. MYND/SIGURÐUR MAR HALLDÓRSSON

## Lést eftir fall af torfæruhjóli

Maðurinn sem lést eftir fall af torfærumótorhjóli við Lyklafell á Sandskeið á sunnudagskvöld hét Vilhjálmur Freyr Jónsson, fæddur 18. október 1965.



Vilhjálmur, sem var véltæknifræðingur að mennt, lætur eftir sig eiginkonu og fjögur börn, þar af tvö uppkomin. Hann var búsettur með fjölskyldu sinni í Grundargerði í Reykjavík. - óká



**KJALVEGUR** Minni umferð hefur verið um Kjalveg í sumar en í fyrra, en þá var um algert metár að ræða. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Vegateljarar á Kjalvegi:

## Samdráttur í hálendisumferð

**SAMGÖNGUR** Talsvert minni umferð hefur verið um hálendið í sumar en var í fyrra, samkvæmt umferðartölum Vegagerðarinnar um Kjalveg.

Um sjötíu bílar fara að jafnaði um Kjalveg á hverjum sólarhring yfir sumartímann, en á milli 25 og þrjátíu bílar allt árið.

Þetta er samdráttur um nær fjórðung frá síðasta ári, se litið til sumarmánaðanna, en svipað og hefur annars verið ár hvert síðustu tíu ár. Þannig sker árið 2011 sig úr, en umferð nú er í samræmi við það sem viðgengist hefur síðustu árin. - þj


TÖFRANDI

• HLAUT HIN VIRTU ORANGE-VERÐLAUN 2011

• VALIN EIN BESTA BÓK ÁRSINS 2011 AF MÖRGUM FJÖLMIÐLUM

• SAT LENGI Á METSÖLULISTA NEW YORK TIMES




www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu


Forsetinn trúir ekki að forsætisráðherra vilji 280.000 í laun fyrir nær enga vinnu:

# Fylgdin þorri allrar vinnu handhafa

**STJÓRNSÝSLA** Forseti Íslands segir að ef sá siður yrði aflagður að handhafar forsetavalds fylgi forsetanum til og frá Leifsstöð þá væri jafnframt búið að afnema nánast allt vinnuframlag þeirra.

Þetta kemur fram í bréfaskiptum forsetans, Ólafs Ragnars Grímssonar, og Jóhönnu Sigurðardóttur forsætisráðherra sem greint var frá í fréttum RÚV í gær.

Bréfin eru frá því um sumarið 2010 og febrúar 2011. Þar leggur Jóhanna til við Ólaf að fylgdinni verði hætt en forsetinn leggst gegn því.

„Ef frá er talin þessi fylgd, hafa handhafar forsetavalds einungis þurft að gegna skyldum sínum fáeinum sinnum á ári og raunar eru starfsskyldur þeirra mjög takmarkaðar og oftast engar, til dæmis þegar þing situr ekki. Handhafar ganga einungis í fáein lögbundin verk forseta, svo sem staðfestingu á framlögn frumvarpa og staðfestingu laga,“ segir forsetinn.

Forsetinn reiknar út að meðalmánaðarlaun handhafa forsetavalds árin 2004 til 2009 hafi verið 283 þúsund krónur á mánuði.

„Forseta finnst ólíklegt að forsætisráðherra vilji nú afnema nánast allt vinnuframlag handhafanna en engu að síður halda áfram ásamt öðrum handhöfum að þiggja þær greiðslur í hverjum mánuði, sem vikið var að hér að framan, fyrir það sem einungis yrði hægt að kalla óverulegt vinnuframlag.“ - sh



**MEÐ HANDABANDI** Nú er gert ráð fyrir að forsetavaldið færist á milli forseta og handhafanna með handabandi. Þess vegna fylgja þeir honum út á flugvöll. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vertu snjallari með Nova!




**1.000 kr.**
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
og Bíókort!

Samsung GALAXY S III

**124.990 kr.** stgr.

**7.490 kr.** á mán. í 18 mán.

1.000 kr. notkun á mánuði
í 12 mán. og Bíókort (6 x í bíó)
fylgir með!

**0 kr. Nova í Nova!**
1.000 mín. og 500
SMS/MMS á mán.

# Bíókort fylgir öllum Samsung snjallsímum hjá Nova!




**500 kr.**
notkun á mán.
í 12 mán. fylgir
og Bíókort!

**Samsung SII**

**79.990 kr.** stgr.

**4.990 kr.** á mán. í 18 mán.

500 kr. notkun á mánuði
í 12 mán. og Bíókort (6 x í bíó)
fylgir með!




**500 kr.**
notkun á mán.
í 6 mán. fylgir
og Bíókort!

**Samsung Galaxy Y**

**24.990 kr.** stgr.

**2.290 kr.** á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mánuði
í 6 mán. og Bíókort (6 x í bíó)
fylgir með!




**500 kr.**
notkun á mán.
í 6 mán. fylgir
og Bíókort!

**Samsung Galaxy ACE 2**

**52.990 kr.** stgr.

**4.790 kr.** á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun á mánuði
í 6 mán. og Bíókort (6 x í bíó)
fylgir með!

Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | **m.nova.is** | Facebook | Twitter

Símnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

## GENGIÐ 21.08.2012

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 119,06 | 119,62 |
| Sterlingspund | 187,61 | 188,53 |
| Evra | 147,75 | 148,57 |
| Dönsk króna | 19,839 | 19,955 |
| Norsk króna | 20,171 | 20,289 |
| Sænsk króna | 17,905 | 18,009 |
| Japanskt jen | 1,4984 | 1,5072 |
| SDR | 179,96 | 181,04 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 207,2653

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Niðurstöður alþjóðlegrar rannsóknar á lífsstíl, þyngd og mataræði barna:

# Einbirnum hættara við ofþyngd

**SAMFÉLAGSMÁL** Börn sem ekki eiga systkini eru í helmingi meiri hættu en önnur börn á að verða feit. Þetta eru niðurstöður alþjóðlegrar könnunar á vegum vísindamanna við háskólann í Gautaborg í Svíþjóð. Norsk rannsókn hafði áður leitt í ljós samband milli ofþyngdar og einbirna, að því er kemur fram á fréttavef Dagens Nyheter.

Vísindamennirnir í Gautaborg rannsökuðu 12.700 börn frá Ítalíu, Kýpur, Spáni, Ungverjalandi, Þýskalandi, Eistlandi, Svíþjóð og Belgíu. Rannsóknin er hluti af evrópsku verkefni sem nefnt er Idefics. Haft er eftir vísindamanninum Monicu Hunsbergar að því lengur sem barn hefur verið einbirni, þeim mun meiri sé hættan á að það verði of þungt.

Niðurstöðurnar sýna að einbirni í suðurevrópskum löndum verða oftar feitari en einbirni norðar í Evrópu. Á Ítalíu eru 41,9 prósent barnanna of þung en 9,5 prósent í Svíþjóð. Ástæður þess að einbirni verða feitari en önnur börn eru óljósar. Rannsaka á síðar þá þætti sem talið er að um geti verið að ræða. Rannsóknin leiddi meðal annars í ljós að einbirni leika sér sjaldnar utandyra en börn sem eiga systkini og eru oftar með sjónvarp í svefnherberginu. - ibs



**OFÞYNGD** Rannsaka á síðar hvers vegna einbirnum er hættara við ofþyngd. NORDICPHOTOS/GETTY

Prófmál vegna gengisdóma:

# Tvö mál komin í dómskerfið

**DÓMSMÁL** Tvö prófmál af ellefu, sem eiga að skera úr um lögmæti gengislána, eru komin inn í dómskerfið.

Eftir gengislánadóm sem féll í febrúar komu fulltrúar bankanna og skuldara sér saman um að ellefu prófmál færu fyrir dóm. Sex málanna eru sótt vegna bíla- og húsnæðisskulda einstaklinga og fimm vegna fyrirtækjalána. Til stóð að þingfesta öll málin fyrir réttarhlé í sumar en það tókst ekki. Málin verða öll sótt fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. - lpa



**HELLE THORNING-SCHMIDT** Danski forsætisráðherrann mun funda með Jóhönnu Sigurðardóttur á mánudaginn.

Í opinbera heimsókn:

# Helle Thorning-Schmidt hingað

**STJÓRNMÁL** Helle Thorning-Schmidt, forsætisráðherra Danmerkur, kemur í opinbera heimsókn til Íslands næstkomandi mánudag.

Thorning-Schmidt mun funda með Jóhönnu Sigurðardóttur, forsætisráðherra Íslands. Jóhanna mun taka á móti danska forsætisráðherranum í Þingvallabústaðnum fyrir hádegi á mánudag.

Síðdegis mun Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, sýna Thorning-Schmidt húsakynni Alþingis.

Þá verður opinber kvöldverður í boði forsætisráðherrahjónanna í Þjóðmenningarhúsinu að kvöldi mánudags, en Thorning Schmidt heldur héðan til Grænlands á þriðjudag. - þeb

## LEIÐRÉTTING

Í töflu á síðu 12 í Fréttablaðinu í gær kom fram að áætlaðar tekjur vegna listviðburða í Hörpu hefðu verið áætlaðar 113,3 milljónir króna í áætlun sem lögð var fram í febrúar 2011. Það voru áætlaðar tekjur fyrir árið 2011. Áætlaðar tekjur fyrir árið 2012 voru 200,5 milljónir króna.

Þá var rekstrarkostnaður samtals fyrir sama lið ekki réttur. Í töflunni voru sýnd áætluð rekstrargjöld fyrir árið 2013 en ekki fyrir árið 2012. Rétt tala átti að vera 874,9 milljónir króna.

# Telja leka Gunnars til fjölmiðla vera einstakt tilfelli

**FME og Landsbankinn létu kanna hvort upplýsingaleki sem leiddi til ákæru Gunnars Andersen hefði verið einstakt tilfelli. Niðurstaða beggja var að svo sé. Starfsmaður Landsbankans er enn í ótímabundnu leyfi.**

**LÖGREGLUMÁL** Fjármálaeftirlitinu (FME) er ekki kunnugt um að Gunnar Andersen, fyrrum forstjóri þess, hafi lekið trúnaðargögnum um fjármál einstaklinga eða fyrirtækja til fjölmiðla eða annarra aðila nema í einu tilviki sem var kært til lögreglu. Það mál snýst um að Gunnar er talinn hafa fengið starfsmann Landsbankans til að afla gagna um fjármál alþingismannsins Guðlaugs Þórs Þórðarsonar sem síðan var komið til DV. Landsbankinn telur einnig að um einstakt tilfelli hafi verið um að ræða.

Fréttablaðið greindi frá því í gær að Gunnar og umræddur starfsmaður Landsbankans hafa verið ákærðir fyrir brot á þagnarskyldu með því að brjóta bankaleynd vegna málsins. Gunnar hefur auk þess verið ákærður fyrir brot í opinberu starfi. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins hefur sakborningunum enn ekki verið birt ákæran, sem var gefin út um miðjan júlí. Brot á þagnarskyldu getur varðað allt að þriggja ára fangelsi. Ekki náðist í Gunnar Andersen við vinnslu fréttarinnar. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er hann staddur erlendis.

Í svari FME við fyrirspurn Fréttablaðsins um hvort úttekt eða rannsókn hafi farið fram innan stofnunarinnar á því, hvort fleiri dæmi um upplýsingaleka á borð við þann sem Gunnar er ákærður fyrir hafi átt sér stað, segir að svo sé ekki. „Umræddur upplýsingaleki varð ekki innan Fjármálaeftirlitsins, gögn tengd honum hafa aldrei verið í vörslu stofnunarinnar. Hann tengist því ekki almennri starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Við leggjum áherslu á að strangar öryggisreglur eru í gildi um meðferð gagna innan stofnunarinnar til að tryggja öryggi við meðferð þeirra. Okkur er ekki kunnugt um annað tilvik en það sem þú nefnir og kært var til lögreglu,“ segir í svari eftirlitsins.

Starfsmaður Landsbankans sem hefur verið ákærður er í ótímabundnu leyfi. Því hefur ekki verið breytt. Samkvæmt upplýsingum frá Landsbankanum var farið yfir málið þegar það kom upp.

Að lokinni þeirri athugun var það niðurstaða bankans að um einstakt tilfelli hefði verið að ræða þar sem viðkomandi starfsmaður hefði sýnt mikinn dómgreindarskort.

thordur@frettabladid.is



**ÞINGMAÐUR** Gunnar Andersen taldi Guðlaug Þór Þórðarson hafa látið Kastljós hafa gögn um sig. Nú hefur Gunnar verið ákærður fyrir að hafa látið DV hafa gögn um Guðlaug Þór. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Guðlaugur Þór: Kemur mér ekki á óvart

Guðlaugur Þór Þórðarson segir ákæruna á hendur Gunnari og starfsmanni Landsbankans ekki koma sér á óvart. „Miðað við þær upplýsingar sem liggja fyrir þá virðist sá aðili sem á að sjá til þess að lögum og reglum á þessu sviði sé framfylgt hafa stolið gögnum til að skaða þingmann, eða hvern sem er, það er ótrúlegt. Ég skil ekki hvernig Fjármálaeftirlitið gat komist að því á skömmum tíma að þetta væri einstakt dæmi. Til dæmis réð stjórn eftirlitsins lögfræðing til að kanna hæfi Gunnars um svipað leyti. Skömmu síðar voru bankaupplýsingar um hann komnar á hvers manns vitorð.“

Þar er Guðlaugur Þór að vísa til þess að DV birti frétt um fjármál Ástráðs Haraldssonar, lögmannsins sem vann álitsgerð um hæfi Gunnars Andersen til að gegna starfi forstjóra FME, tveimur dögum eftir að álitsgerðin var birt opinberlega. Gunnari var sagt upp störfum á grundvelli álitsgerðarinnar.

Guðlaugur Þór telur fulla ástæðu til þess að farið verði nánar yfir þessi mál. „Það á að vera rekjanleiki innan stjórnsýslunnar. Það eru hagsmunir allra að það sé ekki hægt að misnota vald með þessum hætti. Þegar slíkt hefur verið iðkað þá er það allajafna í þjóðfélögum sem við viljum ekki bera okkur saman við. Þar sem svona mál hafa komið upp í þjóðfélögum sem við viljum bera okkur saman við, þá eru þau tekin mjög alvarlega.“

Píanóskóli Þorsteins Gauta

Innritun hafin á haustönn

Einkatímar á píanó
Hljómborðsnámskeið
Byrjendur og lengra komnir
Börn og fullorðnir

Ármúli 38 Rvík. • s.5516751 og 6916980
pianoskoli@gmail.com
pianoskoli@pianoskoli.is
www.pianoskolinn.is

## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**KÓLNANDI**
Veður fer kólnandi hjá okkur næstu daga, sérstaklega á Norður- og Austurlandi. Þar verður hins vegar minni væta næstu daga en sunnan til, allavega eftir daginn í dag. Vindur verður víða skaplegur en þó strekkingur sums staðar NV til.




Á MORGUN Fremur hægur vindur víða en heldur hvassara á Vestfjörðum.

FÖSTUDAGUR Fremur hægur vindur víða en heldur hvassara á Vestfjörðum.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 31° |
| Basel | 33° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 25° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 20° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 28° |
| London | 21° |
| Mallorca | 35° |
| New York | 28° |
| Orlando | 30° |
| Ósló | 20° |
| París | 23° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*

E&Co. – Mynd Ari Magg




Verið hjartanlega velkomin. Geysir Skólavörðustíg 16, Akureyri & Haukadal . www.geysir.net – Sími 519 6000.

**KJÖRKASSINN**



*Hefur blóðþrýstingur mælst of hár hjá þér?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 55,6% |
| NEI | 44,4% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*ÁTVR neitar að upplýsa um sölu á áfengi á kostnaðarverði til ríkisstofnana. Er það ásættanlegt?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Vísir

Tveir menn ákærðir fyrir hrottalegt rán og frelsissviptingu í Breiðholti:

# Var hótað með eigin haglabyssu

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tvo menn, Snorra Sturluson og Daniel Arciszewski, fyrir hrottalegt rán og frelsissviptingu í Breiðholti í júlí síðastliðnum.

Samkvæmt ákæruskjali réðust mennirnir inn til rúmlega sextugs manns í Krummahólum klukkan þrjú um nótt, héldu honum þar nauðugum til ellefu um morguninn og beittu hann allan tímann ofbeldi og hótuðu honum lífláti. Í ákærunni segir að þeir hafi bundið hann með límbandi við stól í stofu íbúðarinnar, beint haglabyssu í eigu húsráðandans að höfði hans og skipað honum að skrifa undir skjal þess efnis að hann skuldaði mönnunum peninga. Þeir hafi jafnframt bundið hann á höndum og fótum ofan í baðkari með rafmagnssnúru sem fest var við blöndunartæki, troðið tusku upp í hann og límt fyrir.

Nokkru síðar hafi þeir neytt hann til að gefa upp PIN-kóða á debetkorti, tekið út 20 þúsund krónur og látið hann millifæra 435 þúsund krónur á reikning annars þeirra. Þeir rændu líka af honum sjónvarpi, tölvuskjá, kassettutæki, ullarteppi og seðlaveski. Þolandi árásarinnar gerir 3,2 milljóna króna skaðabótakröfu á hendur ræningjunum, sem eru 43 og 33 ára. Þeir hafa sætt gæsluvarðhaldi síðan málið kom upp. **- sh**



**LÍMBAND** Mennirnir bundu húsráðandann í stól með límbandi og límdu síðar um nóttina fyrir munn hans.

Fyrirspurn á Alþingi:

# Rekstur Seðlabankans dýrari

**STJÓRNSÝSLA** Rekstrarkostnaður Seðlabanka Íslands var 2.314 milljónir króna á síðasta ári en hann hækkaði um ríflega 400 milljónir á milli ára. Þetta kemur fram í svari Steingríms J. Sigfússonar, efnahags- og viðskiptaráðherra, við fyrirspurn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar þingmanns sem birt var á vef Alþingis í gær.

Í svarinu kemur fram að á árinu 2011 voru starfsmenn bankans 137 talsins og hafði fjölgað um þrjá á milli ára. Meðallaun voru 610.403 krónur á síðasta ári. **- mþl**


**2 fyrir 1 til Tyrklands**
**24. ágúst**
Frá kr. 47.500
**Ótrúlegt tilboð - Allra síðustu sætin**
Heimsferðir bjóða nú einstakt tilboð á síðustu flugsætunum til Tyrklands 24. ágúst í 11 nætur. Þú kaupir 2 flugsæti en greiðir aðeins fyrir 1. Við bjóðum þér fjölbreytta gistingu meðan á dvölinni stendur. Bæði með hálfu fæði og með allt innifalið.
**Verð kr. 47.500** Flugsæti með sköttum, m.v. 2 fyrir 1 tilboð 24. ágúst í 11 nætur. Netverð á mann. Verð áður kr. 95.000.
**Verðdæmi fyrir gistingu með hálfu fæði:**
**Kr. 45.800** á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn á hótel Risa Otel 24. ágúst í 11 nætur með hálfu fæði. Verð á mann í tvíbýli kr. 65.900 í 11 nætur með hálfu fæði.
Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is
Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.


# Lögreglusamstarf í hættu án Schengen

**Breyta þyrfti Leifsstöð umtalsvert og fjölga lögreglumönnum og EES-samstarfið kæmist í uppnám ef Ísland segði sig úr Schengen. Svo segir í skýrslu Ögmundar Jónassonar til Alþingis. Telur þó mikilvægt að endurskoða aðildina reglulega.**

**ALÞINGI** Aðgengi Íslands að erlendri lögreglusamvinnu mundi „dragast umtalsvert saman og yrði mjög líklega stefnt í hættu“ með úrsögn úr Schengen-sambandinu. Þá mundi EES-samstarfið einnig komast í uppnám. Þetta kemur fram í skýrslu Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um Schengensamstarfið sem skilað var til Alþingis í júní síðastliðnum.



**ÖGMUNDUR JÓNASSON**

Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, óskaði eftir því í nóvember í fyrra, ásamt átta öðrum þingmönnum flokksins, að ráðherrann flytti Alþingi skýrslu um kosti og galla Schengen-samstarfsins, enda væri nauðsynlegt að meta þátttöku Íslands í því.

Ögmundur skilaði skýrslunni, sem er 31 blaðsíða, um miðjan júní. Þar segir meðal annars að sjálfsagt sé að vega og meta hvort ágóðinn af þátttöku í samstarfinu vegi þyngra en ókostirnir sem stafi af hinni frjálsu för fólks á milli landa sem samstarfið hefur í för með sér.

„Í umræðunni er gjarnan nefnt að Ísland eigi að hætta í Schengen-samstarfinu. Yrði það gert myndu meðal annars eftirfarandi atriði breytast,“ segir í skýrslunni.

„Setja þyrfti upp landamæraeftirlit vegna alls flugs til og frá landinu á Keflavíkurflugvelli, og væntanlega ráða fleiri lögregluþjóna til að sinna landamæraeftirlitinu.“ Þetta mundi einnig kalla á viðamiklar breytingar á innviðum flugstöðvarinnar.

Þá mundi aðgangur að sérstöku upplýsingakerfi Schengen lokast þannig að ekki væri hægt að fletta því upp þegar fólk kæmi til landsins hvort það væri eftirlýst á Schengen-svæðinu. Í staðinn þyrfti lögregla að styðjast við mun takmarkaðri gagnabanka Interpol.

„Þessu til viðbótar þarf að hafa í huga að glæpamenn eru ekki „sérmerktir“ né heldur vegabréf þeirra og því ekki sjálfgefið að þeir finnist við landamæraeftirlit. Þar að auki er glæpamönnum ekki óheimilt að ferðast ef þeir eru ekki eftirlýstir eða sæta öðrum sértækum þvingunum. Ekki er vitað um mörg tilvik þar sem glæpamenn voru stöðvaðir á landamærum fyrir inngöngu Íslands í Schengen,“ segir ráðherrann.

Hins vegar hefði það engin áhrif á réttindi EES-borgara til búsetu og dvalar hér á landi og fjöldi útlendinga á Íslandi því ólíklega breytast, segir í skýrslunni.

„Hins vegar fylgja aðildinni einnig ókostir, talsverður tilkostnaður og skorður við sjálfstæðum ákvörðunum íslenskra stjórnvalda,“ segir Ögmundur, sem tekur í skýrslu sinni ekki afstöðu til aðildarinnar en áréttar að mikilvægt sé að stöðugt fari fram endurmat á kostum og göllum hennar.

**stigur@frettabladid.is**




**MEIRI VINNA** Ef Ísland hætti í Schengen-samstarfinu þyrfti aftur að taka upp vegabréfaeftirlit með öllum farþegum sem fara um Leifsstöð.

> Ekki er vitað um mörg tilvik þar sem glæpamenn voru stöðvaðir á landamærum fyrir inngöngu Íslands í Schengen.
>
> **ÖGMUNDUR JÓNASSON**
> INNANRÍKISRÁÐHERRA


**KÆRU VIÐSKIPTAVINIR**
**DRESSMANN Á LAUGAVEGINUM.**
Nú senn líður að lokun verslunarinnar.
**Síðasti söludagurinn verður**
**25 ágúst.**
Dressmann á Íslandi vill þakka ykkur kærlega fyrir viðskiptin á liðnum árum og í leiðinni bjóða ykkur velkomin til okkar í Dressmann í Kringlunni og Smáralind þar sem við munum starfa áfram af fullum krafti.
Með kærri kveðju.
Fyrir hönd Dressmann á íslandi.
Jóhann Ingi Davíðsson
Kristrún Zakaríasdóttir
Dressmann®
WWW.DRESSMANN.COM


Hafa áhuga á því að gera varanlega göngugötu neðst við Skólavörðustíg:

# Vilji fyrir varanlegri göngugötu

**MANNLÍF** „Við vitum að meðal margra rekstraraðila á Skólavörðustíg er mikill áhugi fyrir því að gera neðsta hluta götunnar að varanlegri göngugötu,“ segir Hjálmar Sveinsson sem sæti á í skipulagsráði Reykjavíkur.

Hann segir að tímabundin lokun hluta Skólavörðustígs sem og Laugavegs hafi gefið góða raun. „Við ætlum að halda þessu áfram á báðum þessum götum og af því að við heyrum af því að áhugi er til staðar þá erum við mjög opin fyrir því að víkka þetta út, lengja tímabilið og skoða kosti og galla þess að hafa einhverja hluta lokaða varanlega,“ segir hann.

Rekstraraðilar á Skólavörðustíg óskuðu eftir því að gatan yrði lokuð fyrir bílaumferð í eina viku í viðbót en fyrirhugað var að hleypa umferð á í gær. Borgaryfirvöld hafa orðið við þessari ósk og því verður kafli götunnar frá Bergstaðastræti til Laugavegs lokaður bílaumferð eina viku enn eða til mánudagsins 27. ágúst.

Ýmsar gagnrýnisraddir hafa heyrst varðandi lokun neðsta hluta Laugavegs í sumar og það talið hafa verið lamandi fyrir verslun þar. En Hjálmar er sannfærður um að vel hafi tekist til. „Við teljum að við höfum gert okkar til þess að mannlífið verði með blóma þarna í miðbænum, þarna hefur eiginlega allt verið fullt í allt sumar en við ráðum því hins vegar ekki hvað fólk kaupir. Þar verður aftur á móti að reyna á hæfni kaupmannanna,“ segir Hjálmar. **- jse**



**SKÓLAVÖRÐUSTÍGUR** Áhugi er meðal margra verslunarmanna að gera neðsta hlutann að varanlegri göngugötu. Borgaryfirvöld eru opin fyrir hugmyndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


NÚ STYTTIST Í FLUTNING!
30 - 50% AFSLÁTTUR
Love
HEIMA
HÚSIÐ
mood
lifum
GALLERY GÓLF
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 42 42 - www.heimahusid.is. Opið virka daga 10 -18, laugardaga 11 -16.

**VEISTU SVARIÐ?**



**1.** *Hvenær verður dómur kveðinn upp yfir Anders Behring Breivik?*

**2.** *Hvaða titli hefur Apple náð af Microsoft?*

**3.** *Hvenær hófst grá- og heiðagæsaveiðitímabilið?*

**SVÖR:**

*1. Á föstudag, ekki á morgun heldur hinn. 2. Verðmætasta fyrirtæki allra tíma 3. Á mánudaginn.*

Skrílslæti á sjúkrahúsinu í Óðinsvéum þar sem hópur manna leitaði að særðum manni:

# Tugir gengu berserksgang á bráðamóttöku

**DANMÖRK** Tugir manna eiga yfir höfði sér ákæru eftir að þeir réðust inn á bráðamóttökuna á sjúkrahúsinu í Óðinsvéum seint í fyrrakvöld og brutu þar allt og brömluðu.

Upptök málsins eru rakin til átaka milli gengja í borginni, en fyrr um kvöldið hafði 26 ára gamall maður verið fluttur á sjúkrahúsið með skotsár og stungusár.

Árásarmennirnir létu ekki þar við sitja heldur fjölmenntu upp að sjúkrahúsinu og heimtuðu að fá að hitta hinn særða.

Talið er að á bilinu sextíu til áttatíu manns hafi mætt með barefli, kylfur og hnúajárn. Þeir ógnuðu starfsfólki, rifu myndir niður af veggjum og brutu blómapotta áður en lögregla náði að reka þá út úr húsinu. Þar skemmdu þeir sjúkrabíl og lögreglubíl áður en yfir lauk.

Lögreglustjórinn í Óðinsvéum sagðist í samtali við danska miðla vænta þess að menn yrðu handteknir vegna málsins á næstu dögum. Sakarefni væru meðal annars óspektir, brot gegn valdstjórninni, ólöglegur vopnaburður og skemmdarverk.

Jane Kragelund, forstjóri sjúkrahússins, sagði í samtali við TV2 að hún þekkti engin dæmi um viðlíka árás á sjúkrahús í Danmörku.

„Hingað til höfum við ekki verið með öryggisvakt á bráðamóttökunni en nú verðum við að sjálfsögðu að meta hvort þörf sé fyrir slíkt,“ sagði hún.

Í fréttatilkynningu frá sjúkrahúsinu segir að bráðamóttakan hafi verið lokuð í tvo klukkutíma og opnuð klukkan þrjú. Starfsfólk og sjúklingar munu fá áfallahjálp í framhaldinu. **- þj**



**ÓEIRÐIR** Lögregla var kölluð að sjúkrahúsinu í Óðinsvéum í fyrrakvöld þar sem tugir óeirðaseggja brutu allt og brömluðu. Myndin er úr safni. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


VÍÐIR

ÓSKUM EFTIR DUGLEGU OG SKEMMTILEGU STARFSFÓLKI

umsokn@vidir.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP

HVERNIG ER VEÐRIÐ Í DAG? vísir - oft á dag




**STEINBOGI** Laxastigi hefur þegar verið opnaður í Jökulsá á Dal.

Afturkalla ekki leyfi í Jökulsá:

## Neita að stöðva gerð laxastiga

**SKIPULAGSMÁL** Bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs hafnar því að stöðva framkvæmdir við laxastiga við svokallaðan Steinboga í Jökulsá á Dal.

Lögmaður Birgis Þórs Ásgeirssonar, eiganda jarðarinnar Sellands, hafði krafist þess að sveitarfélagið afturkallaði framkvæmdaleyfi til handa Veiðifélagi Jökulsár á Dal og sæi til þess að framkvæmdin yrði stöðvuð strax. Bæjarstjórn segir að rétt hafi verið staðið að útgáfu framkvæmdaleyfis um fiskveginn. „Þar sem framkvæmdin er í samræmi við útgefið leyfi, þá hafnar bæjarstjórn beiðni um stöðvun framkvæmda.“ **- gar**

**Nauðganir á hverja 100.000 íbúa**




Fjöldi tilkynninga til Stígamóta á Íslandi

| | |
|---|---|
| 2003 | 251 |
| 2004 | 228 |
| 2005 | 249 |
| 2006 | 266 |
| 2007 | 277 |
| 2008 | 273 |
| 2009 | 231 |
| 2010 | 275 |
| 2011 | 313 |

* Tölur úr ársskýrslu Ríkislögreglustjóra og Hagstofu Íslands

# Næstflestar nauðganir tilkynntar hér

**Flestar nauðganir á Norðurlöndunum eru tilkynntar í Svíþjóð sé miðað við hverja hundrað þúsund íbúa. Ísland kemur næst á eftir. Jákvætt að tilkynningatíðni sé há, segir kynjafræðingur hjá HÍ.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Fjöldi tilkynntra nauðgana á Norðurlöndum á hverja hundrað þúsund íbúa er næstmestur hér á landi. Hlutfallslega eru langflestar nauðganir tilkynntar í Svíþjóð og hefur tíðni þeirra hækkað undanfarin ár.

Samkvæmt samantekt Sameinuðu þjóðanna um glæpatíðni í löndum heimsins, eru Norðurlöndin að Danmörku undanskilinni nokkuð ofarlega á blaði er varðar tíðni tilkynntra nauðgana. Sömuleiðis er hlutfallið hátt í Bandaríkjunum, Bretlandi og í nokkrum Afríkulönd. Tíðni tilkynninga er með því lægsta sem gerist í Aserbaídsjan, Serbíu og Liechtenstein.

Hildur Fjóla Antonsdóttir, kynjafræðingur og verkefnisstjóri hjá Eddu Öndvegissetri, telur að kraftur í kvenréttindabaráttu skili sér í auknum fjölda tilkynntra nauðgana.

„Ég mundi til dæmis ekki halda að það sé minna um nauðganir í Danmörku heldur en í Svíþjóð og á Íslandi,“ segir hún. „Það er jákvætt að tíðni tilkynninga sé há. Það kemur alls ekki á óvart að hlutfallslega séu flestar tilkynningar á Norðurlöndum því mannréttindavitund þar er nokkuð há og við erum vissulega góðu vön.“

Hildur vinnur nú að verkefni, ásamt Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur, fyrir Eddu Öndvegissetur við Háskóla Íslands, og er unnið í samvinnu við innanríkisráðuneytið, um feril nauðgunarmála í réttarkerfinu á Íslandi.

Hún segir það mikilvægt að gott samband sé á milli lögreglustofnana og frjálsra félagasamtaka svo málin skili sér vel til inn í kerfið. Hún bendir á að fórnarlömbum nauðgana sé betur sinnt á Norðurlöndum en annars staðar í heiminum, þó vissulega megi gera mun betur.

„Þrátt fyrir breytingar á lögum og verkferlum á undanförnum árum víða um heim hefur sakfellingum almennt ekki fjölgað í hlutfalli við aukinn fjölda kærðra nauðgana, heldur hefur þeim í mörgum tilfellum fækkað og það er áhyggjuefni,“ segir Hildur.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar, segist ekki geta bent á eitt tiltekið atriði sem skýri þessa háu tíðni tilkynninga hér á landi. Hann segir nauðgunum hafa farið fjölgandi hér á síðustu árum.

„Þetta kemur mér ekki á óvart,“ segir hann. „En ég þori ekki að fara með það hvers vegna þessi fjölgun á sér stað. Ég get ekki bent á eitt sérstakt atriði, það er útilokað.“

Rúmlega 63 nauðganir voru tilkynntar í Svíþjóð árið 2010 á hverja þúsund íbúa, en rúmlega þrjátíu hér á landi. Þær voru fimmtíu sjö í Danmörku það ár og sex árið á undan. Björgvin segir lögreglu á Norðurlöndum hafa lítið sem ekkert samráð um viðbrögð við þessum fjöldatölum. Hann segir fróðlegt að sjá hvað komi út verkefni Hildar og Þorbjargar en fyrstu niðurstaðna er að vænta eftir áramót.

„Það er mjög tímabær vinna sem verið er að vinna þar,“ segir Björgvin. **sunna@frettabladid.is**




OPIÐ HÚS! laugard. 25. ágúst frá 13-15

DIPLÓMANÁM Í FORRITUN

Nám sem uppfyllir eftirspurn atvinnulífsins

**Um námskeiðið:**

Í náminu er leitast við að leggja traustan þekkingargrunn með stöðluðum námskeiðum frá Microsoft og byggja ofan á hann með bæði skriflegum og verklegum æfingum.

Að því loknu eiga nemendur að hafa góða þekkingu og yfirsýn yfir þær aðferðir sem helst eru notaðar í nútíma hugbúnaðargerð ásamt því að vera færir um að taka 2 alþjóðleg próf.

**Nánari upplýsingar er að finna á ntv.is**

- Lengd námskeiðs
  282 kennslustundir
- Helstu námsþættir
  Kynning á forritun (36)
  Viðmótshönnun (12)
  Gagnagrunnsfræði (36)
  Forritun með C# (66)
  Gluggaforritun (60)
  Gagnagrunnsforritun (36)
  Lokaverkefni (36)
- Næsta námskeið
  Kvöldnámskeið hefst 4. september

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : NTV.IS

ntv

GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR



NÚ STYTTIST Í FLUTNING!
20 - 50% AFSLÁTTUR



GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR

HEIMA HÚSIÐ

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 562 42 42 - www.heimahusid.is. Opið alla virka daga 10 -18.



# Wybierz sie z Nami do domu

**Bezposrednie cotygodniowe loty do Warszawy w atrakcyjnej cenie w sierpniu i wrzesniu.** Marta Nasz pracownik mowiacy po polsku i caly dzial obslugi klienta Iceland Express jest zawsze gotowy pomoc.



**Zapoznaj sie z nasza oferta**
**Nasz numer telefonu to 5500 600**

**Cena od:**

**24.700 kr.**

W jedna strone z oplatami lotniskowymi i podatkami

**Iceland Express**

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

FÍTON / SÍA


Þjófar eru stórtækastir á föstudögum og laugardögum segir ríkislögreglustjóri:

# Eignaspjöll oftast unnin um helgar

**LÖGREGLUMÁL** Skráð brot á hegningarlögum voru töluvert fleiri í júlí síðastliðnum en síðustu ár, að því er fram kemur í nýútkomnum Afbrotatíðindum ríkislögreglustjóra.

Þar kemur fram að í júlí hafi verið skráð 965 brot á hegningarlögum, en það eru tæplega 200 fleiri en í sama mánuði í fyrra og rúmlega 250 fleiri en í júlí 2010.

Þá kemur fram að fyrstu sjö mánuði ársins hafi þjófnaðarbrot og innbrot verið færri en tvö síðustu ár. „Fíkniefnabrot og brot vegna ölvunaraksturs voru hins vegar fleiri frá janúar til júlí þetta árið en síðustu tvö árin,“ segir í Afbrotatíðindum.

Vakin er á því athygli í Afbrotatíðindum ríkislögreglustjóra að árið 2011 hafi um fjörutíu prósent eignaspjalla átt sér stað um helgar, en stór hluti þeirra hafi verið framin að nóttu til. „Flestar tilkynningar til lögreglu um nytjastuld áttu sér hins vegar stað á föstudögum og laugardögum árið 2011, eða um þriðjungur þeirra, flest undir morgun (milli 6 og 12 á hádegi).“

Sömuleiðis kemur fram að 98 prósent skemmdarverka sem tilkynnt voru til lögreglu árið 2011 hafi verið minniháttar, en til slíkra mála teljast bæði rúðubrot og veggjakrot. **- óká**



**LÖGREGLA AÐ STÖRFUM** Fleiri hafa ekið fullir það sem af er ári en á sama tíma í fyrra og hittiðfyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## VIÐSKIPTI

### Nýtt snjallforrit frá Arion

Arion banki hefur sett í loftið nýtt snjallsímaforrit sem gerir viðskiptavinum bankans kleift að fylgjast með fjármálum sínum í símanum með einum smelli og án innskráningar. Forritið virkar í nýlegum Apple- og Android-símum.

### Soros kaupir í Man. Utd.

Hinn 82 ára gamli áhættufjárfestir, George Soros, hefur nú veðjað á Manchester United í fjárfestingum sínum, en hann hefur keypt tæplega tveggja prósenta hlut í félaginu fyrir ríflega 40 milljónir dala, eða sem nemur tæplega fimm milljörðum króna.



**ÚTFÖR Í SÝRLANDI** Átökin þar í landi hafa kostað meira en tuttugu þúsund manns lífið. NORDICPHOTOS/AFP

# Obama hótar nú hernaði í Sýrlandi

**Beiti Sýrlandsstjórn efnavopnum í stríði sínu gegn uppreisnarmönnum, þá fer hún yfir strikið að mati Bandaríkjaforseta. Rússar enn andvígir íhlutun.**

**SÝRLAND, AP** Barack Obama segir að það hefði „gríðarlegar afleiðingar“ ef Sýrlandsstjórn tæki til við að nota efnavopn gegn uppreisnarmönnum í landinu. „Það myndi breyta útreikningum mínum verulega,“ sagði Obama á mánudagskvöld.



**BARACK OBAMA**

Þetta er í fyrsta sinn sem Obama hótar hernaði gegn Sýrlandi. Hann tók þó fram að hann hefði ekki falið Bandaríkjaher að búa sig undir íhlutun, en sagði að þessi hótun gilti jafnt um uppreisnarmenn eða aðra sem tækju upp á því að beita efnavopnum: „Við höfum komið því skýrt á framfæri við alla aðila í þessum heimshluta, að þetta sé rauða strikið, og að það hefði gríðarlegar afleiðingar ef við færum að sjá einhverjar tilfæringar með efnavopn, eða beitingu efnavopna.“

Bandaríkin hafa ítrekað krafist þess að Bashar al Assad Sýrlandsforseti segi af sér. Þau hafa samt til þessa verið andvíg hernaðaríhlutun í Sýrlandi, að hluta vegna þess að slík íhlutun gæti orðið til þess að magna átökin og draga enn frekar úr líkunum á pólitískri lausn.

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna hefur ekki getað komið sér saman um afstöðu í málinu.

Rússar ítrekuðu síðan í gær andstöðu sína við alla erlenda íhlutun í málefni Sýrlands: „Það eina sem erlendir aðilar ættu að gera er að skapa aðstöðu til þess að viðræður hefjist,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands, daginn eftir að Bandaríkjastjórn viðraði í fyrsta sinn möguleikann á hernaðaríhlutun.

Sýrlandsstjórn viðurkenndi í fyrsta sinn í síðasta mánuði að hún hefði yfir efnavopnum að ráða, en sagði jafnframt að þeim yrði einungis beitt gegn erlendu innrásarliði, ekki gegn heimamönnum.

Sýrlensk stjórnvöld hafa hins vegar ítrekað sagt hryðjuverkamenn standa að baki uppreisninni í Sýrlandi. Óljóst er af orðum stjórnvalda hvort hún myndi grípa til vopna gegn bardagasveitum erlendra íslamista, sem taldar eru hafa blandað sér í einhverjum mæli í átökin.

Hörð átök geisa enn í Sýrlandi. Í gær féllu tugir manna, þar á meðal japönsk fréttakona sem var að fjalla um átökin í Aleppo, stærstu borg landsins.

Í nágrannalandinu Líbanon eru átök einnig tekin að brjótast út milli stuðningsmanna stjórnar Assads og andstæðinga hennar.

gudsteinn@frettabladid.is




## Uppruni í kanadísku og íslensku samhengi

Áttunda samstarfsráðstefna Manitoba-háskóla og Háskóla Íslands verður haldin í Aðalbyggingu Háskóla Íslands 23. og 24. ágúst nk. Þema hennar að þessu sinni er „Uppruni“ eða „Origins“ og fer hún fram á ensku. Fjöldi innlendra og erlendra fyrirlesara talar á ráðstefnunni og koma þeir úr ýmsum greinum fræða og vísinda. Meðal annars verður fjallað um:

- uppruna og upprunaleika í tengslum við vestur-íslenskar samtímabókmenntir
- norræna miðaldamenningu
- íslensku útrásina
- staðgöngumæðrun
- frumbyggja í Kanada
- bréfaskrif 19. aldar
- sjálfsmynd innflytjenda
- dreifingu skordýra á norðurslóð

Emöke J.E. Szathmáry, prófessor í mannfræði og fyrrum rektor Manitoba-háskóla, heldur opnunarfyrirlestur ráðstefnunnar „Origins and Identity: A Biocultural Issue“.

Ráðstefnan hefst kl. 9.30 fimmtudaginn 23. ágúst og er öllum opin.

## Origins in a Canadian and Icelandic context

The Eighth Partnership Conference of the University of Manitoba and the University of Iceland will be held in the University Main Building on August 23 and 24. The theme of the conference is "Origins" and it will be conducted in English.

The papers will cover a variety of topics, such as contemporary Icelandic-Canadian literature, Old Norse culture, the Icelandic economic collapse, surrogacy, indigenous peoples in Canada, 19th century letter-writing, the identity of immigrants and the distribution of insects in the North, to mention a few. Keynote speaker Emöke J.E. Szathmáry, President Emeritus and Professor, Department of Anthropology, University of Manitoba, will be discussing "Origins and Identity: A Biocultural Issue".

The conference is open to the public and will begin at 9.30 a.m. on Thursday.

UNIVERSITY OF MANITOBA

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA • SÍA • 122347

ÓDÝRA VEIÐIBÚÐIN AUGLÝSIR

# SUMARÚTSALA SPORTBÚÐARINNAR

KASTHJÓL
30-50%

VEIÐISETT
STÖNG, HJÓL OG GIRNI
40%
AFSLÁTTUR

VEIÐIJAKKAR
20-50%
AFSLÁTTUR

FLUGULÍNUR
20-40%
AFSLÁTTUR

VÖÐLUR
30%
AFSLÁTTUR

VEIÐIVESTI
FRÁ 1.995,-

KASTSTANGIR
30-50%

OKUMA FLUGUHJÓL MEÐ 4 SPÓLUM OG TÖSKU.
AÐEINS 9.995,-

STRANDVEIÐI-STANGIR OG HJÓL
40%
AFSLÁTTUR

15%
AFSLÁTTUR
Á FELULITAFATNAÐI Á MEÐAN ÚTSÖLU STENDUR

FLUGUR
20%
AFSLÁTTUR

SJÓKAYAKAR OG BÚNAÐUR
20%
AFSLÁTTUR

SPÚNAR
FRÁ 299,-

SPORTBÚÐIN

KRÓKHÁLSI 4 - 110 REYKJAVÍK - SÍMI 517 8050

Í leiðinni úr bænum

MÁN. TIL FÖS. - 9 TIL 18 /// LAU. - 10 TIL 16

EKKI MISSA AF SUMARÚTSÖLU SPORTBÚÐARINNAR SPORTBÚÐIN KRÓKHÁLSI 4

**FRÉTTAVIÐTAL:** Steingrímur J. Sigfússon

# Ástandið í Evrópu er helsta ógnin

**Steingrímur J. Sigfússon, ráðherra viðskipta- og efnahagsmála auk sjávarútvegs- og landbúnaðar, er væntanlegur heim í dag eftir stutt frí. Hann hefur lítið tekið þátt í opinberri umræðu þess vegna en Fréttablaðið innti hann eftir skoðunum hans á þeim hitamálum sem hafa risið að undanförnu.**

*Flokkssystkini þín hafa að undanförnu látið að því liggja að ástæða sé til að fresta umsókninni að ESB; hætta við eða láta þjóðina kjósa um áframhaldið. Hvað finnst þér?*

Ég hef fylgst með þessu úr fjarlægð og það sem mér sýnist vera nýtt er að menn eru að ræða opinskátt hvernig á að fara með málið. Ég held að enginn geti kvartað yfir því. Skiljanlega eru margir þeirrar skoðunar að rétt sé að fara yfir stöðuna því fréttirnar frá Evrópu eru ekki uppbyggjandi. Tölurnar sem þar eru að birtast eru mikið áhyggjuefni. Hugmyndirnar eru margvíslegar sem hafa verið reifaðar og það sem ég vil segja um það mál er að þetta er ekki mál sem verður leitt til lykta með tætingslegum yfirlýsingum í fjölmiðlum. Þetta er þó augljóslega mál sem þarf að skoða ofan í kjölinn, bæði innan flokka og milli stjórnarflokkana. Menn geta svo ekki horft fram hjá því, eins og venjulega, að þegar andstæðingar ríkisstjórnarinnar finna einhvers staðar blóðlykt þá eru þessi venjubundnu vitni leidd fram. Ég hélt að menn væru orðnir leiðir á því að láta nota sig til að reka ímyndaða fleyga í uppdiktaðar sprungur á milli stjórnarflokkana. Menn munu finna vandaðan málefnalegan farveg fyrir þetta mál og ég deili þeirri skoðun með félögum mínum að við verðum að geta rætt málið opinskátt.

*Það er flokksráðsfundur á dagskrá Vinstri grænna um helgina. Leggur þú til einhverja stefnubreytingu í málinu á þeim fundi?*

Nei, þessi fundur er fyrst og síðast hugsaður til að undirbúa kosningavetur og síður ætlaður til að afgreiða mikið af ályktunum. En auðvitað mun þetta bera á góma en ég sé ekki að mikill ágreiningur sé í okkar röðum um afgreiðslu þessa máls. Grunnstefna flokksins liggur fyrir; að við teljum það ekki þjóna okkar hagsmunum að ganga í Evrópusambandið. Það liggur fyrir eins og sá réttur okkar að tala fyrir þeim málstað okkar. Ég mun ekki verða í þeim hópi sem lætur óvinveitt öfl þessarar ríkisstjórnar toga sig sundur og saman í einhverjum yfirlýsingum. Við tökumst á við þetta mál með öðrum hætti.

*Telur þú mögulegt að ríkisstjórnin lifi það af að draga umsóknina til baka?*

Ég vil ekki ræða það á þessu stigi málsins. Ég er sannfærður að við finnum hagfellda leið og ríkisstjórnin geti lokið sínu verkefni og klárað kjörtímabilið. En við komumst ekki undan því að ræða hvernig með þetta mál verður farið og það hlýtur Samfylkingin að skilja.

*En þetta mál er orðið ríkisstjórninni mjög óþægilegt, eða er það ofmat?*

Já, ég held það nú. Þetta er auðvitað viðkvæmt mál, en svo lengi sem menn nálgast það á efnislegum forsendum, og ræða það með rökum en ekki á öðrum forsendum, þá óttast ég ekki að fara í umræður um málið. Þær aðstæður sem við stöndum frammi fyrir eru tvísýnar; þetta eru viðsjárverðir tímar í Evrópu. Það er ekkert skrítið að menn vilji, meðal annars, fara yfir málið þess vegna og hvernig viðræðurnar hafa gengið til þessa. Það hefur tafist að taka upp mikilvæga kafla sem við í Vinstri grænum teljum neikvætt. Sjávarútvegskaflinn fer þar fremstur, en ekki er við okkur að sakast þar. Það er ljóst að þar stendur á Evrópusambandinu, ekki okkur.

*Væntanlegur er fundur í byrjun september í makríldeilunni. Hvernig metur þú stöðuna fyrir fundinn?*

Það er stefnan, það er rétt. Undirbúningur stendur yfir og í millitíðinni hafa rannsóknir og mælingar farið fram og ánægjulegt að sjá að útkoman úr þeim staðfestir það sem við vissum; að makrílgöngur inn í okkar lögsögu eru áfram miklar og með mikla útbreiðslu. Ekki dregur heldur úr að gögn virðast staðfesta hrygningu makrílsins hér við land og að hann alist hér upp.

*Hvernig getum við farið með þær upplýsingar í samningaviðræðunum?*

Það er mjög mikilvægt að undirbyggja okkar málstað með rannsóknum og gögnum. Við munum tefla þessari vitneskju fram ásamt öðru sem styður okkar málstað, og þegar við tökum okkar afla ár eftir ár innan okkar lögsögu hljóta menn að sjá að sanngjörn krafa af okkar hálfu er betur og betur uppbyggð.

*En er það ekki áhætta að semja ekki og eiga það á hættu að göngumynstur makrílsins breytist í millitíðinni? Gætum við ekki setið uppi með lítið sem ekkert?*

Þetta er erfiður tími á meðan menn eru að bítast um hlutdeild. Það er alveg rétt að það er viss áhætta falin í þessu, og hún er á báða bóga. Hugsanlega breytast þessar göngur en gleymum ekki þeim möguleika að göngur makríls eigi eftir að aukast enn, hingað inn í okkar lögsögu. Þá verður inngrip hans í okkar lífríki ennþá stærra. Það hafa komið áhugaverðar hugmyndir frá Noregi um að síldin muni láta undan síga undan makrílnum. Við gætum þurft að búa okkur undir það að draga úr öðrum tegundum og því ennþá mikilvægara að við höfum sanngjarna hlutdeild í makrílnum. En það er engin trygging fyrir því að þessar göngur haldist svona. Það gætu komið einstök ár þar sem þetta yrði erfiðara og við gætum ekki gengið að veiði innan okkar lögsögu vísri. Að sjálfsögu eru samningar, og þá með sanngjörnum aðgangi að lögsögum, ákveðin trygging þess að hver og ein þjóð geti náð sínum hlut. Það er því mikilvægt að samningar takist, en þeir verða að vera ásættanlegir.

*Harpan hefur verið mikið til umfjöllunar. Þar kemur í ljós að allar áætlanir voru í besta falli ónákvæmar, og þær voru gerðar á þinni vakt að hluta. Er það tækt að allar forsendur og forvinna hafi verið svona ónákvæmar og þarf ekki einhver að axla ábyrgð á þessum vinnubrögðum?*

Stærsta frávikið virðist vera mun hærri fasteignagjöld til Reykjavíkurborgar, er það ekki helmingurinn af þessu? Menn vissu alltaf að það væri áhætta í því hversu hratt þær næðust upp; sérstaklega af öðru en menningarstarfseminni. Tafir á byggingu hótels hjálpar ekki til þar sem veðjað var á það varðandi ráðstefnuhald.

*Var undirbúningur málsins ekki klúður frá upphafi?*

Nei, ég tel ekki svo vera. Það var afar erfitt að meta þetta; aðstæður voru erfiðar. Spurningin var hvort hætta ætti við eða hvort halda ætti áfram. Ég er enn sannfærður um að það hafi verið rétt að halda áfram og húsið er stórkostlegt. Nýr heimur hefur opnast á sviði tónlistar og menningar. Það mun skila sér í gegnum ferðaþjónustu og fleira. Það verður hins vegar að treysta forsendur þessa rekstrar og ber að vinna úr þessu máli. Það er ekki ásættanlegt að húsið sé rekið með tapi og ábyrgðaraðilar málsins, ríki og borg, verða að sameinast um að gera þennan rekstur sjálfbæran á eins stuttum tíma og hægt er.

*Hvað finnst þér um að átta stjórnir hafi starfað á sama tíma?*

Það verður að viðurkennast að það dróst of lengi að hreinsa til í skipulaginu. Það hefði mátt verið búið að því fyrr, ég get alveg viðurkennt það. Ekkert af þessu er yfir gagnrýni hafið en menn verða að vera sanngjarnir og hafa hugfast við hvaða aðstæður þetta var unnið á sínum tíma. Menn tóku við þessu mun stærra en ef ríki og borg hefðu lagt af stað með málið. En þarna voru komnir tíu, ellefu milljarðar ofan í jörðina og það hefði verið skelfilegt að hætta við og skilja það eftir sem minnisvarða um hrunið. Það hefði ekki gert þjóðarsálinni gott, það fullyrði ég.

*Hvernig líst þér á veturinn?*

Eins og alltaf er þegar kosningavetur gengur í garð, þá verður þetta stutt þing. Starfið markast svolítið af spennu fyrir kosningar svo það verður kannski aðeins annar blær yfir þinginu. En það má alveg breytast. Ég sakna ekki andrúmsloftsins sem var á Alþingi í fyrra og árið á undan. Vonandi sýna þingmenn betri hliðarnar og láti minnast sín fyrir betri brag á þinginu en það sem að baki er. Ég fullyrði að sem þjóð miðar okkur vel áfram, en það eru tvísýnir tímar í alþjóðaefnahagsumhverfinu og við verðum að vona það besta. Það er stærsta óveðursskýið sem ég kem auga á. Að öðru leyti er okkur engin vorkunn að rífa okkur upp úr þessu.



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON** Þingstörf munu að líkum einkennast af því að kosningar eru í nánd, er mat Steingríms. Hann telur að ógnir við uppbygginguna eftir hrunið komi utan frá. RÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ég mun ekki verða í þeim hópi sem lætur óvinveitt öfl ríkisstjórnarinnar toga sig sundur og saman í einhverjum yfirlýsingum. Við tökumst á við þetta mál með öðrum hætti.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is



Alicante
Flugsæti, 29. ágúst
Verð frá 19.900 kr.
Innifalið: Flug til Alicante og flugvallarskattar.
Vikulegt flug út október 2012.
Kynntu þér ferðamöguleikana og skráðu þig í netklúbbinn á VITA.is
VITA er lífið
VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is
ÍSLENSKA/SIA.IS VIT 60576 08/12

# BAÐ INNRÉTTINGAR

Allt að **50%** afsláttur

**VERTU ÞINN EIGINN ARKITEKT**

*margir möguleikar á stærðum og útfærslum*



**Hnota** stærð: 121 x 48 sm



**Hvítt fulningar** stærð: 100 x 48 sm



**Hvítt háglans** stærð: 80 x 48 sm



**Hvítt fulningar** stærð: 160 x 48 sm



**Hlynur** stærð: 130 x 48 sm



**Kirsuberja fulningar** stærð: 80 x 48 sm

**www.i-t.is**

INNRÉTTINGAR & TÆKI

*- fyrir þitt heimili*

**Opið virka daga frá kl. 09-18**

Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fyrrverandi forstjóri FME ákærður fyrir lögbrot:

# Hvað varð um samsærið?

Ríkissaksóknari hefur gefið út ákæru á hendur Gunnari Þ. Andersen, fyrrverandi forstjóra Fjármálaeftirlitsins, fyrir brot á bankaleynd og brot í opinberu starfi. Gunnar er talinn hafa fengið starfsmann Landsbankans til að útvega sér gögn um fjármál Guðlaugs Þórs Þórðarsonar alþingismanns, sem síðan hafi verið komið til DV. Bankastarfsmaðurinn er líka ákærður.

Frá þessu sagði Fréttablaðið í gærmorgun. Það kemur svolítið á óvart að enginn hafi enn stigið fram á ritvöllinn og sakað ríkissaksóknara um þátttöku í ógurlegu samsæri gegn Gunnari Andersen. Nóg var nefnilega af slíkum samsæriskenningum í febrúar, þegar stjórn FME vék Gunnari úr starfi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Það er rétt að rifja aðeins upp hver voru rökin fyrir því að Gunnar gæti ekki lengur gegnt starfi forstjóra FME. Hann hafði tekið þátt í því sem starfsmaður Landsbankans árið 2001 að leyna fyrir Fjármálaeftirlitinu tilvist tveggja aflandsfélaga sem tengdust bankanum, en Gunnar sat í stjórn þeirra beggja. Tilgangurinn með rekstri félaganna var að hafa með leynd áhrif á efnahagsreikning bankans.

Það er refsivert að villa um fyrir Fjármálaeftirlitinu og maður, sem samkvæmt núgildandi lögum yrði uppvís að slíku, gæti ekki einu sinni orðið stjórnandi í fjármálafyrirtæki og enn síður forstjóri FME. Gunnar viðurkenndi að hafa ekki veitt upplýsingarnar, en taldi ekkert rangt við það. Við svo búið var auðvitað trúverðugleiki bæði forstjórans og stofnunarinnar í uppnámi, því að menn hlutu að spyrja hvernig hann myndi taka á sambærilegum málum.

Þetta lá allt fyrir þegar Gunnari Andersen var sagt upp störfum. Engu að síður settu málsmetandi einstaklingar á prent ævintýralegar samsæriskenningar um ástæðurnar. Bröttust var líklega „greining“ Sigurbjargar Sigurgeirsdóttur, lektors við Háskóla Íslands, og Roberts Wade, prófessors við London School of Economics. Þau skrifuðu grein á ensku í Le Monde Diplomatique, þar sem því var haldið fram að stjórn FME hefði verið í „herferð“ gegn Gunnari og sú „augljósa ástæða“ tilgreind að meira en hundrað fjármálamenn og stjórnmálamenn, sem hefðu orðið ævintýralega ríkir í uppsveiflunni en væru nú í rannsókn hjá sérstökum saksóknara, væru Gunnari og FME reiðir og vonuðust til að það myndi grafa undan málatilbúnaði saksóknarans að kasta rýrð á Gunnar. Í greininni gleymdist reyndar að útskýra af hverju stjórn FME, sem fram að því hafði sent tugi mála gegn fjármálamönnum til saksóknara, hefði átt að ganga erinda þeirra.

Þorvaldur Gylfason, prófessor við HÍ, átti líka ágætan sprett þegar hann birti á bloggi sínu bréf til Evu Joly, ráðgjafa sérstaks saksóknara, en þar sagðist hann viss um að yrði ákvörðun stjórnar FME leyft að standa, myndi hún grafa undan orðspori Íslands erlendis og jafnframt trausti heima fyrir af því að hún gæfi til kynna að „ríkisstjórnin, eða hluti hennar, sé enn í einni sæng með bankamönnunum“. Hann sagðist vona að efnahagsmálaráðherrann ræki stjórnina og endurréði Gunnar.

Af hverju nota þessir ágætu fræðimenn nú ekki allt vitið í kollinum á sér til að rökstyðja að ríkissaksóknari sé líka handbendi bankamannanna? Eða getur verið að þau hafi tekið skakkan pól í hæðina og að í raun hafi trúverðugleika FME verið bjargað í febrúar?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

NÁMSSTYRKIR

fyrir þá sem átt hafa við geðræn veikindi að stríða og eru í eflingu eða endurhæfingu.

Forvarna- og fræðslusjóðurinn ÞÚ GETUR! auglýsir eftir styrkþegum. Upplýsingar um gerð umsóknar eru á www.thugetur.is

Markmið ÞÚ GETUR! eru að efla geðheilsu með því að:

1) Styrkja þá til náms sem orðið hafa fyrir áföllum eða hafa átt við geðræn veikindi að stríða.

2) Hvetja til eflingar þjónustu við geðsjúka á sviði fræðslu og forvarna.

3) Draga úr fordómum gegn geðsjúkdómum með umræðu og fræðslu.

Fjármögnun sjóðsins hefur verið með framlögum íslenskra tónlistarmanna sem hafa af örlæti gefið vinnu sína á árlegum styrktartónleikum.

Þeim sem vilja styrkja starf ÞÚ GETUR er bent á reikningsnúmerið 0336-26-1300 og kennitöluna 621008-0990.

Þú getur!
Forvarna- og fræðslusjóður

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Mikilvægara nú en þá?

Smálánastarfsemi er aftur í brennidepli eftir yfirlýsingar Björns Vals Gíslasonar, þingflokksformanns Vinstri græns, sem sagði smálánin siðlaus og óásættanleg. Þau verði stöðvuð með lögum frá Alþingi í vetur. Gott og vel, en hví lögðu þingmenn ekki meiri áherslu á að klára þetta mikilvæga mál í öðru af tveimur tilfellum sem það kom til þeirra kasta undanfarin misseri?

### Fíklar og fjármálalæsi

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokks, blandar sér í málið og segir við RÚV að lagasetning feli ekki endilega í sér lausn. Frekar ætti að beina spjótum að eftirspurninni og efla fræðslu í fjármálalæsi. Það er hárrétt hjá Pétri og slíkt mætti bæta verulega í öllum lögum samfélagsins. Hins vegar bendir margt til þess að stór hluti lántakenda sé ungt fólk í neyslu eða annars konar óreglu og alls óvíst hvort þar sé frjór jarðvegur til fræðslu í fjármálalæsi. Þarf ekki eitthvað annað að koma til?



### Villigötur á Vopnafirði

Jóhannes Þ. Skúlason, aðstoðarmaður formanns Framsóknarflokksins, átti pínlegt frumhlaup í gær þar sem hann sendi út tilkynningu um yfirvofandi lokun hjúkrunarheimilis á Vopnafirði. Sagði hann stjórnvöld ætla að „flytja allt gamla fólkið frá Vopnafirði yfir á Seyðisfjörð“ og kallaði eftir opinberri umræðu svo þessari ákvörðun yrði snúið við. Áður en langt um leið barst Jóhannesi (og öllum viðtakendum fyrri póstsins) þó athugasemd frá fréttamanni RÚV á Austurlandi þar sem hann sagði Jóhannes á villigötum. Ekki stæði til að senda fólk milli bæja. Jóhannes svaraði um hæl og játaði á sig mjög slæm mistök og bað viðtakendur um að taka ekki mark á póstinum.



thorgils@frettabladid.is

HALLDÓR




# Hagsmunir Kína

Stjórnmál



Róbert T. Árnason
útversmaður

Kínverjar eru meðal elstu og sérstæðustu menningarþjóða heims og hafa átt einkennilegri feril en þær flestar. Það sem fjölmennasta ríki heims og veldið Kína gerir á næstu árum hefur geysimikla þýðingu. Ýmsar áleitnar spurningar heimsins velta á því hvað kínverskir ráðamenn gera innan landamæra alþýðulýðveldisins eins og sakir standa. Og hvað kínverskir ráðamenn kunna með tíð og tíma að gera utan landamæra Kína. Stóísk þolinmæði sem hjálpar kínverskum almúga til að þola ólýsanlegar raunir mun verða enn nauðsynlegri á næstu árum þegar kínverskir ráðamenn leggja inn á nýjar brautir erfiðleika og umskipta með eflingu fjandskapar við nágranna Kína í leit að meira valdi og yfirráðum.

Fræðimaðurinn Sjún Tzjé leggur ráðamönnum alþýðulýðveldisins Kína þessa einu meginreglu: Þekkið mótherjana í hundrað orrustum. Þekkið sjálfa ykkur í hundrað sigrum. Tilgátan hér er sú að það freisti æ meir úrræðalausra kínverskra ráðamanna að finna þörf til að kveikja stríðsbál og beina þannig hugum kínversks almúga frá óleysanlegum innanlandsvandamálum og að Kína muni ráðast gegn einu eða fleiri nágrannaríkjum. Allt umhverfis þetta víðáttumikla land munu athafnir Kína hafa mikil áhrif á alls konar þjóðir og fólk.

> Það skiptir ekki litlu máli fyrir framgang hagsmuna alþýðuveldisins Kína á Íslandi hvernig tekst til með val á íslensku smjöðrurunum…

Ísland kann að flækjast inn í slíkt stríðsbál en það bál annaðhvort eyðir herafla þeirra nágrannaríkja sem ráðist verður á eða stríðsbálið bindur enda á yfirráð kommúnista í Kína. Í báðum tilfellum verður meiri háttar styrjöld í Asíu. Þeir sem ráðnir eru sem smjaðrarar alþýðulýðveldisins Kína á Íslandi eiga væntanlega aldrei að hugsa um annað en hag þess og eiga aldrei að helga sig neinu öðru en hollustu við alþýðulýðveldið jafnvel þó að þeir hafi sem íslenskir námsmenn daðrað við alþjóðahyggju Maó á háskólaárunum í Peking. Það skiptir ekki litlu máli fyrir framgang hagsmuna alþýðulýðveldisins Kína á Íslandi hvernig tekst til með val á íslensku smjöðrurunum  því það er komið undir skarpskyggni kínverskra ráðamanna hve nýtir þeir verða alþýðulýðveldinu á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Króna eða evra?

Gjaldmiðlar



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**
þingkona Samfylkingarinnar

Hrunið 2008 var tvenns konar: hrun fjármálakerfisins og hrun krónunnar. Kreppan í kjölfarið var því af tvennum toga: fjármálakreppa og gjaldmiðilskreppa. Algjöru hruni krónunnar var forðað með gjaldeyrishöftum og lánum frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Þrátt fyrir bein áhrif krónunnar á lífskjör og skuldavanda heimila og fyrirtækja er í landinu hópur áhrifamikils fólks sem telur krónuna bjargvætt þjóðarinnar og lífsakkeri okkar um ókomin ár. Þeir sem nú lofsama krónuna kjósa að gleyma hlut hennar í ofþenslu áranna fyrir hrun. Flest bendir raunar til þess að krónan ýki sveiflur í efnahagslífinu fremur en að draga úr þeim.

**Nýr gjaldmiðill?**

Evran hefur frá stofnun verið helsti valkosturinn við krónuna, en til að geta tekið hana upp þarf fyrst að ganga í Evrópusambandið. Fyrir hrun gerðu flestir sér grein fyrir vandamálum krónunnar, en hún var eitt vinsælasta umræðuefni áranna 2007 til 2009. Fyrir efasemdarmenn um stjórn áranna fyrir hrun og undantekur þar ekki hlut Framsóknarflokksins. En hvers vegna tókst svona illa til? „Væntanlega vegur þyngst „íslenska hefðin“, þ.e. að ganga fram af krafti á öllum vígstöðvum á hverjum sem gengur og treysta á aðlögun í formi gengisbreytinga þegar í óefni er komið“ (bls. 20). Vandinn verður vart orðaður betur en þetta.

**Tveir valkostir**

Gjaldmiðilsnefnd Framsóknarflokksins komst að þeirri niðurstöðu að tveir valkostir væru fyrir Íslendinga: upptaka evru eða áframhaldandi króna. Þrátt fyrir að margt hafi breyst eru þetta enn valkostirnir. Um þetta eru flestir sammála. Gjaldmiðilsnefndin hefur þó ýmsa fyrirvara við krónuna, enda ljóst að „íslenska hefðin“ er leið óstöðugleika. Ef helsti kosturinn við krónuna er „sveigjanleiki“ (þ.e. gengisfellingar), þá verður verðtrygging sparifjár og lána skiljanleg viðbrögð. Vilji fólk viðhalda krónunni blasir við að vextir verði hér hærri en í nágrannalöndunum og líklega höft af einhverju tagi til framtíðar.

Því er stundum haldið fram að ekki skipti máli hvort við höfum krónu eða evru. Evran krefjist agaðrar hagstjórnar og séu menn færir um hana þá sé eins hægt að hafa hér krónu. „Enn er vert að ítreka að hvorug leiðin er í raun fær öðruvísi en að komið verði á

> Gjaldmiðilsnefnd Framsóknarflokksins komst að þeirri niðurstöðu að tveir valkostir væru fyrir Íslendinga: upptaka evru eða áframhaldandi króna. Þrátt fyrir að margt hafi breyst eru þetta enn valkostirnir.

ESB skipti því miklu að koma með valkost við evruna. Vinstri græn héldu mjög fram norsku krónunni og einstaka menn í Sjálfstæðisflokknum sáu ljósið í svissneska frankanum. Einhliða upptaka bandaríkjadollars, kanadadollars eða evru hefur átt sér sína fylgismenn. Sjálfstæðisflokkurinn vildi fyrir kosningarnar 2009 æstur taka upp evru á grundvelli EES-samningsins og í samvinnu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Öll þessi umræða ber vott um litla tiltrú á krónunni og á stundum örvæntingafullar tilraunir til að sleppa undan því að ræða um aðild að ESB sem mögulega lausn vandans.

Ágætt dæmi um umræðuna fyrir hrun er að Framsóknarflokkurinn setti upp sérstaka gjaldmiðilsnefnd sem skilaði áliti í september 2008. Skýrsla nefndarinnar er málefnaleg og ófrájarri þeirri þjóðrembu sem heltekið hefur Framsóknarflokkinn upp á síðkastið. Vandi krónunnar er orðaður með skýrum hætti: „Hagsaga Íslands, frá því tengslin við dönsku krónuna voru slitin og tekin var upp sjálfstæð íslensk króna, hefur einkennst af samspili gengisfellinga og verðbólgu“ (bls. 12). Krónan er lítill og óstöðugur gjaldmiðill og ekki bætir slæleg hagstjórn vandann. Nefndin var gagnrýnin á hagmeiri festu í almennri efnahagsstjórn“, sögðu framsóknarmenn 2008 (bls. 28). Þetta er rétt að vissu marki en smæð krónunnar skapar mikinn vanda í opnu hagkerfi. Trúverðugleiki stjórnvalda er einnig alvarlegt vandamál. Í ljósi sögunnar er rétt að spyrja: hversu líklegt er að festa náist í efnahagsstjórnun á meðan stjórnmálamenn telja kost krónunnar að falla hressilega með reglulegu millibili?

**Einn valkostur?**

Evran er í nokkrum ólgusjó og hafa andstæðingar ESB haldið því fram að það sanni fásinnu þess að halda áfram aðildarviðræðum. Reynsla okkar af krónunni er ekki svo glæsileg að skynsamlegt sé að útiloka upptöku evru og halda krónunni sem eina valkosti Íslendinga til framtíðar. Samningaviðræðurnar taka tíma og upptaka evrunnar er skilyrðum háð. Margt getur því breyst áður en endanleg ákvörðun er tekin, líkt og margt hefur breyst frá því að samningaviðræður hófust. Hagsmunir þjóðarinnar eru augljóslega þeir að halda báðum kostum opnum enn um sinn. Samningaviðræður skaða engan og skuldbinda engan, en þær gætu skapað möguleika til betri hagstjórnar og lífskjara til framtíðar.

# Byrjum upp á nýtt

Fjármál



**Guðmundur Franklín Jónsson**
formaður Hægri grænna, flokks fólksins

Ljóst er að stjórnvöld ætla ekki að taka á skuldavanda heimilanna og leiðrétta og afnema hugsanlega ólögmæta verðtryggingu á neyslu- og húsnæðislánum. Á málstofu Seðlabankans nýlega kom fram að 110% leiðin hefur eingöngu bjargað nokkur hundruð heimilum og því gjörsamlega mislukkast eins og allar aðrar leiðir stjórnvalda til þess að leysa skuldavanda heimilanna. Alvarlegum vanskilum heldur áfram að fjölga og um tuttugu og sjö þúsund einstaklingar eru í alvarlegum vanskilum og hafa aldrei verið fleiri. Fjöldi fasteigna sem seldar eru á nauðungarsölu hefur margfaldast á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Ekkert lát er á þessari þróun samkvæmt tölum Creditinfo og uppboðsmálum mun fjölga verulega og nauðungarsölum hvergi nærri að ljúka. Yfir 60 þúsund landsmanna eru í hættu á félagslegri einangrun og rúmlega helmingur íslenskra heimila á í erfiðleikum með að ná endum saman.

**Almenningur plataður**

Ólögmæti verðtryggingarinnar gæti fallið í dómsmáli eins og gengistryggingin. Líkurnar á því hafa aukist eftir að bann við sölu á afleiðum til einstaklinga var lögfest. Ef það gerist er ríkið gjaldþrota. Viljum við taka þá áhættu? Reyndar er það ekki bara spurningin um verðtryggingu sem gerir venjulegt íslenskt neytendalán svona fáránlegt. Sú aðferð sem byggt hefur verið á að leggja verðbólgu við höfuðstól og spólast upp ár frá ári sem vaxtavextir er svo fáránleg að sá sem kokkaði það upp ætti að vera á bak við lás og slá.

Það var oft talað um það áður, að verðbólgan hefði eyðilagt ákvarðanir í efnahagslífinu, gert rangar ákvarðanir að réttum fyrir þann sem í hlut átti þótt samfélagið tapaði. Verðtryggðu jafngreiðslulánin gegna nú svipuðu hlutverki. Fólk er afsiðað varðandi fjárhagslega ábyrgð, því það hefur reynt á eigin skinni að höfuðstóll lána hækkar og hækkar þótt það borgi lánin. Fólk getur verið fast í misgengi vegna launa sem héldu ekki í við verðlagsþróun og skildi aldrei útreikningsaðferðina á lánum sínum sem verður aldrei annað en endalaust rugl. Stjórnvöld hafa allt of lengi lokað augunum fyrir því að núverandi kerfi felur í sér óásættanlega áhættu fyrir almenning af atburðum sem hann hefur ekkert yfir að segja. Almenningur hefur verið plataður út í skuldafen sem hann ræður ekkert við.

**Langþráð fjármálaöryggi**

Við megum ekki gleyma því að fólkið í landinu horfir til okkar sem bjóðum okkur fram til stjórnmálastarfa – með von um betri framtíð. Okkar skylda er að rísa undir þeim væntingum. Stuðla að betri framtíð, betri lífskjörum og hugsa í lausnum. En ekki leggja stein í götu alls sem til framfara horfir. Efnahagslífið er einn vefur og starfsskilyrði atvinnulífs og lífskjör fólksins eru samofin. Hernaður stjórnvalda gegn heimilum og atvinnulífi landsins er hernaður gegn lífskjörum þjóðarinnar. Íslenskar fjölskyldur verða að fá það sem þeim ber með afnámi verðtryggingar á neytendalánum og er það skylda íslenskra stjórnmálamanna að koma þessum málum í örugga höfn ekki seinna en strax. Nýja stjórnmálahreyfingin Hægri grænir, flokkur fólksins er með skýra stefnu í þessum málum, sem og öðrum og vill fara í almenna skuldaleiðréttingu á verðtryggðum húsnæðislánum. Hægt er að lesa um hugmyndir okkar að kynslóðasátt á www.XG.is

## AF NETINU

### Afnemum bankaleynd

Gunnar Andersen, fyrrum forstjóri FME, er ákærður fyrir að ganga gegn bankaleynd og leka upplýsingum sem þó eru ekkert leyndarmál að sögn þess er varðar. Vel má vera að þetta sé lögbrot en HVÍ Í ÓSKÖPUNUM AFNEMUR ALÞINGI EKKI LÖG UM BANKALEYND? Öllum er ljóst að þau eru misnotuð til að hylja yfir fjármálagjörninga sem ekki þola dagsins ljós. Upplýsingaleynd þjónar ekki hagsmunum heildarinnar, hún er ígildi starfsleyfis þeim til handa sem einhverra hluta vegna þola ekki frjálsa og opna samkeppni. Gildir það bæði um peninga og fólk.

http://www.dv.is/blogg/lydur-arnason

**Lýður Árnason**



# TILBOÐ Í ÁGÚST

Hér sýnum við aðeins brot af þeim bílum sem við erum með á tilboði í ágúst. Endilega kynntu þér tilboðsbílana á www.bilaland.is



GERÐU FRÁBÆR KAUP!



ISUZU D-Max
Nýskr. 09/07, ekinn 116 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.890 þús. kr. Rnr. 150805
TILBOÐSVERÐ 2.390 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



HYUNDAI Santa Fe 4x4 dísil
Nýskr. 02/06, ekinn 117 þús.
Dísil, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.350 þús. kr. Rnr. 100126
TILBOÐSVERÐ 1.690 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



SAAB 9-3 Linear-t
Nýskr. 07/05, ekinn 117 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.480 þús. kr. Rnr. 150755
TILBOÐSVERÐ 990 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



NISSAN X-Trail Elegance
Nýskr. 10/06, ekinn 120 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 2.100 þús. kr. Rnr. 200489
TILBOÐSVERÐ 1.680 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



HYUNDAI Sonata
Nýskr. 09/06, ekinn 124 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.480 þús. kr. Rnr. 150490
TILBOÐSVERÐ 980 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



SUBARU Legacy Wagon
Nýskr. 06/06, ekinn 132 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.790 þús. kr. Rnr. 150873
TILBOÐSVERÐ 1.390 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



HYUNDAI Santa Fe 4x4
Nýskr. 08/06, ekinn 109 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 1.990 þús. kr. Rnr. 101902
TILBOÐSVERÐ 1.490 þús. kr.

GERÐU FRÁBÆR KAUP!



FORD Explorer Eddie Bauer 4x4
Nýskr. 06/07, ekinn 75 þús.
Bensín, sjálfskiptur.
Verð áður: 3.690 þús. kr. Rnr. 130229
TILBOÐSVERÐ 2.890 þús. kr.

VIÐ ERUM Á TVEIMUR STÖÐUM:
KLETTHÁLSI 11 og BREIÐHÖFÐA (Bílakjarninn)

bílaland
525 8000 - www.bilaland.is

ENNEMM / SÍA / NM53817


# Þjóðaratkvæðagreiðsla um stjórnarskrá – mikilvægustu spurningarnar vantar!

Ný stjórnarskrá



Guðjón Sigurbjartsson
viðskiptafræðingur

Samkvæmt ályktun Alþingis um þjóðaratkvæðagreiðslu varðandi tillögur stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá á að leggja fyrir þjóðina sex spurningar um efni tillaganna. En svo furðulegt sem það nú er þá snýst engin spurninganna um kjarna nýju stjórnarskrárinnar sem er stjórnskipunin og staða forsetans! Þá stóru spurningu virðist ekki eiga að ræða né kanna hug þjóðarinnar til hennar.

Ástæða þess að yfirleitt var farið af stað með endurskoðun stjórnarskrárinnar eftir hrun var að margir töldu að stjórnskipun ríkisins hefði brugðist í aðdraganda hrunsins og að Alþingi hefði reynst getulaust varðandi þá endurskoðun skrárinnar sem staðið hefur til að Alþingi geri allt frá stofnárinu 1944. Núverandi stjórnarskrá er enda ónákvæm og misvísandi varðandi stjórnskipunina.

Þar sem stjórnskipunin og geta stjórnkerfis ríkisins til að stjórna landinu vel er mikilvægasta málefni stjórnarskrárinnar og endurskoðunar hennar hlýtur það einnig að vera mikilvægasta innhald „samræðu" Alþingis við þjóðina og meðal hennar, þegar kemur að atkvæðagreiðslunni og aðdraganda hennar.

Ekki er ljóst hvort þjóðin vill breytingar á stjórnkerfinu, það er á þrískiptingu ríkisvaldsins og hlutverki forsetans. Vill þjóðin hafa hér áfram þingbundna ríkisstjórn með valdalitlum forseta eða vill hún breyta til? Vitað er að það er talsverður áhugi á að gera forsetann valdameiri og það er jafnvel skoðun margra að forsetaræði henti okkur betur en þingræði.

Við forsetaræði að hætti BNA velur þjóðkjörinn forseti meðráðherra og leiðir framkvæmdavaldið. Ráðherrarnir eru gjarnan valinkunnir leiðtogar hver á sínu fagsviði. Forsetaræði er reyndar algengara stjórnarfar en þingræði eins og hægt er að kynna sér á Wikipedia. Orðið forsetaræði minnir í fyrstu á orðið einræði en í raun er þetta stjórnarfar lengra komið frá konungbundna einræðinu sem var algengt áður fyrr. Þingræðið miðaði í upphafi við að til staðar var kóngur sem varð smám saman valdalaus.

Við forsetaræði er betri aðskilnaður milli framkvæmdavalds, löggjafarvalds og dómsvalds. Þingið sinnir ekki framkvæmdastjórn heldur setur lögin og er mótvægi við forsetann.

Við þingræði myndar meirihluti þingmanna ríkisstjórn úr sínum hópi. Í þessu felst að varla koma aðrir til greina í ríkisstjórn en þingmenn. Faglegir stjórnendur koma vart til greina jafnvel þó þeir séu í mörgum tilvikum mun hæfari til að gegna leiðtogastörfum á borð við það sem fjármálaráðherrar og heilbrigðisráðherrar gegna en stjórnmálamenn, vegna reynslu sinnar og menntunar. Annar slæmur vankantur á þingræðinu er að formenn flokka verða sjálfkrafa leiðtogar ríkisstjórna, hafa einnig mest áhrif í þinginu. Meirihluti þingsins setur sig varla í andstöðu við sína ríkisstjórn. Afleiðingin er skortur á vel ígrunduðri og sanngjarnri gagnrýni, þöggun og meðvirkni. Betra er að þing og ríkisstjórn takist óhikað á um álitamálin.

Gagnrýnendur forsetaræðis halda því fram að stöðug átök séu milli framkvæmdavalds og löggjafarvalds. En einmitt slík átök kunna að vera mjög mikilvæg um álitamálin til að þau séu rædd og skilgreind áður en ákvarðanir eru teknar. Meðvirkni er óheppilegt stjórnarfar. Átökin milli þings og ríkisstjórnar þurfa að vera hæfilega mikil og sanngjörn.

BNA, Frakkland og fleiri lönd sem búa við forsetaræði eru meðal fremstu landa á heimsvísu og það er ekki tilviljun. Minni lönd þurfa ef til vill ekki á snörpu stjórnarfari að halda því þau geta haldið í humátt á eftir forysturíkjunum en samt er gott stjórnarfar að sjálfsögðu mjög mikilvægt öllum framsæknum ríkjum.

> Tillögur stjórnlagaráðs eru um margt góðar en það hefðu þurft að koma markvissari tillögur um breytingar á stjórnskipuninni.

Tillögur stjórnlagaráðs eru um margt mjög góðar en það hefðu þurft að koma markvissari tillögur um breytingar á stjórnskipuninni. Alþingi getur þokað málum áfram með því að bæta við spurningum til þjóðarinnar um stjórnskipunina og spyrja í þessa veru: Á að byggja hér á forsetaræði eða þingræði? Ef hér verður áfram þingræði hver á þá staða forsetans og forsætisráðherrans að vera? Á að sameina þessi embætti? Umræðu um þessar spurningar og fleiri af þessum meiði er þörf og hún yrði vonandi frjó í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar.

Beint lýðræði á helst við í stóru málunum. Það á að spyrja þjóðina um það sem mestu skiptir fyrir hana en það verður að vanda vel undirbúninginn og fræða þjóðina vel um kostina sem í boði eru áður en til atkvæðagreiðslunnar kemur.

# Hugmyndin um að gelda Alþingi er vond

Stjórnmál



Ólafur Hauksson
almannatengill

Tillaga stjórnlagaráðs um fyrirkomulag alþingiskosninga er vægast sagt vond. Reyndar sker hún sig úr, því flestallt annað í frumvarpi stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá er sallafínt.

Ef kosið verður til Alþingis að hætti stjórnlagaráðs, þá verður varla til starfhæfur stjórnmálaflokkur, smölun „villikatta“ verður óviðráðanleg og sérhagsmunahópar munu ráða ríkjum. Sumir kynnu að segja að svona sé það nú þegar, en sá hinn sami á þá eftir að verða feginn núverandi ástandi.

Stjórnlagaráð leggur upp með mjög flókið ferli í þingkosningum. „Samtök frambjóðenda“ (ekki stjórnmálaflokkar) bjóði sig fram. Hægt verði að bjóða fram landslista og kjördæmislista. Ýmist geti kjósandinn valið einn lista, eða krossað við ákveðna frambjóðendur af hvaða lista sem honum sýnist. „Samtök frambjóðenda“ mega ekki lengur raða upp framboðslistum, heldur verður sá frambjóðandi þingmaður sem fær flesta krossa.

Hugmynd stjórnlagaráðs er að alþingiskosningar verði miklu fremur persónukjör en flokkakjör. Þannig megi laða meira af hæfu fólki í framboð, sem þá þarf ekki að vinna sér stuðning innan stjórnmálaflokks.

Þarna yfirsést stjórnlagaráði mikilvægi stjórnmálaflokka. Þeir móta stefnu fyrir kjörtímabilið, hljóta atkvæði út á fyrirheit sín og út á fyrri reynslu. Kjósandinn getur refsað flokknum í næstu kosningum ef þurfa þykir. Flokkurinn reynir því eftir bestu getu að standa við sitt. Ruglingslegt persónukjör rústar þessu og gerir ekkert annað en gelda Alþingi. Útkoman verður anarkí að kalifornískum hætti. Á endanum situr þjóðin uppi með 63 „villiketti“ sem hafa litlar sem engar skyldur við stefnu „samtaka frambjóðenda“ og hafa ekki hugmynd um hverra fulltrúar þeir eru. Kjósendur hafa heldur engar skyldur um aðhald við þingmenn, hvað þá flokka, því þeir vita varla hverja þeir studdu.

Í slíkum kosningum mun frægðarfólk eiga mestu möguleika á að ná kjöri, líkt og reyndin var með kosningarnar til stjórnlagaþings. Frægðarfólk er ekki endilega það sama og hæfir einstaklingar. Færra er um frægðarfólk í landsbyggðinni en suðvesturhorninu og því viðbúið að hinir persónukjörnu þingmenn verði flestallir þaðan.

Ekki bætir úr skák að stjórnlagaráð vill að 2% kjósenda geti lagt fram þingmál á Alþingi og 10% geti lagt fram frumvarp til laga á Alþingi. Þetta þýðir að um 4.600 manns geta tekið sig saman um þingmálin – sem er létt verk og löðurmannlegt á tímum samfélagsmiðlanna. Til hvers er þjóðin að velja fulltrúa á Alþingi til að stjórna landinu, ef nokkur þúsund manns geta stöðugt tekið fram fyrir hendurnar á þeim? Hvar liggur þá endanleg ábyrgð þingsins?

> Til hvers er þjóðin að velja fulltrúa á Alþingi til að stjórna landinu, ef nokkur þúsund manns geta stöðugt tekið fram fyrir hendurnar á þeim?

Þessar hugmyndir stjórnlagaráðs eru ávísun á stjórnleysi og ábyrgðarleysi. Þær vinna þannig gegn lýðræðinu og eru í andstöðu við grundvallarsjónarmið stjórnlagaráðs um aukna ábyrgð kjósenda og aukna sátt í þjóðfélaginu.

# Komdu í Kauptún og veldu þér betri notaðan bíl




**Toyota Land Cruiser 200**
4500 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 01.08 Ekinn 96.000 km
Verð: 9.590.000 Raðnr.: 998549




**Toyota Land Cruiser 150 GX**
3000 Dísil, sjálfsk.
Á götuna: 09.11 Ekinn: 20.000 km
Verð: 9.450.000 Raðnr.: 998630




**Toyota Land Cruiser 120 VX**
3000 Dísil, 6 gíra
Á götuna: 03.08 Ekinn: 106.000 km
Verð: 5.250.000 kr. Raðnr.: 998662




**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.11 Ekinn 25.000 km
Verð: 5.050.000 Raðnr.: 998632




**Toyota RAV4 GX**
2000 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 05.07 Ekinn: 92.000 km
Verð: 2.320.000 Raðnr.: 998501




**Toyota Avensis S/D Sol**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06.09 Ekinn: 54.000 km
Verð: 2.750.000 kr. Raðnr.: 998562




**Toyota Avensis Sol**
1800 Bensín, 6 gíra
Á götuna: 06.10 Ekinn: 45.000 km
Verð: 3.450.000 kr. Raðnr.: 997591




**Toyota Avensis W/G Sol**
1800 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 06/10 Ekinn: 42.000 km
Verð: 3.850.000 kr. Raðnr. 998269




**Toyota Land Cruiser 100 VX**
4700 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 12.04 Ekinn 121.000 km
Verð: 3.880.000 Raðnr.: 998482




**Toyota Avensis S/D Sol**
1800 Bensín, 5 Gíra
Á götuna: 06.05 Ekinn: 96.000 km
Verð: 1.650.000 Raðnr.: 998657




**Toyota Verso Terra**
1600 Bensín, 6 Gíra
Á götuna: 06.10 Ekinn: 46.000 km
Verð: 3.020.000 kr. Raðnr.: 998492




**Toyota Corolla S/D Luxury**
1600 Bensín, 5 Gíra MM
Á götuna: 06.09 Ekinn 55.000 km
Verð: 2.790.000 Raðnr.: 998495




**Toyota Auris Sol**
1600 Bensín, 5 Gíra
Á götuna: 06.09 Ekinn: 49.000 km
Verð: 2.450.000 Raðnr.: 998513




**Toyota Auris Sol**
1400 Dísel 6 gíra MM
Á götuna: 06.11 Ekinn: 26.000 km
Verð: 3.550.000 kr. Raðnr.: 998645




**Toyota Corolla Sol**
1400 Dísel 5 Gíra MM
Á götuna: 06.09 Ekinn: 55.000 km
Verð: 2.550.000 kr. Raðnr.: 998430




**Toyota Prius Hybrid**
1500 Bensín, sjálfsk.
Á götuna: 08/07 Ekinn: 98.000 km
Verð: 2.250.000 kr. Raðnr.: 110790

1 ár – Lágmarks-ábyrgðartími
% – Lánshlutfall
5,2 lítrar – Eldsneytiseyðsla í blönduðum akstri
$CO_2$ 120g – Útblástur $CO_2$ gr.
P – Umhverfisvænn bíll Frítt í stæði í Rvk.

**Nú er Hraðþjónusta Toyota einnig opin á laugardögum frá kl. 10.00 - 16.00**

*Farðu á www.toyotakauptuni.is og fáðu nánari upplýsingar um bílana með því að skrá raðnúmer í leit.

ergo
Reiknaðu með okkur

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Sími: 570-5070
Opið mán-fös kl. 07.45-18.00 - lau kl. 10.00 - 16.00
info@toyota.is

**Betri notaðir bílar** TOYOTA

# Hjartalaus spilling – Hvar eru dætur Hjördísar Svan?

Barnavernd

Jónína Óskarsdóttir

bókavörður og menningarmiðlari



Hér þykir það faglegt og góður siður að skilja hjartað eftir í fatahenginu og nálgast öll viðfangsefni eins og sálarlaus manneskja“. Þessi fleygu orð las ég í viðtali um daginn. Ég geri þau að mínum þegar ég skrifa um litlu systurnar þrjár sem töldu sig eiga heimili, þar til Barnaverndarnefnd – á sinn faglega hátt – ákvað annað.

### Í stuttu máli

Þegar sólin var hæst á lofti réðust lögregla og Barnaverndarnefnd inn í hús og rifu þrjár litlar systur úr fangi móður sinnar og fjölskyldu. Nei, lesandi góður þetta var ekki lögregla Assads í Sýrlandi eða talibanar í Afganistan. Þetta var bara í Kópavoginum – á friðartímum á Íslandi.

Systurnar voru hafðar í vörslu á vegum Barnaverndarnefndar í tvo sólarhringa án þess að fá að hitta móður sína – vegna þess að það kom þeim í uppnám að tala við hana í síma. Réttindi þeirra systra voru þar með flutt aftur til sjötta áratugarins. Faðir þeirra sem er meintur ofbeldismaður kom um síðir og fór með börnin í lögreglufylgd til Danmerkur án þess að þær fengju að kveðja móður eða fjölskyldu. Þar hefur hann haldið börnunum á leyndum stað þannig að þær hafa ekki getað hitt mömmu sína og hún hefur ekki símanúmer mannsins. Síðan hafa systurnar fengið að tala við móður sína í örfá skipti – þegar faðirinn leyfir.

Móðirin, Hjördís Svan Aðalheiðardóttir, hafði flúið með börnin til Íslands fyrir tveimur árum til að vernda þær gegn því að þurfa að búa að hluta til hjá ofbeldisfullum föður sem m.a. hafði verið sett á nálgunarbann og hafði beitt móðurina og eldri börnin ofbeldi.

### Faglegt og siðlaust?

Það sem hefur vakið mér hvað mesta undrun og sorg í þessu máli er að hér er eins og hagsmunir barnanna séu fótum troðnir. Börnin virðast hafa óskað þess að fá að vera á Íslandi með fjölskyldu sinni hér. Hvers vegna ekki alveg eins með pabba sínum? Það er líklega þannig að væntumþykja og öryggi er ekki eitthvað sem hægt er að setja í lög eða leysa á hjartalausum skrifstofum kerfiskarla og -kerlinga. Umhyggja og traust barna er byggt upp á löngum tíma og hefur ekkert með eignarétt að gera. Góð tengsl ku líka erfitt að mynda með ofbeldi. Þess vegna geta tilfinningar barna ekki verið skiptimynt í milliríkjasamningum eða einhvers konar barnaframsali eins og hér fór fram.

> Innanríkisráðuneytið verður að fylgja þessu máli eftir í Danmörku því ekki virðist mikils að vænta af Barnaverndarstofu eins og málum þar er háttað. Hvar eru börnin niðurkomin? Ég vil fá að fylgjast með þessu máli og kalla eftir umfjöllun um málið í ríkisfjölmiðlum.

Hver er grundvallarréttur þessara barna? Hann hlýtur að vera sá, að fá að vera hjá sínum nánustu sem í þessu tilfelli er móðirin – vegna þess að hún hefur verið heimavinnandi og hugsað um þær frá því þær voru ungabörn og ekki er annað að sjá og heyra en að hún sé í góðu lagi og þeim líði vel í hennar umsjá. Það hefur ekkert með mæðrahyggju að gera, eins og grunnhygginn lögfræðingur hélt fram, heldur tengsl.

### Enginn ábyrgur?

Ögmundur Jónasson sem lengi vel vann að þessu máli sagðist hafa lagt fram tillögu að lagabreytingu á Alþingi í vor sem átti að auka réttindi barna í málum sem þessum. Tillögunni var hafnað. Hvers vegna veit ég ekki en fróðlegt væri að fá umfjöllun um það í fjölmiðlum í tengslum við þetta mál.

Barnaverndarstofa firrir sig ábyrgð og virðist ekki hafa fylgt máli systranna eftir frá því þær voru sendar nauðugar úr landi. Þar á bæ er talað um mál barnanna eins og um sé að ræða eignaskiptasamninga eða eitthvað í þeim dúr og klykkt út með Haagsamningi; milliríkjaskiptum á börnum og skráðu lögheimili. Forstjóri Barnaverndarstofu hefur setið yfir þessum viðkvæma og vandmeðfarna málaflokki lengur en hollt getur talist. Getur það ekki verið varasamt þegar sami yfirmaður er svo lengi ráðandi og skapað hættu á meðvirkni sem getur haft skaðleg áhrif og mögulega komið í veg fyrir að mál fái eðlilega afgreiðslu?

Velferðarráðuneyti er nafnið tómt í þessu máli og innanríkisráðuneytið ber væntanlega ábyrgð á hlut lögreglunnar í málinu.

Margir virðast feimnir að blanda sér í fjölskyldumál og ekki þekki ég þessar litlu stelpur en sem landi þeirra sætti ég mig ekki við þetta opinbera ofbeldi gagnvart börnum. Umboðsmaður barna hefur þetta að segja um svona aðfarir:

„Í inntaki Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem íslenska ríkið hefur fullgilt kemur fram að samkvæmt 3. gr. eiga allar ákvarðanir eða ráðstafanir yfirvalda er varða börn að vera byggðar á því sem er börnum fyrir bestu. Mikilvægt er að allur vafi sé metinn viðkomandi barni/börnum í hag. Samkvæmt 12. gr. eiga börn rétt á að láta í ljós skoðanir sínar í öllum málum er varða þau og að tekið sé réttmætt tillit til skoðana þeirra í samræmi við aldur þeirra og þroska. Börnum skal veitt tækifæri til að tjá sig um eigin málefni við málsmeðferð fyrir dómi eða stjórnvaldi.“

Benti umboðsmaður barna á að hann hefur haft verulegar áhyggjur af aðfarargerðum og áhrifum þeirra á börn.

Eftir orðanna hljóðan og almennum skilningi ætti hlutverk barnaverndar að vera að vernda sálarheill barna en ekki brjóta. Við Íslendingar fyllumst oft réttmætri hneykslun og reiði vegna ofbeldis og kúgunar sem við verðum vitni að erlendis. Á meðan virðumst við eiga auðvelt með að loka augunum þegar lítil börn eru fjarlægð nötrandi af hræðslu frá heimili sínu – fyrir augunum á okkur. Börnin hefði átt að kyrrsetja meðan unnið væri af kappi í málinu. Þarna er verið að vísa nokkurs konar flóttamönnum úr landi sem eru þrátt fyrir allt íslenskir ríkisborgarar sem hafa leitað skjóls hér undan ofbeldi. „Stóra vandamálið“ er að lögheimili þeirra er ekki á Íslandi – eins og algengt er með flóttamenn, þeir eiga lögheimili á stað sem þeir hafa flúið frá. Hefði ekki verið eðlilegast að Barnaverndarstofa léti börnin njóta vafans og vera á heimili sínu hér á landi meðan málin hefðu verið könnuð í Danmörku?

Innanríkisráðuneytið verður að fylgja þessu máli eftir í Danmörku því ekki virðist mikils að vænta af Barnaverndarstofu eins og málum þar er háttað.

Hvar eru börnin niðurkomin? Ég vil fá að fylgjast með þessu máli og kalla eftir umfjöllun um málið í ríkisfjölmiðlum.




# Sjálfbærni á Seyðisfirði?

Ferðaþjónusta

Sigurjón Benediktsson

tannlæknir



Er ég held áfram mínum pólitiska flótta frá Íslandi, landi auðs og græðgi, liggur leið mín til Seyðisfjarðar. Þar mun ég stíga um borð í ferjuna sem lítur út eins og gámur með stefni og stromp. Sælt er koma á Seyðisfjörð. Eins og vanalega er þar 22 stiga hiti og glampandi sólskin. Er snemma á ferðinni. Klukkan rétt sex um morgun.

### Sjálfbærni i ferðamennsku?

Ég er með þeim fyrstu á staðinn. Brátt ber að mörg ökutæki, margan manninn. Það vekur athygli að langflest ökutækin sjö hundruð (flest jeppar, rútur og trukkar) eru yfirhlaðin af koppum og kirnum. Ef ökutækið er ekki því stærra fylgir því kálfur og/eða toppur svo meira dót komist fyrir. Í fyrstu fagnar mitt flóttahjarta því að erlendir gestir okkar versli svo mikið í mínu gamla föðurlandi. En gleði mín verður að gráti þegar hinir erlendu gestir byrja að fá sér morgunmat á stéttinni og bókstaflega allt er af erlendum uppruna. Greinilega verslað fyrir ferðina, heima, in toto.

Ekki er það allt, því ég heyri á samræðum ferðalanganna, að þeir hafi náð þeim mikla áfanga að kaupa aldrei eldsneyti á viku eða hálfsmánaðar ferð sinni um landið. Lítill var sá sparnaður þó í augum þeirra sem voru auk þess með heimasmíðaðar kojur í bílum sínum og höfðu því „sparað“ sér gistingu allan túrinn. Aldrei kaupa gistingu, ekki eina nótt, var takmark ferðarinnar. Vart þarf að minnast á hamingju þessara ferðalanga að eiga enn mat að heiman í ferðalok. Líklega verður veisla þegar heim er komið úr hálfúldnum afgöngum úr Íslandsferðinni.

Þeir göntuðust með það hvernig hægt væri að tjalda og stoppa húsbíla og hvað annað sem sofið var í, hvarvetna, án þess að greiða eina einustu evru fyrir. Hlógu þeir stórum að bjánunum sem þetta fallega land byggju.

### Smáustu stjórnmálamenn álfunnar!

Á sama tíma blaðra stjórnmálamenn íslenskir um uppgang ferðaþjónustunnar og hversu mikið sé nú þeim sjálfum að þakka að ferðalangar flykkjast til landsins. Evrumerki eru í annars syfjulegum augum þeirra. Skattheimta er lausnarorð stjórnmálamannanna. Manna, sem ekkert vita, hafa aldrei komið nálægt rekstri af einu eða neinu tagi. Vita ekki hvernig ferðamennska gengur fyrir sig, enda alltaf á opinberu framfæri á ferðum sínum. Skattmann er auðvitað kominn á kreik. Nú skal ná einhverjum aurum til að úthluta síðan og skammta. Gistnáttagjald, virðisauki á gistingu, farþegaskattur, sérstakar gjadleyrishömlur í ferðaþjónustu, já erfiðast er embættismönnunum að finna nöfn á nýja skattheimtu eða næstu hömlum í ferðaþjónustunni.

Það er einmitt galdur við vaxandi ferðamennsku og þokkalega stjórnsýslu að hafa góða og trausta ferðaþjónustu sem bakgrunn. Hingað er nú mokað fólki á ódýrum fargjöldum sem hefur ekki hugsað sér að skilja eftir eina einustu krónu í landinu. Hefur ekkert fram að færa, skilur aðeins eftir sig sorp og skít. Og öllum er sama.

### Hvernig ferðamönnum getur Ísland tekið á móti?

Ísland á að taka á móti vel upplýstu fólki sem skilur og stundar „ecotúrisma“ sem byggir á því að nýta og njóta þess sem landið býður upp á, sem verið er að heimsækja. Hvort sem fólk er vel efnað eða ekki, skiptir ekki máli, ef þessi markmið eru í heiðri höfð. Massatúrismi af verstu tegund sem hér er alið á, kemur okkur í koll. Skilur eftir sig sviðna jörð. Skömm mun þá verða gleði skattmanns þegar ekkert verður að skattleggja. Alvöru ferðalangar forðast staði sem verða skynditúrisma að bráð.

### Eru þetta fordómar?

Nei, þetta eru staðreyndir. Bestu ferðamenn Íslands í dag eru þeir sem komu hingað sem puttaferðalangar fyrir löngu. Ekki slíta þeir vegunum eða bera með sér mat að heiman. Ræktum þann garð. Og löðum að okkur alvöru ferðalanga sem vita hvað ecotúrismi stendur fyrir. Og eru til í að greiða sanngjarnt verð fyrir eðlilega þjónustu.

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**ÓDÝR HÓTEL**

**Í Zaragosa á Spáni eru ódýrustu hótelherbergi í Evrópu eftir því sem netmiðill norska Aftenposten hefur kannað. Zaragosa er mitt á milli Barcelona og Madrid og hefur um 700 þúsund íbúa. Gott hótelherbergi þar kostar innan við 8.000 krónur.**



**FERÐALANGUR** Bragi ferðaðist um landið og heimsótti alla almenningsgarðana í rannsóknarvinnu sinni fyrir ritgerðina. MYND/HAFSTEINN

# FÍNIR LEYNIGARÐAR

**ALMENNINGSGARÐAR** *Bragi Bergsson sagnfræðingur lauk nýverið við meistararitgerð sína í sagnfræði um sögu almenningsgarða á Íslandi.*

Almenningsgarðar á Íslandi eru rúmlega fimmtíu talsins og margir hverjir hálfgerðir leynigarðar í lítilli notkun. Bragi Bergsson sagnfræðingur rannsakaði sögu þessara garða í meistararitgerð sinni sem hann lauk nýlega. Þar er tekin fyrir saga 35 garða í tímaröð.

„Elsti garðurinn er Austurvöllur í Reykjavík, en sögunni lýkur á einum þeim yngsta, Lýðveldisgarðinum við Hverfisgötu í Reykjavík,“ segir Bragi en hann ferðaðist um landið og heimsótti alla garða og skjalasöfn. „Ég fékk að róta í söfnum landsins til að sanka að mér frumheimildum því engar rannsóknir höfðu áður verið gerðar á viðfangsefninu.“

Að lokum varð til ritgerð í lengri kantinum. Hugmyndina fékk Bragi í BS-námi sínu í umhverfisskipulagi við Landbúnaðarháskólann. „Þar uppgötvaði ég að þessi hluti Íslandssögunnar hafði lítið verið rannsakaður og þegar ég útskrifaðist árið 2007 byrjaði ég strax að safna heimildum og skráði mig í kjölfarið í meistaranám í sagnfræði.“

Uppáhaldsgarðinn sinn segir Bragi vera Alþingisgarðinn. „Hann er friðsæll blettur í miðri hringiðu borgarinnar.“ Bragi segir einnig Skrúðgarðinn á Húsavík og Kvenfélagsgarðinn á Neskaupsstað hafa komið skemmtilega á óvart. „Eins eru margir leyndir garðar á höfuðborgarsvæðinu. Því miður eru þó margir íslenskir almenningsgarðar illa hirtir. Þetta eru mikil verðmæti og sveitarfélög ættu að hvetja íbúa sína til þess að nota þá. Með smá hugmyndaauðgi og litlum tilkostnaði væri hægt að nýta þá miklu betur, svo sem með hátíðahöldum, hverfamörkuðum og uppákomum.“ Bragi vonast til að geta gefið sögu íslenskra almenningsgarða út á bók í framtíðinni en það er enn á hugmyndastigi.

■ halla@365.is



**BRINGA** Almenningsgarður við Snorrabraut í Reykjavík. MYND/BRAGI




Útsala
40-70% afsláttur
Selena
Bláu húsin v/Faxafen
Sími 553 7355 • www.selena.is



Hugsaðu vel um fæturna
Í hálfa öld hafa miljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: „ Annapolis“ Fótlaga skór úr leðri með vönduðu innleggi.
Stærðir: 36 - 42 Verð: 28.900.-
Misty skor Laugavegi 178
BIRKENSTOCK
Vertu vinur
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugard. 7. apríl
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is

BRÚÐKAUPSGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum



TILBOÐ
Tékk KRISTALL
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari



Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



Amerísk gæðavara

Blomberg
TILBOÐSDAGAR
15-30% AFSLÁTTUR
AF BLOMBERG HEIMILISTÆKJUM
Ofnar, helluborð, uppþvottavélar, kæliskápar og fleiri heimilistæki frá Blomberg á frábærum tilboðsverðum.
Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473 | **Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432 | **Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427






**GLAÐBEITTIR GÖNGUHRÓLFAR** Hér má sjá Ingólf Bruun með konu sinni Margréti Helgu Hjartardóttur kennara og sonum þeirra Nirði 11 ára, Hirti 16 ára og Berki 3ja ára. MYNDIR/INGÓLFUR BRUUN

# Á FJÖLL Í BAKPOKA

**FÓTVISS FJÖLSKYLDA** *Þrír bræður á barnsaldri gengu með foreldrum sínum Laugaveginn á þremur dögum í sumar. Sá yngsti fór um í bakpoka föður síns.*

Leiðsögumaðurinn Ingólfur Bruun heillaðist af gönguleiðinni á milli Landmannalauga og Þórsmerkur í Laugavegshlaupinu árið 2009.

„Það var mín fyrsta ferð um Laugaveginn en á hlaupunum naut ég skiljanlega takmarkaðs útsýnis. Ég var því staðráðinn í að labba með fjölskyldunni strax árið á eftir," segir Ingólfur sem var nýbakaður faðir þriðja sonar síns þegar hann reimaði á sig hlaupaskóna 2009.

„Þá var ég svo heppinn að fjölskylda mín splæsti í afar veglegan bakpoka til að bera börn í. Hann ætlaði ég að nota sumarið 2010 en þá vildi ekki betur til en að það fór að gjósa á Fimmvörðuhálsi og í Eyjafjallajökli. Ég hætti því snarlega við vegna hættu á skaðlegu svifryki og ákvað að fresta för um tvö ár á meðan mesta askan festist betur við jarðveginn."

Fjölskyldan gekk frá Landmannalaugum að Hrafntinnuskeri, þaðan yfir að Álftavatni, svo að Emstruskála og endaði gönguna í Húsadal í Þórsmörk.

„Laugavegurinn er vanalega genginn á fjórum dögum en við ákváðum að ganga hann á þremur dögum. Fyrsti dagurinn var því heldur langur en strákarnir eru í góðri þjálfun og við foreldrarnir duglegir að hjóla og hlaupa. Við erum því alltaf í startholunum þegar kemur að útivist og ævintýrum," segir Ingólfur og hlær.

Á göngunni hafði fjölskyldan trúss og gisti í fjallaskálum. Það tryggði góðan mat og væran nætursvefn á leiðinni sem er 55 kílómetrar.

„Laugavegurinn var fyrsta langa gönguferð bræðranna og þeir eru í skýjunum. Allt gekk ótrúlega vel en dagur tvö var erfiðastur þar sem skall á heilmikið öskurok. Sú lífsreynsla stendur upp úr hjá strákunum enda ákveðin raun og lærdómsríkt að sjá öskubólstrana koma og fara."

Fjölskyldan er hvergi hætt útivistinni og ætlar að ganga yfir Fimmvörðuháls áður en haustar.

„Smábörn eru engin fyrirstaða í gönguferðum á fjöll. Lykilatriði er að vera með góðan bakpoka og að börnin séu vel varin fyrir kulda. Þeim verður nefnilega að vera hlýtt og líða vel til að fá jákvæða upplifun af göngunni."

■ **thordis@365.is**



**VELLÍÐAN Á FJÖLLUM** Börkur litli var mestan part ferðarinnar í bakpokanum hjá pabba sínum. Þar var honum hlýtt og leið eins og unga í eggi í sérsaumuðum poka úr þreföldu ullarflísi frá Dóru í Dórukoti á Ísafirði.







## FLUGBÚNINGAR HEILLUÐU

■ **AÐDÁANDI**

**Hollendingurinn Cliff Muskiet heldur úti afar vinsælu bloggi sem nefnist Uniform Freak. Þar deilir hann áhugamáli sínu sem er búningar flugfreyja um allan heim.**

**Á blogginu má sjá myndir af 1132 búningum frá 443 flugfélögum, þar á meðal Icelandair. Cliff hefur haft áhuga á búningum flugfreyja frá því hann var lítill polli. Hann lét draum sinn rætast og starfar hjá KLM flugfélaginu. Hann fylgist vel með þegar nýir búningar eru teknir í notkun hjá flugfélögum og ætlar sér einhvern tíma að gefa safnið út á bók. Þeir sem hafa áhuga á flugbúningum ættu að skoða bloggið Uniformfreak.com.**





# SKÓLAR &NÁMSKEIÐ

**Kynningarblað** Námstækni, fjarnám, skapandi hugsun, hollt nesti og leiklistarnámskeið.









**MENNTAÁÆTLUN** EVRÓPUSAMBANDSINS

Menntaáætlun Evrópusambandsins styrkir menntun og þjálfun á öllum skólastigum auk fullorðinsfræðslu og starfsþjálfunar.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins auglýsir eftir umsóknum um styrki sem koma til úthlutunar árið 2013. Um er að ræða styrki úr öllum undiráætlunum: Comenius, Leonardo, Erasmus og Grundtvig.

**Nánari upplýsingar á www.lme.is**

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462 og Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is s. 512 5447.
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Endurgreiðslur stéttarfélaga í boði

Haustið er tími námskeiða og skólar hefja vetrarstarf sitt. Flest stéttarfélög bjóða upp á endurgreiðslu námskeiðs- og skólagjalda. Ólíkar áherslur eru þó á milli stéttarfélaga hvað varðar ávinnslu réttinda og endurgreiðslur.

Fjöldi stéttarfélaga er á Íslandi og styrkur þeirra er mismikill. Flest bjóða þau þó upp á einhvers konar aðstoð þegar kemur að endurmenntun félagsmanna sinna. Í flestum tilfellum er um fjárhagslega niðurgreiðslu á námskostnaði að ræða. Einnig eru sum félögin með námskeið í boði á eigin vegum sem ýmist eru endurgjaldslaus eða niðurgreidd að stórum hluta. Einhver félög greiða einungis niður það sem telst til endurmenntunar en önnur endurgreiða einnig svokölluð tómstundanámskeið.

Leitað var upplýsinga frá nokkrum af stærstu stéttarfélögum landsins um fyrirkomulag þessara niðurgreiðslna.



Þegar haustið nálgast og fjöldi tækifæra býðst til að sækja námskeið er tilvalið að kanna hvernig málum er háttað hjá stéttarfélaginu. MYND/GETTY

## VR

Fjöldi félagsmanna í VR er um 28 þúsund. Landssamband íslenskra verslunarmanna, VR og Samtök atvinnulífsins reka saman Starfsmenntasjóð verslunar og skrifstofufólks. Þar safna félagsmenn punktum sem samsvara réttindum þeirra. Einn mánuður þar sem greitt er til VR jafngildir einum punkti og hver punktur jafngildir þúsund krónum. Þannig safnar sá sem greiðir í sjóðinn í þrjú ár 36 þúsund krónum. Fyrir launaháa félaga sem greiða meira til félagsins safnast aukin réttindi.

Samkvæmt upplýsingum frá VR hafa félagsmenn staðið straum af stórum hluta MBA-náms eftir margra ára uppsöfnuð réttindi. Ekki er greitt fyrir meira en 50% af kostnaði nema í ákveðnum tilvikum en 75% eru greidd sé námið metið til styttingar á námi í framhaldsskóla. Eins eru námskeið í íslensku fyrir útlendinga niðurgreidd allt að 75%. Á vefnum www.starfsmennt.is er allar upplýsingar að finna um úthlutunar- og starfsreglur sjóðsins.

## Efling

Fjöldi félagsmanna í Eflingu er í kringum 18 þúsund. Efling veitir styrki til félagsmanna eftir áunnum réttindum. Full réttindi vinnur félagsmaður sér inn með því að greiða stéttarfélagsgjöld í sex mánuði. Innan Eflingar eru fimm sjóðir sem veita styrki til mismunandi félagsmanna, allt eftir atvinnurekanda. Starfsafl er sjóður fyrir félaga Eflingar sem eru á almenna vinnumarkaðnum. Hægt er að sækja um tvenns konar styrki; starfsmenntarstyrki og tómstundastyrki. Þar geta félagsmenn sótt um allt að 75% endurgreiðslu af heildarreikningi starfsmenntar, sem þó er takmörkuð við 60 þúsund krónur. Þegar um tómstundanámskeið er að ræða endurgreiðir sjóðurinn hámark 50% en takmarkast við 18 þúsund krónur. Auk þess eru meiraprófsréttindi niðurgreidd um 100 þúsund krónur og félagsmenn sem ekki hafa nýtt sér rétt sinn síðustu þrjú ár eiga rétt á styrk upp á allt að 180 þúsund fyrir eitt samfellt námskeið samkvæmt nánari reglum sjóðsins. Félagsmenn sem eru starfsmenn sveitarfélaga, hjúkrunarheimila auk fleiri sem teljast ekki sem starfsmenn á almennum vinnumarkaði njóta oft aukinnar endurgreiðslu. Nánari upplýsingar um réttindi Eflingarfélaga er að finna á www.efling.is.

## BHM

Í aðildarfélögum Bandalags háskólamanna eru um 9400 félagsmenn. Hjá BHM eru ekki veittar endurgreiðslur vegna tómstundanámskeiða. Endurgreiðsla vegna náms sem eykur færni viðkomandi í starfi er 100 þúsund krónur miðað við manneskju með full réttindi. Allir sem eru í 50% starfi eða meira eiga rétt á þessum styrk á 24 mánaða fresti. Styrkurinn er skattfrjáls. Sum tómstundanámskeið geta vissulega aukið færni, líkt og tungumálanámskeið og ýmis tölvunámskeið ásamt fleirum. Hver umsókn er metin og afstaða tekin til hvar hún fellur í því tilliti. Nánari upplýsingar má finna á www.bhm.is.

## Ólíkar áherslur

Nú þegar haustið nálgast og fjöldi tækifæra til að sækja námskeið sem falla undir hina ýmsu flokka býðst er ekki úr vegi að kanna hvernig þessum málum er háttað hjá viðkomandi stéttarfélagi. Eins og sjá má á þessari lauslegu úttekt eru áherslur ólíkar og áunnin réttindi mismikil eftir stéttarfélögum.

**Viltu læra höfuðbeina- og spjaldhryggsjöfnun?**

Spennandi og þroskandi nám

Kynningarnámskeið
31. ágúst.–2. september 2012
Skráning í síma 861 6152

**Höfuðlausn – cranioskóli**
Sími 861 6152
kennsla@hofudlausn.is
www.hofudlausn.is




**Hefur þú starfað við blikksmíði, rennismíði, stálsmíði, vélvirkjun eða húsasmíði í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í greinunum?**

**Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!**

**Raunfærnimat** miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast.

Inntökuskilyrði í raunfærnimat er 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

**Kynningarfundur verður haldinn þriðjudaginn 4. september kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.** Áhugasömum er bent á að hafa samband við **IÐUNA fræðslusetur** í síma **590 6400.**

Nánari upplýsingar um raunfærnimat er að finna á
**http://idan.is/raunfaernimat**
eða senda fyrirspurn á **radgjof@idan.is**

IÐAN fræðslusetur
FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

**Annríki**
Þjóðbúningar og skart

**Þjóðbúninga námskeið**
**Haust 2012**
Upphlutur
Peysuföt
Herra- & Barnabúningar
Baldýring o.fl.

www.annriki.is
annriki@simnet.is
898-1573





**VANTAR FÓLK!**
**Kirkjukór Lágafellssóknar**
óskar eftir söngfólki, sérstaklega í karlaraddir.

Hlýlegt andrúmsloft, fjölbreytt, skemmtilegt starf.

**FÆREYJAFERÐ Í VOR!**

**Æft á þriðjudagskvöldum kl. 19.30-21.30 í Þverholti 3, Mosfellsbæ. Arnhildur organisti s. 698-7154.**

# Fylgdu með þér notkunarleiðbeiningar?

*Fæstir hafa nokkra hugmynd um hvernig þeir virka og þeirra eigin hugur kemur þeim stöðugt á óvart - enda höfum við ekki stjórn á nema tæplega 10% hugans*

*Hin 90 prósentin eru undimeðvitund sem þú hefur enga stjórn á !*

Á dáleiðslunámskeiði John Sellars færðu verkfærin til að ná árangri í lífinu
Næsta námskeið verður 28. september - 1. okt. og 9. - 12. nóvember






# Mynda hvað sem er

Daníel Starrason skilur myndavélina sjaldan við sig og tekur myndir af því sem fyrir augu ber. Myndirnar birtir hann á Facebook.

Daníel Starrason áhugaljósmyndari heldur úti síðunni Augnablik á Akureyri á Facebook. Hann keypti sér myndavél fyrir sex árum og fór að fikta við að taka myndir af fuglum. Eftir að hafa farið á námskeið í ljósmyndun sem boðið var upp á í MA varð ekki aftur snúið og hefur Daníel varla skilið myndavélina við sig síðan.

„Öll námskeið skila manni einhverju. Ég fór til dæmis á mjög áhugavert námskeið fyrir tveimur árum hjá Julianne Kost en hún er einn af lightroom-sérfræðingum Adobe og á heimasíðunni hennar er mikið af efni sem nýtist manni vel. Ég var mjög ánægður með námskeiðið og hafði gaman af að vera þarna, strákpjakkurinn, innan um alla alvöruljósmyndarana á Íslandi," segir Daníel og hlær.



Aldeyjarfoss á þungbúnum degi. Myndir Daníels má sjá á síðunni Augnablik á Akureyri á Facebook. MYND/DANÍEL STARRASON

„Maður lærir líka alltaf mikið af því að sjá myndvinnslu hjá öðrum. Spjallsíðan www.ljosmyndakeppni.is hefur verið mér mjög hjálpleg en þar getur maður séð myndir annarra og fengið ráðleggingar og gagnrýni á sínar eigin myndir," segir Daníel.

Spurður hvort hann ætli að leggja ljósmyndun fyrir sig er hann þó á báðum áttum. Hann fer um áramótin til Danmerkur í nám í ljósmyndun en er einnig í miðjum klíðum í verkfræði við HÍ. „Ætli ég klári ekki verkfræðina á endanum og hafi ljósmyndunina til hliðar," segir hann en þó hliðargrein sé setur Daníel þó daglega inn myndir á Facebooksíðuna sína Augnablik á Akureyri.

„Þetta eru mikið til mannlífsmyndir, myndir af tónleikum og tónlistarfólki og götulífið á Akureyri. Ég mynda nánast hvað sem er," segir Daníel. En á hann einhverjar ráðleggingar handa ungu áhugafólki um ljósmyndun?

„Bara að hafa gaman af þessu og hugsa ekki of mikið um græjur. Æfa sig frekar í að taka myndir til dæmis með öðrum og koma sér inn í einhvern félagsskap þar sem hægt er að skiptast á skoðunum og ráðum."

# Skapandi hugsun kemur að góðum notum í lífinu

Mörg spennandi námskeið eru í boð hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík í vetur. Mörg þeirra eru ætluð börnum og unglingum.

Myndlistaskólinn í Reykjavík býður upp á margar námsleiðir og fjölbreytt námskeið fyrir fólk á öllum aldri. Námskeiðin í barna- og unglingadeild skólans og almenn námskeið á framhaldsskólastigi eru öllum opin og spanna þau ýmis ólík svið sjónlista. Halldóra Ingimarsdóttir, deildarstjóri hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík, segir fjölbreyttan hóp nemenda sækja námskeiðin við skólann. „Nemendur okkar eru bæði á öllum aldri og hafa margs konar ólík markmið í huga með náminu hér. Sumir vilja auka við þekkingu sína áður en þeir fara í frekara nám, til dæmis í myndlist eða arkitektúr. Aðrir eru hættir að vinna og nýta tímann til að sinna myndlistinni og bæta við kunnáttu sína þar. Síðan nýta margir námskeiðin sem endurmenntun og við bætist svo stór hópur áhugasamra nemenda í barna- og unglingadeild. Því myndast mjög skemmtileg stemning í skólanum enda ekki síst þessi fjölbreytta flóra fólks sem gerir hann að svo skemmtilegum og skapandi vettvangi."

Halldóra segir nemendur fá mikið út úr námskeiðunum enda geti skapandi nám nýst á öllum sviðum lífsins. „Það að læra að nálgast verkefni með opnum og skapandi huga getur komið að góðum notum í hverju sem þú tekur þér fyrir hendur í leik eða starfi og í raun aukið lífsgæði þín til muna að mínu mati. Með námi í sjónlistum ferðu sömuleiðis að hafa allt aðra tilfinningu fyrir hlutum í umhverfi þínu og tekur betur eftir."



Fjölbreytt úrval námskeiða er í boði fyrir börn og unglinga hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík. MYND/ÚR EINKASAFNI



„Skapandi nám nýtist á svo margan hátt í lífi okkar," segir Halldóra Ingimarsdóttir, deildarstjóri hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík. MYND/GVA

Hún segir að námskeiðin sem í boði séu fyrir börn og unglinga séu mjög vinsæl, ekki hvað síst í yngstu aldurshópunum. „Námskeiðin fyrir yngstu börnin eru almennari og þar er lögð áhersla á að ýta undir eðlislægan áhuga barnanna á eigin umhverfi. Eldri börn og unglingar geta síðan sótt sérhæfðari námskeið, t.d. í myndasögum, keramik og hreyfimyndagerð. Það var til dæmis afar skemmtilegt að fylgjast með 6-12 ára krökkum búa til hreyfimyndir úr alls kyns efniviði núna í sumar. Þau fóru meira að segja í fjöruna með vefmyndavélar og fartölvur, klipptu þetta til og bættu við hljóði, svo úr urðu stórskemmtilegar myndir sem þau sýndu foreldrum sínum í lokin. Það var merkilegt að sjá hversu fljót þau voru að ná tökum á þessu öllu."

Góður hópur kennara starfar við skólann að sögn Halldóru. „Einn stærsti fjársjóður Myndlistaskólans í Reykjavík felst í kennarahópnum og þeirri þekkingu sem hann býr yfir. Skólinn hefur alltaf búið að því að til hans hafa ráðist mjög færir starfandi myndlistarmenn sem hafa bæði áhuga og reynslu af því að miðla til nemenda.




Viltu læra táknmál?

Táknmálsnámskeið hjá Samskiptamiðstöð haustið 2012

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tákn 1 | 17:30-18:50 | 3. sept. - 3. okt. | mánud./miðvikud. |
| Tákn 2 | 17:30-18:50 | 8. okt. - 7. nóv. | mánud./miðvikud. |
| Tákn 3 | 17:30-18:50 | 12. nóv. - 12. des. | mánud./miðvikud. |

Nánari upplýsingar í síma 562-7702

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra
www.shh.is

Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

# Frá hugmynd að fyrirtæki

**Margir ganga með góða hugmynd að fyrirtæki í maganum. Það er ekki nóg að hafa hugmynd heldur þarf að kunna að ýta henni úr vör og taka næstu skref.**

Ragnheiður Friðriksdóttir stofnaði eigið fyrirtæki, Reykjavík Concierge, í apríl 2010. Strax eftir áramótin 2010-11 fór hún á námskeið hjá Viðskiptasmiðjunni Klaki þar sem hún lærði allt um rekstur fyrirtækja. „Ég hafði heyrt af þessu námi frá fólki sem hafði verið í því og hafði haft mikið gagn af. Ég ákvað því að fara í námið til að þróa nýstofnað fyrirtæki mitt frekar,“ segir Ragnheiður.

Fyrirtæki Ragnheiðar, Reykjavík Concierge, er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að fara með erlenda ferðamenn í hönnunar- og menningartengdar ferðir um höfuðborgarsvæðið og Reykjanesið. „Markmið okkar er að kynna íslenska hönnun og menningu fyrir erlendum ferðamönnum bæði með því að bjóða upp á VIP-ferðir og hópaferðir. Þessi hugmynd er í raun einsdæmi hér á landi en ekkert annað fyrirtæki sérhæfir sig eingöngu í þessari þjónustu. Okkar aðalsamstarfsaðilar eru ráðstefnufyrirtæki, hótel, sendiráð og önnur fyrirtæki sem taka á móti erlendum gestum.“

Hugmyndin að fyrirtæki Ragnheiðar kviknaði þegar hún upplifði sambærilega þjónustu á ferðalögum sínum erlendis en hún þurfti oft að ferðast vegna vinnu sinnar. „Þeir sem ferðast mikið og hafa lítinn tíma þekkja að það getur tekið sinn tíma að finna það besta sem er í boði á hverjum stað. Þjónusta okkar er fyrst og fremst hugsuð þannig að hún spari tíma og fyrirhöfn fyrir þá erlendu gesti sem vilja sjá það besta sem í boði er í hönnun og menningu á Íslandi. Með náminu gat ég útfært þessa hugmynd að fyrirtækinu á raunsæjan hátt og náði betur að einblína á þá hluti sem skipta máli, einblína á það sem gefur í aðra hönd.“

Í náminu lærði Ragnheiður meðal annars gerð viðskiptaáætlana, markaðs- og söluáætlana og fjármálalæsi. „Námið nýttist mér mjög vel því ég notaði mitt eigið fyrirtæki sem módel í öllum verkefnum. Þannig gat ég séð hvert ég átti að stefna og sá hvaða leiðir væru færar og hverjar ekki. Ég kom hugmyndinni að fyrirtækinu í réttan farveg og fékk í kjölfarið inn tvo nýja hluthafa með reynslu af



Ragnheiður Friðriksdóttir mælir með því að fólk fari á námskeið um rekstur fyrirtækja. MYND/GVA

rekstri og markaðsmálum. Í náminu mynduðust einnig ákveðin tengsl milli frumkvöðla sem voru í náminu og mögulegra fjárfesta sem komu á kynningar. Ég mæli með því að fólk fari á námskeið áður en það stofnar eigið fyrirtæki því það getur verið mjög dýrkeypt að renna algjörlega blint í sjóinn þó hugmyndin sé góð. Það þurfa allir að læra af mistökum sem þeir gera en í námi fær fólk dýrmæta handleiðslu og hjálp við að fá skýrari mynd af hugmyndinni,“ segir Ragnheiður. *Nánari upplýsingar um fyrirtæki Ragnheiðar má finna á vefsíðunni, reykjavikconcierge.com.*





MYNDLISTASKÓLINN Í REYKJAVÍK

VETRARNÁMSKEIÐ
Innritun er hafin á www.myndlistaskolinn.is

Almenn námskeið byrja 15. september
Barna- og unglinganámskeið byrja 22. sept.

MUNIÐ Frístundakortið

ALMENN NÁMSKEIÐ

teikning

| | | |
|---|---|---|
| 17.30-21.30 mán. | Teikning 1 | Sólveig Aðalsteinsdóttir |
| 17.30-21.30 þri. | Teikning 1 | Þóra Sigurðardóttir |
| 17.30-21.30 mið. | Teikning 2 | Sólveig Aðalsteinsdóttir |
| 09.00-11.45 fim. | Teikning 1 morguntímar | Katrín Briem |
| 17.45-21.30 mán. | Módelteikning | Þorbjörg Þorvaldsdóttir |
| 09.00-11.45 mán. | Módelteikning morguntímar | Þóra Sigurðardóttir |
| 17.45-20.30 mið. | Módelteikning framhald | Katrín Briem |
| 11.00-12.00 lau.20/10 | Teikning þvert á tíma og tækni | Þóra Sigurðardóttir |
| 17.30-20.15 mið. | tímabil: *20.10-07.11.2012* | |

málun - vatnslitun - litaskynjun

| | | |
|---|---|---|
| 17.30-20.15 mán. | Málun 1 | Jón Henrysson |
| 17.30-20.15 mið. | Málun 2 | Sigtryggur B. Baldvinss. |
| 17.30-20.15 þri. | Málun framhald | Jón B.K. Ransú |
| 13.15-16.00 fös. | Frjáls málun | Sigtryggur B. Baldvinss. |
| 16.15-19.00 fim. | Frjáls málun | Sigtryggur B. Baldvinss. |
| 17.30-20.40 mán. | Litaskynjun | Didda Leaman |
| 09.00-11.45 þri. | Málun 1 morguntímar | Jón Henrysson |
| 09.00-11.45 fim. | Málun 2 morguntímar | Sigtryggur B. Baldvinss. |
| 09.00-11.45 mið. | Málun framh. morguntímar | Jón B.K. Ransú |
| 10.00-12.45 lau. | Málun framh. Portrettmálun | Halldór Baldursson, Louise Harris og Stephen Lárus Stephen |
| 17.30-20.15 þri. | Vatnslitun framhald | Hlíf Ásgrímsdóttir |
| 09.00-11.45 mið. | Vatnslitun -Teikning morgunt. | Hlíf Ásgrímsdóttir |
| 14.30-17.00 þri. | Tilraunastofa í myndlist fyrir hreyfihamlaða | Kristinn G. Harðarson og Sólveig Aðasteinsd. |

form - rými

| | | |
|---|---|---|
| 17:30-20.40 fim. | Form, rými og hönnun | Sólveig Aðalsteinsdóttir Þóra Sigurðardóttir og Guja Dögg Hauksdóttir |

keramik

| | | |
|---|---|---|
| 17.30-20.15 mán. | Leirkerarennsla | Guðbjörg Káradóttir |

ljósmyndun

| | | |
|---|---|---|
| 10.00-15.30 lau. | Ljósmyndun svart/hvít | Erla Stefánsdóttir |
| 17.30-20.20 þri. | tímabil: *6.10-6.11.2012* | og Vigfús Birgisson |
| 09.00 -14.00 lau. | Ljósmyndun stafræn | Vigfús Birgisson |
| 17.30-20.20 mán. | tímabil: *8.10-10.11.2012* | |

indesign - photoshop

| | | |
|---|---|---|
| 17.30-21.10 má-fi | InDesign-Photoshop | Magnús Valur Pálsson |
| 10.00-13.40 lau | 5 daga: *24.9-29.9.2012* | |

BARNANÁMSKEIÐ

| | | |
|---|---|---|
| 15.15-17.00 þri. | 4 - 5 ára Myndlist | Guðrún Vera Hjartardóttir |
| 15.15-17.00 mið. | 4 - 5 ára Myndlist | Guðrún Vera Hjartardóttir |
| 10.15-12.00 lau. | 4 - 5 ára Myndlist | Sigríður Helga Hauksd. og Helga Óskarsdóttir |
| 12.30-14.15 lau. | 4 - 5 ára Myndlist | Sigríður Helga Hauksd. og Helga Óskarsdóttir |
| 15:15-17.00 mán. | 6 - 9 ára Myndlist | Ína Salóme Hallgrímsd. |
| 15.15-17.00 mán. | 6 - 9 ára Myndlist | Brynhildur Þorgeirsdóttir |
| 15.15-17.00 þri. | 6 - 9 ára Myndlist | Brynhildur Þorgeirsdóttir |
| 15.15-17.00 þri. | 6 - 9 ára Myndlist | Ína Salóme Hallgrímsd. |
| 15.15-17.00 mið. | 6 - 9 ára Myndlist | Ragnheiður Gestsdóttir |
| 15.15-17.00 mið. | 6 - 9 ára Myndlist | Karlotta Blöndal |
| 15.15-17.00 fim. | 6 - 9 ára Myndlist | Karlotta Blöndal |
| 10.15-12.00 lau. | 6 - 9 ára Myndlist | Ragnheiður Gestsdóttir og Karlotta Blöndal |
| 12.30-14.15 lau. | 6 - 9 ára Myndlist | Ragnheiður Gestsdóttir og Karlotta Blöndal |
| 15.15-17.30 fim. | 8 - 11 ára Leirrennsla og mótun | Guðbjörg Káradóttir |
| 15.00-17.15 mán. | 10 - 12 ára Myndlist | Þorbjörg Þorvaldsdóttir |
| 15.00-17.15 fim. | 10 - 12 ára Video og hreyfimynd.gerð / Ragnheiður Gestsd. | |
| 15.00-17.15 fim. | 10 - 12 ára Teikning-Málun-Grafík / Þorbjörg Þorvaldsdóttir | |
| 10.00-12.15 lau. | 10 - 12 ára Myndasögur | Inga María Brynjarsdóttir |
| 10.00-12.15 lau. | 10 - 12 Leir og Skúlptúr / Guðbjörg Kárad. og Anna Hallin | |

UNGLINGANÁMSKEIÐ

| | |
|---|---|
| 15.00-17.55 fös. | 13 - 16 ára Ljósmyndir-sígildar aðf. / Sigurður Gunnarsson |
| 18.00-20.55 fim. | 13 - 16 ára Video og hreyfimyndagerð / Ragnheiður Gestsd. |
| 16.00-18.55 fös. | 13 - 16 ára Teikning-Málun-Grafík / Þorbjörg Þorvaldsdóttir og Jón B.K. Ransú |
| 16.00-18.55 fös. | 13 - 16 ára Leirmótun / Guðný Magnúsd. og Anna Hallin |
| 16.00-18.55 fös. | 13 - 16 ára Myndasögur / Jean Posocco |

Grafarvogur / Bakkastaðir 6 - 12 ára

| | |
|---|---|
| 15.15-17.00 fim. | 6 - 9 ára Myndlist - Bakkastöðum / Brynhildur Þorgeirsd |
| 15.00-17.15 mið. | 10 - 12 ára Myndlist - Bakkastöðum / Brynhildur Þorgeirsd. |

**INNRITUN stendur yfir**

www.myndlistaskolinn.is

sími 551-1990 á skrifstofutíma mán-fim kl.13-17 og fös kl.13-16



Innritun og upplýsingar á dansskoli.is eða í síma 553 6645

Salsa
Break
Street
Zumba
Hip Hop
Freestyle
Brúðarvals
Barnadansar
Samkvæmisdansar
Sérnámskeið fyrir hópa
Börn – Unglingar – Fullorðnir

ZUMBA fitness

Frístundakortið

Ýmis starfsmanna-, stéttar- og sveitarfélög veita styrki vegna dansnámskeiða.

Danskennarasamband Íslands | Faglærðir danskennarar

DANSSKÓLI Jóns Péturs og Köru
Dansfélag Reykjavíkur

Valsheimilið Hlíðarenda | sími 553-6645 | dans@danskoli.is


# Námstæknin er lykilatriði



Nám snýst um að safna saman skilningsbrotum í heilsteypta mynd af viðfangsefninu, hvort sem það er bókmenntasaga eða hrein stærðfræði.





Velgengni í námi byggir á góðri námstækni og skipulagi. MYND/GETTY

Á vefsíðunni lifehack.org birtist nýlega grein um námstækni sem höfundurinn, Scott H. Young, hafði sjálfur þróað og hafði skilað honum góðum árangri. Tæknina nefnir hann heildræna námstækni en hún byggir á að nýta skilningsbrotin eins og byggingarefni í hús. Til þess notar hann ákveðnar aðferðir.

### 1. Myndlíkingar

Fáránlegar myndlíkingar festast í minni og auka skilning. Bólstraberg myndast eins og þegar tannkrem er kreist úr túpu.

### 2. Notið skilningarvitin

Óhlutbundnar hugmyndir eru torskildar sökum þess hve fjarri skilningarvitum okkar þær eru. Reynið að tengja hugmyndirnar við skilningarvitin á einhvern hátt.

### 3. Kennið

Með því að útskýra hugmynd fyrir þeim sem hafa ekki grunnskilning á efninu neyðumst við til að einfalda og setja fram á skipulagðan hátt.

### 4. Tengið

Mikilvægt er að tengja nýjar upplýsingar við eitthvað sem áður hefur verið kennt. Þannig verður námsefnið að neti sem upplýsingarnar flæða auðveldlegar um í prófum.

### 5. Ekki læra allt á síðustu stundu

Þetta er ráð sem allir hafa heyrt en fæstir fara eftir. Upplýsingarnar festast þó betur ef þær fá að síast inn jafnt og þétt.

### 6. Byggið líkön

Þau eru ekki sannar eftirlíkingar en geta verið hjálpleg tæki til að lýsa óhlutbundnum hugmyndum. Hér er átt við myndræna hugsun af hugmyndinni. Hægt er að ímynda sér hvernig umhverfis er innan í atómi eða frumu með tilheyrandi litum og formum.

### 7. Skilningur er aðalatriðið

Enginn tilgangur er með glæsilegum glósum ef upplýsingarnar komast ekki til skila. Ekki vanda ykkur svo mikið að skilningurinn mæti afgangi. Glósur eru til að læra af en ekki til að ramma inn.


## Vilt þú læra á listskauta?







SKAUTAFÉLAGIÐ BJÖRNINN
LISTHLAUPADEILD
er með 14 vikna listskautanámskeið
1. september – 8. desember 2012

Skemmtilegar listskautaæfingar fyrir hressar stelpur og káta stráka.

Sér hópur er fyrir unglinga.

Frábær æfingaaðstaða í EGILSHÖLL.

Æfingar 2 í viku, á miðvikudögum og laugardögum.

Skráning á www.bjorninn.com – Listskautar eða á staðnum þann 1. september frá kl. 10-14.

FRÍR PRUFUTÍMI

Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing


# Möguleikar aukast í fjarnámi

Aukin tækniþróun gefur fólki möguleika á að stunda nám í fjarnámi gegnum netið.

Með fjarnámi getur fólk stundað framhaldsskóla- eða háskólanám óháð stað og stund. Fjarnám er góður kostur fyrir fólk sem vill stunda nám með vinnu eða hefur ekki tök á að mæta í skóla á almennum skólatíma. Einnig getur það verið góður kostur fyrir eldra fólk sem ekki lauk stúdentsprófi en hefur hug á að klára námið. Kennsla og samskipti við kennara fara fram að mestu leyti á netinu.

Hér á landi bjóða þrír framhaldsskólar á höfuðborgarsvæðinu upp á fjarnám á framhaldsskólastigi, Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Verzlunarskóli Íslands og Fjölbrautaskólinn í Garðabæ. Á landsbyggðinni eru það Menntaskólinn á Egilsstöðum, Verkmenntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík og Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra. Allir háskólarnir bjóða upp á fjarnám í einhverjum fögum.

Fjarnám er oft mun erfiðara og meira krefjandi en staðarnám þar sem stuðningur og aðhald, sem fylgir því að hitta samnemendur og kennara reglubundið, skortir. Misjafnt er eftir skólu hvernig fjarnámi er hagað. Sums staðar hittast kennarar og nemendur aldrei en annars staðar hittast þeir nánast jafn mikið og í hefðbundnu námi.

Framboð á fjarnámi hefur aukist mikið undanfarinn áratug og fjarnemendum fjölgað mikið. Árið 1997 voru 307 fjarnemar skráðir á háskólastigi en árið 2008 voru þeir orðnir 3.295. Nemendum í fjarnámi fjölgaði umtalsvert allt til haustsins 2009, þegar 8.700 nemendur voru skráðir í fjarnám á háskóla- og framhaldsskólastigi. Haustið 2011 var hlutfall nemenda sem stunduðu fjarnám 13,2 prósent þeirra sem stunduðu nám á háskóla- og framhaldsskólastigi. Tveimur árum áður náði hlutfall þeirra sem skráðir voru í fjarnám hámarki og voru þeir 17,8 prósent þeirra sem skráðir voru í háskóla- og framhaldsskólanám.



Salade Niçoise er ljúffengur kostur og hollur. Kál, kartöflur, túnfiskur, tómatar, rauðlaukur, egg og ólífur með salatsósu úr rauðvínsediki, graslauk, salti og pipar.



Mexíkóskar pönnukökur eru seðjandi, bragðgóðar og passa við flest. Ómótstæðilegar með reyktum laxi, kapers, rauðlauk og káli á milli kennslustunda.

## Himneskt heilafóður

Heimagert skólanesti er lostæti þegar vel tekst til og sparar margar krónur þegar hagsýni er höfð að leiðarljósi. Nesti heiman úr eldhúsi þarf hvorki að samanstanda af upphituðum afgöngum né tilbreytingarleysi í útfærslum og auðvelt er að útbúa freistandi máltíðir í nestisboxið.



Einfalt er að matreiða kínverskar núðlur með risarækjum. Spennandi og gómsætur réttur í nestisboxið.



Brakandi ferskt grænmeti er viðeigandi snakk yfir skólabókunum. Unaðslega gott með heimagerðu lárperumauki.

# Vefur Námsgagnastofnunar fyrir skóla og almenning

Fjölbreytt efni er að finna á vef Námsgagnastofnunar fyrir almenning og nemendur á öllum aldri. Margt efni vefsins nýtur mikilla vinsælda.

Á vef Námsgagnastofnunar er að finna fjölbreytt efni sem tengist öllum námsgreinum grunnskóla. Þar má fá upplýsingar um alla prentaða titla, sækja efni til útprentunar, hljóðbækur, myndir og gagnvirkt efni. Gagnvirka efnið er fyrir ýmsan aldur, allt frá byrjendalæsi til stórra upplýsingavefja um afmörkuð fræðasvið. Íslenskuefni er fyrirferðarmikið á vefnum og þeir sem eru að taka sín fyrstu skref í átt að lestri geta æft sig á ýmsa vegu og hlustað á efni. Það sama má segja um þá sem vilja æfa stafsetningu eða eru að læra íslensku sem annað mál. Efnið á vefnum er vel kynnt í skólum landsins og notað á öllum skólastigum en hér er vert að benda á nokkra vefi sem henta einnig sérstaklega vel fyrir allan almenning.

*Fuglavefurinn* er dæmi um vef sem er mikið notaður af almenningi en hann hefur að geyma fjölbreyttan fróðleik um íslenska fugla, ljósmyndir af hverjum fugli sem fjallað er um og myndir af eggjum og ungum. Einnig er hægt að hlusta á hljóð fuglanna og fara í gagnvirka leiki sem tengjast viðfangsefninu. *Fjaran og hafið* er hliðstæður vefur með upplýsingum um lífverur í og við sjó. Þar eru meðal annars nokkur myndbönd sem tekin eru neðansjávar og gaman er að skoða. Á *Plöntuvefnum*, sem er líka stór upplýsingavefur, má meðal annars finna upplýsingar um og myndir af rúmlega 100 plöntutegundum, greina plöntur til tegunda og spila gagnvirka leiki.

Á *Jarðfræðivefnum* er efni sem margir hafa áhuga á í kjölfar náttúruhamfara á undanförnum árum. Jarðfræðivefurinn er nýr vefur sem skiptist í þrjá hluta en þeir heita uppbygging jarðar, eldgos og jarðskjálftar. Verið er að vinna að gerð síðasta hlutans sem fjallar um jarðskjálfta.

Fleiri vefi mætti nefna, bæði í náttúrufræði og á öðrum sviðum, en sjón er sögu ríkari og best að skoða hvað er í boði. Vefur Námsgagnastofnunar er öllum opinn og slóðin er: *www.nams.is*. Það er auðveldast að finna gagnvirka efnið með því að velja krakka- og unglingasíðurnar frá forsíðunni.



Nemendur á öllum aldri geta fundið eitthvað við sitt hæfi á vef Námsgagnastofnunar. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Styrkjandi leiklistarnámskeið

Sjálfsræktarsamtökin Lausnin bjóða upp á leiklistarnámskeið og barnaleikhúsnámskeið fyrir börn og unglinga. Námskeiðin eru styrkt af Velferðarsjóði barna og miða að því að styrkja sjálfsmynd þeirra. Inga Bjarnason leikstjóri og kennari heldur utan um námskeiðin. Undanfarin ár hefur hún sinnt leiklistarkennslu fyrir börn, komið að barnaleiksýningum og haldið leiklistarnámskeið.

Inga Bjarnason hefur starfað sem leikstjóri undanfarin þrjátíu ár. Fyrir nokkrum árum fór hún í Listaháskóla Íslands og nam þar kennslufræði. Síðan þá hefur hún unnið mikið með börnum og starfar meðal annars við leiklistarkennslu í Mela- og Landakotsskóla. Hún hefur haldið námskeið á vegum Velferðarsjóðs barna, komið að leiksýningum fyrir börn ásamt fleiri verkefnum. Í haust kennir hún á námskeiðum á vegum sjálfsræktarsamtakanna Lausnin.

### Samvinna er lykilorð

„Ég vinn með hugtökin agi, einbeiting og samvinna. Leiklistin er gott tæki til að örva ímyndunaraflið og styrkja sjálfstraustið. Krakkarnir læra að vinna saman, að taka tillit til hvers annars og bera virðingu fyrir hugmyndum hinna. Í leiklist tjáum við tilfinningar og lærum að skilja bæði okkar eigin tilfinningar og hvað annað fólk er að ganga í gegnum.“

### Leiklist er fyrir alla

Leiklist er ekki bara fyrir þá sem njóta þess að vera í sviðsljósinu. „Það sem er svo fallegt við leiklistina er að þar geta allir tekið þátt á sínum forsendum. Ég hef verið með nemendur sem hafa átt erfitt með bóknám, verið einangraðir félagslega eða átt erfitt uppdráttar á annan hátt. Leiklistin getur hjálpað þessum krökkum sem öðrum að efla sjálfstraustið og samskiptahæfni svo um munar.“

Um tvenns konar námskeið er um að velja. Annars vegar eru það tíu vikna leiklistarnámskeið sem haldin eru í húsnæði Lausnarinnar og svo ellefu vikna barnaleikhúsnámskeið sem endar með sýningu í Iðnó við Reykjavíkurtjörn.

### Leiklistarnámskeið

„Við förum í leiki, spinnum senur og stutt leikrit, æfum framsögn og lærum slökun. Að lokum er lítil sýning á vinnu barnanna fyrir nánustu aðstandendur.“ Stuðlað verður að því að kenna nemendum innri stjórnun, auka öryggistilfinningu og efla sjálfsvirðingu og almenna hæfni til að takast á við umhverfið.

> **Það sem er svo fallegt við leiklistina er að þar geta allir tekið þátt á sínum forsendum**

Tvö námskeiðanna eru fyrir 9-10 ára sem eru aldurs- og kynjaskipt. Fyrir 11-12 ára er eitt námskeið fyrir bæði kyn. Námskeiðin fara fram í húsnæði Lausnarinnar í Síðumúla 13 í Reykjavík og hefjast í byrjun september.

### Barnaleikhúsnámskeið

„Námskeiðið hefst með hugmyndavinnu, þar sem krakkarnir taka þátt í að skrifa leikritið í samvinnu við mig. Síðan hefjast æfingar og verða þær fyrst um sinn í húsnæði Lausnarinnar en færast svo niður í Iðnó þegar nær dregur sýningunni. Það að ræða saman um hugmynd að leikriti og komast að niðurstöðu, æfa svo leikritið og sýna er frábær leið til að þjálfa aga, auka sjálfsstyrk og efla félagslega færni.“ Að námskeiðinu koma fleiri fagaðilar. Trúður mætir á svæðið og hjálpar til við vinnuna auk búningahönnuðar sem hjálpar til við leikmynd, búninga og förðun. Þegar nær dregur sýningu mun æfingum fjölga í tvær til þrjár á viku eða eftir því sem þörf krefur. „Að setja upp leiksýningu krefst þess að nemendur séu tilbúnir að leggja á sig töluverða vinnu.“ Námskeiðið er fyrir krakka á aldrinum 11-14 ára og hefst 11. september.

### Gott fyrir alla að endurnýja sig

„Ég hafði kennt fullorðnum við leiklistarháskóla og leikstýrt menntuðum leikurum um árabil áður en ég söðlaði um. Ég þurfti bara á endurnýjun að halda. Það er voðalega gott að endurnýja sjálfan sig.“

Spurð um hvernig kynslóðamunurinn virki á krakkana þar sem Inga er töluvert eldri en þau segir hún þau líta á sig sem hálfgerða ömmu. „Krökkunum finnst ég vera svona skrítin amma sem hleypur, hoppar og situr á gólfinu. En þegar ég vinn með krökkunum verð ég eins og tíu ára en held að sjálfsögðu ávallt fagmennskunni,“ segir Inga glöð í bragði. Allar nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á www.lausnin.is.



Í haust kennir Inga Bjarnason á námskeiðum á vegum sjálfsræktarsamtakanna Lausnin. MYND/VALLI



## SKÓLAR ERU EIN MIKILVÆGASTA EIGN OKKAR

**Fyrsti skólinn** á Íslandi er talinn hafa verið á Bæ í Borgarfirði en hann var stofnaður árið 1030. Þar hélt Rúðólfur biskup uppi skóla í tuttugu ár áður en hann fluttist síðar út árið 1050 til Englands. Næst stofnaði Ísleifur biskup skóla í Skálholti og stofnaði Teitur sonur hans síðar skóla í Haukadal, þar sem Ari fróði stundaði nám. Á þeim tíma voru það einungis piltar sem fengu að stunda nám.

Skólar eru eitt það verðmætasta sem mannkynið á enda hafa skólar mikilvægum hlutverkum að gegna. Í skólum vex nemendum kunnátta og leikni, þar eru börnin alin upp sem Íslendingar og þeim kennt að gæta menningarverðmæta þjóðar sinnar.

Skólarnir eru eins og nokkurs konar landvættir sem hlúa að öllu því besta í íslenskri þjóðarsál en vísa á bug allri ómenningu.

## SJÁLFSSTYRKING FYRIR BÖRN OG UNGLINGA

**Vímulaus æska,** Foreldrahús verður með námskeið í sjálfsstyrkingu í september fyrir börn og unglinga. Á námskeiðinu er lögð áhersla á að auka sjálfstraust, félagsfærni, samskiptahæfni, tilfinningaþroska og sjálfsþekkingu. Námskeiðið er 18 klukkustundir sem dreifast yfir tólf vikna tímabil og er ætlað börnum og unglingum frá 10–17 ára.

Leiðbeinendur sameina hæfni á sviði sköpunar og mannlegra samskipta og aðstoða börnin og unglingana við að beita innsæi, getu, reynslu og tjáningu til að ná félagslegri og tilfinningalegri kjölfestu. Með námskeiðinu er verið að efla sjálfstæði, sköpun, tengsl, sjálfsþekkingu og samvinnu. Hlustun og munnleg tjáning eru mikilvægir þættir sem haldið er vel utan um innan hópavinnunnar. Þannig fá allir að upplifa þá virðingu, vinsemd og viðurkenningu sem þeir þurfa og eiga skilið. Vímulaus æska – Foreldrahús eru grasrótarsamtök sem eru starfandi fyrir allt landið. Samtökin voru stofnuð árið 1986. Vímulaus æska rekur Foreldrahúsið í Borgartúni 6. Frekari upplýsingar má finna á vefnum Vimulaus.is.



## UPPHAF FJARNÁMS

**Þótt flestir tengi fjarnám** við tölvur og internetið má rekja elstu heimildir um fjarnám til ársins 1728. Þá birtist auglýsing í bandaríska dagblaðinu Boston Gazette þar sem kennari óskaði eftir nemendum til að kenna í fjarnámi. Háskólinn í London bauð þó upp á fyrstu háskólagráðuna gegnum fjarnám árið 1858. Fjarnám var lengi vel háð góðum póstsamgöngum enda var allt kennsluefni og verkefni nemenda send með pósti. Frekari framþróun varð á fjarnámi undir lok 19. aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu, þá sérstaklega í Bandaríkjunum, Ástralíu og Englandi. Um 1970 voru háskólar farnir að nýta útvarps- og sjónvarpssendingar fyrir miðlun námsefnis. Internetið gjörbreytti síðan fjarnámi. Miðlun efnis varð mun ódýrari, hraðari og bauð upp á margfalt meiri möguleika í framsetningu námsefnis. Undanfarin ár hefur orðið mikill vöxtur í fjarnámi í heiminum. Bæði hafa nemendur klárað allt háskólanámið í fjarnámi og tekið einstök fög.



VELKOMIN Á BIFRÖST

# Spennandi námskeið í símenntun

Háskólinn á Bifröst býður upp á fjölbreytt námskeið í hagnýtu fjarnámi á sviði símenntunar.



**Máttur kvenna**

Rekstrarnám fyrir konur sem hafa áhuga að bæta rekstrarþekkingu sína. Námið stendur í þrjá mánuði og hefst á vinnuhelgi á Bifröst. Kennsla fer svo fram í fjarnámi og geta þátttakendur hlustað á fyrirlestra á netinu og unnið verkefni hvenær sem þeim hentar.

**Verslunarstjórnun**

Um er að ræða starfstengt fjarnám sem er kennt á þremur önnum. Markmiðið er að auka hæfni og þekkingu starfsfólks sem vinnur við verslun og þjónustu. Starfsmenntasjóður verslunar- og skrifstofufólks veitir félagsmönnum VR styrk fyrir allt að 75% af skólagjöldum.

**Sterkari stjórnsýsla**

Hagnýtt nám fyrir stjórnendur í sveitarfélögum og í skólakerfinu. Markmið námsins er að auka þekkingu og hæfni stjórnenda til að takast á við krefjandi starfsumhverfi og móta framtíðarsýn fyrir þær stofnanir sem þeir leiða. Kennt er í fjarnámi og er námstíminn 12 vikur.

Nýtt!

**Stjórnun í ferðaþjónustu**

Sérsniðið nám fyrir stjórnendur og rekstraraðila í ferðaþjónustu. Markmiðið er að auka leikni og þekkingu ferðaþjónustuaðila til að takast á við ögrandi starfsumhverfi og auka samvinnu þeirra í milli. Námsgreinarnar eru þrjár og eru kenndar í fjarnámi á 9 vikum.

**Opið fyrir umsóknir til 1. september á bifrost.is.**
**Nánari upplýsingar á bifröst.is og í síma 433 3000.**

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
FÓTAAÐGERÐIR + SOGÆÐANUDD upp fyrir hné. Vönduð vinna, líkþorn fjarlægð, sveppagreining og hreinsun. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**Smáskipanámskeið (x. pungapróf)**
**í fjarnámi og staðarnámi byrja 3. sept. 2012 og skemmtibátanámskeið í fjarnámi byrjar 3. sept. 2012. Námskeiðin eru frá 3. sept. til 13. okt. 2012. Kjartan Örn, hjá Tækniskólanum, veitir upplýsingar um námskeiðið í síma 895 1414 og skráning er á www.tskoli.is.**

## Kennsla



**Comenius University in Bratislava Jessenius Faculty of Medicine í Martin Slóvakía**
**Inntökupróf í læknisfræði verður haldið í Reykjavík mikvikudaginn 29. Ágúst n.k.. Ekkert prófogjald. Þeir sem hafa áhuga á að taka prófið hafið samband í s. 5444333 og 8201071 eða kaldasel@islandia.is**

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Herbergi til leigu í Álftamýri fyrir reglusaman einstakling. Uppl. í s. 865 9637.

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

**Gistiheimili - Guesthouse**

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

## Húsnæði óskast

55 ára kk vantar herb. í 6 vikur. rólegur/reglusamnur. s.8960935 rjs2@hi.is

Óska eftir 3ja herb. íbúð til leigu á sv. 101-105-107. Meðmæli, reglusemi, bankaábyrgð og skilvísum greiðslum heitið. Baldvin Uppl. í s. 691 8718.

## Sumarbústaðir

**Sumarhúsalóðir í Kjósinni**
Til sölu sumarhúsalóðir í landi Möðruvalla 1 (Norðurnes) í Kjós. Nánari upplýsingar á nordurnes.info og símum 5616521 og 8921938.

## Atvinnuhúsnæði

**51,6 m2 iðnaðarbil**
Nokkur bil af þessari fágætu og eftirsóttu stærð til sölu. Lofthæð: 3,9 m. Hurð 3,6 m. Uppl. í S: 660 1060 og 661 6800 Facebook:/Steinhella 14

130fm + 30fm á annari hæð = 160fm atvinnuhúsnæði til leigu við Auðbrekku í Kóp með innkeyrsluhurð.Hentugt f verslun, heildv, léttan iðnað. Uppl. s: 894 2339.

## Gisting

ÍBÚÐ Í KÖBEN.is
12 GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR Á BESTA STAÐ Í KÖBEN TIL LEIGU ALLT ÁRIÐ UM KRING
STAÐSETNING FLENSBORGGADE 39
Verð frá 1050 dkr/nóttin f. 3ja herb.íb. Nánari uppl. í síma 891 8612 | +45 2711038
apartments.cph@gmail.com
www.ibudikoben.is
stracta

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Aðgangur 8-22 alla daga. Búslóðir - fyrirtæki - iðnaðarm. Upphitað og öryggisvöktun. S: 564-6500.

**Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.**
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

**Geymslur.com**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Eld Smiðjan ENGRI LÍK!

**Eldsmiðjan**
**Hefurðu reynslu af pizzubakstri?**
**Ertu til í 100% vaktavinnu á góðum og traustum vinnustað? Ef þú ert jafn duglegur og fólkið sem er þar fyrir, talar góða íslensku, getur mætt á réttum tíma og finnst gott að vinna með góðu fólki þá er Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut rétti staðurinn fyrir þig. Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

SAFFRAN

**Saffran**
**Ef þú ert dugleg/ur, eldri en 20 ára, snyrtileg/ur, mætir alltaf á réttum tíma og vantar vinnu þá gætum við verið með rétt starf handa þér. Okkur vantar starfsmann í 100% starf í vaktavinnu í eldhúsið í Glæsibæ. Til þess þarftu að geta talað íslensku eða mjög góða ensku. Okkur vantar líka fólk í salinn (mjög góð íslenskukunnátta) og í eldhúsið í hlutastarf bæði í Glæsibæ og á Dalvegi Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

**Meðhöndlun og merking á fatnaði**
**Hýsing - vöruhótel, Skútuvogi 9, óskar eftir starfsfólki í talningu og dreifingu á fatnaði og annarri sérvöru. Í því felst ísetning herðatrjáa og öryggis-, verð- og strikamerkingar. Vinnutíminn er 8:00-16:30. Umsóknir skulu fylltar út á www.voruhysing.is.**

HANDVERK Í HÁVEGUM HAFT KORNIÐ BAKARÍ

**Afgreiðslufólk óskast!**
**á virkum dögum í bakaríin okkar. Framtíðarstarf. Umsóknir sendist með nafni, síma og heimilisfangi á netfangið umsokn@kornid.is**

MOSFELLS BAKARÍ

**Mosfellsbakarí - Mosfellsbæ.**
**Óskum eftir þjónustulunduðu, hressu og samviskusömu fólki til starfa í afgreiðslu í verslun okkar í Mosfellsbæ.**

**Vinnutími er virka daga frá 13:00-18:30 og aðra hverja helgi annann daginn. Nánari upplýsingar veitir Áslaug í síma 5666145, 6602155 eða á staðnum. Einnig er hægt að senda inn umsókn á netinu. Slóðin er www. mosfellsbakari.is/umsókn.asp**

Starfsfólk óskast
MOKKA KAFFI
Skólavörðustíg 3a, 101R
Opið daglega kl. 9.00 - 18.30

Starfsfólk óskast dagvaktir í fullt starf og í hlutastarf. Æskilegur aldur 20 ára og eldri. Upplýsingar veittar á staðnum.

**Bakari / Kaffihús í Skipholti**
**Óskar eftir starfskrafti fyrir og eftir hádegi. Ekki yngri en 25 ára. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar í síma 820 7370 Ragga sveinsbakari@sveinsbakari.is**

STAY APARTMENTS

STAY APARTMENTS leitar eftir þernu í fullt starf. 20 ára eða eldri. Dagvinna og 2. hver helgi. Góð laun fyrir duglegan starfskraft. Vinsamlegast sendið umsóknir á stay@stay.is

Rizzo Pizzeria

**Rizzo Pizzeria Hlutastarf**
**Vantar afgreiðslufólk í sal. Umsókn með upplýsingum um viðkomandi, reynslu og fyrri störf sendist á rizzo@rizzo.is Frekari fyrirspurnir sendist á rizzo@rizzo.is**

**Veislulist Skútan**
**Óskar eftir starfsmanni í útkeyrslu og aðstoð í eldhús. Upplýsingar veitir Sigurpáll í síma 565 1810**

Vantar starfsmann í afgreiðsu í mötuneyti, viðkomandi þarf að vera heiðarlegur, stundvís og íslenska skilyrði. Uppl. á baunkhi@gmail.com

Hótel í miðborg Rvk. óskar eftir vönu fólki í þrif á herbergjum uppl. 822 5778.

Óska eftir starfskrafti í vörukynningar 3-4 daga í viku. Uppl. s. 866 6610.

We are looking for a good worker to work in asphalt repairs. A lot of work available for the right person! Driving license for trucks is desirable. For further info and to applicate for the job please contact - Þorvarður - 823 3446.

Culiacan óskum eftir starfsmanni í 50%, unnið er alla virka daga frá 11:30 - 17:00 uppl. Þórir 8688489

Vantar málara eða vana menn. Uppl. s. 893 0225.

Hressingarskálinn leitar að fólki með reynslu í eldhús og þjóna í sal. Áhugasamir sendið póst á hresso@hresso.is eða fyllið út umsókn á staðnum, Asturstræti 20

Vanta 2 starfsmenn, íslenskumælandi, hjá fyrirtæki í matvælaframleiðslu í Hafnarfirði. Umsóknir sendis á helen@gunnars.is

Þvottahúsið Fjöður óskar eftir starfskrafti við útkeyrslu og vinnu við þvottavélar. 100% starf í boði. Getur hafið störf strax. Umsóknir sendist á fjodur@fjodur.is

**Veitingarstaður**
Panorama veitingarstaður óskar eftir þjón og aðstoðar kokk í morgunmat og kvöldmat. frekari uppl. panorama@panoramaice.is eða 551 5800 / 691 1905.

Óska eftir gröfumanni til starfa á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. Gefur Pétur í síma 699-3090 eða tvok@internet.is

## Atvinna

ÍSLENSKA HAMBORGARAFABRIKKAN

**Vilt þú starfa í eldhúsi Hamborgarafabrikkunnar?**

Við leitum að eldhússtarfsmanni í fullt starf. Reynsla af eldhússtörfum er skilyrði.

Við gerum kröfur um metnað og hressleika, samskiptahæfni og þjónustulund, heiðarleika og jákvætt viðhorf til lífsins.

Umsóknir ásamt mynd sendist á atvinna@fabrikkan.is






## Fasteignir

**Fasteignasala Mosfellsbæjar**
KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

**Lágholt 21 - 270 Mosfellsbær**




**Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:30 til 18:00**
Mjög fallegt og mikið endurnýjað 223,7 m2 einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Lágholt 21 í Mosfellsbæ. Eignin skiptist í forstofu, þrjú svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, gestasalerni, geymslu, eldhús, stofu, borðstofu og sjónvarpsstofu. Bílskúrinn er 30,4 m2. **V. 49,5 m.**

## Atvinna

# STARFSFÓLK ÓSKAST!

**English Pub** í Reykjavik óskar eftir að ráða barþjóna og fólk til að starfa við þrif í sal og glasatínslu. **Upplýsingar** veitir Jói eða Elva á English Pub eftir hádegi alla daga.

**Óskum einnig** eftir **líflegum** og **fjörugum trúbadorum!**

THE ENGLISH PUB
Save Water, Drink Beer

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÞÓRARINN ELDJÁRN RITHÖFUNDUR** á afmæli í dag

*„Rétt rekin jafnréttisbarátta á að leiða af sér bæði karl- og kvenfrelsi.“*

ELÍZA NEWMAN: SEMUR Á ÍSLENSKU Í FYRSTA SINN UM ÁRABIL

## Er voðalega íslensk í mér

Tónlistarkonan Elíza Newman leggur þessa dagana lokahönd á sína þriðju sólóplötu sem kemur út á Íslandi í haust. Elíza syngur á íslensku á plötunni en það er í fyrsta sinn síðan hún var í Kolrössu krókríðandi sem hún gefur út plötu með íslenskum textum. Heimþrá til Íslands var kveikjan að því að hún fór að syngja á íslensku á nýjan leik. „Ég komst ekki heim til Íslands í fyrra og fékk mikla heimþrá. Til að svala henni fór ég að lesa Laxness og íslensk ljóð. Daginn sem ég fór að blaða í Íslensku ljóðasafni sem ég erfði eftir móður mína samdi ég tíu lög held ég við ljóð íslenskra skálda og raunar munu þrjú þeirra rata á plötuna,“ segir Elíza sem meðal annars flutti lag sitt við ljóðið Heimþrá eftir Jóhann Sigurjónsson á tónleikum á Eyrarbakka síðustu helgi við góðar undirtektir.

„Ljóðin komu mér af stað í því að syngja á íslensku aftur og í kjölfarið fór ég að semja á íslensku í fyrsta sinn í mörg ár, fann tungumálið aftur ef svo má segja.“ Fyrsta lagið af plötunni er þegar komið í spilun, það heitir Stjörnuryk og hefur notið töluverðra vinsælda í sumar. Þess má svo geta að Elíza stefnir á að ensk útgáfa plötunnar komi út í byrjun næsta árs.

Elíza er búsett í London, en hún flutti þangað árið 2009. „Ég bjó líka í London á árunum 1999 til 2006. Þá kom ég heim og fór í kennaranám í Listaháskólanum. Ég flutti svo aftur út og fór í meistaranám í kennslufræðum tónlistar með sálfræðiívafi. Síðan ég lauk því þá hef ég unnið sem tónlistarkennari í skóla fyrir unglinga sem hafa lent í útistöðum í lífinu.“ Samhliða kennslu vinnur Elíza við lagasmíðar fyrir aðra en hún skrifaði nýverið undir höfundarréttarsamning við Wixen music og má þess geta að lag hennar I Wonder mun hljóma í ástralska þættinum Winners and Losers.



**ELÍZA NEWMAN** Sækir innblástur í íslensk ljóð á væntanlegri plötu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Spurð hvort hún stefni á að flytja aftur heim til Íslands segir Elíza að hún væri mjög til í það. „Ég er voðalega íslensk í mér og væri mjög til í að flytja heim ef ég fengi tækifæri til þess.“

Elíza leikur lög af plötunni á Melodica Acoustic Festival-hátíðinni sem haldin verður í Reykjavík næstu helgi. „Það er mjög gott að leika lögin fyrir aðra fyrst þegar platan er svona langt komin í vinnslu, það myndast viss orka þegar leikið er fyrir áheyrendur sem hjálpar mér að taka lokaákvarðanir um útgáfur laganna sem ég held að ég ætli að halda sem einföldustum.“ Gísli Kristjánsson tónlistarmaður og upptökustjóri leikur með henni en upplýsingar um tónleikatíma má fá á síðunni Melodicafestival.org.

sigridur@frettabladid.is

---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÁSTA KRISTINSDÓTTIR**
**Vallarbraut 6, Reykjanesbæ,**

lést þriðjudaginn 14. ágúst sl. Útför hennar fer fram frá Innri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 24. ágúst kl 13.00.

**Georg Árnason**
**Hrafnhildur Jónsdóttir**
**Inga Árnadóttir**
**Sölvi Stefánsson**
**Valdís Árnadóttir**
**Hulda Árnadóttir**
**Guðmundur Halldórsson**
**Kristín Árnadóttir**
**Hafþór Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**HILDEGARD BRANDT JÓNSSON**
**til heimilis að Kópavogsbraut 1b, Kópavogi,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 13. ágúst sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Þökkum auðsýnda samúð.

**Guðbjörg Fríða Ólafsdóttir**
**Árni Benediktsson**
**Elín Ólafsdóttir**
**Sævar Guðmundsson**
**Elísabet Þórdís Ólafsdóttir**
**Guðmundur Guðbjarnarson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HÁLFDÁN STEINGRÍMSSON**
**fv. prentsmiðjustjóri,**

sem andaðist á Landspítalanum, Landakoti miðvikudaginn 15. ágúst, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

**Ingibjörg Steindórsdóttir**
**Steindór Hálfdánarson**
**Sólrún Björnsdóttir**
**Stella Petra Hálfdánardóttir**
**Lárus Halldórsson**
**Kristín Hálfdánardóttir**
**Gunnar Hilmar Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, dóttir, systir, mágkona og amma,

**BERGÞÓRA JÓNSDÓTTIR**
**Suðurbraut 24, Hafnarfirði,**

lést á kvennadeild Landspítalans, mánudaginn 13. ágúst. Útför hennar fer fram frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 25. ágúst kl. 11.00.

**Óskar Óskarsson**
**Jóna Dóra Óskarsdóttir**
**Óskar Rúnar Harðarson**
**Sigþór Óskarsson**
**Jariya Tuanjit**
**Maren Óskarsdóttir**
**Valdimar Kristjánsson**
**Halldóra Hallbergsdóttir**
**Þuríður Jónsdóttir**
**Jóel Andersen**
**Hallbjörg Jónsdóttir**
**Róbert Gíslason**
**Berglind Jónsdóttir**
**Steinar Jónsson**
**og barnabörn.**

---



Okkar elskaða og dáða,

**HERDÍS PÉTURSDÓTTIR**
**frá Ísafirði, Akurholti 15, Mosfellsbæ,**

féll í valinn laugardaginn 18. ágúst sl. eftir harða og hetjulega baráttu við krabbamein. Bálför hennar hefur farið fram. Minningarathöfn og jarðsetning verða í kyrrþey. Við þökkum samúð og hlýhug vandamanna, vina og annarra. Starfsfólki á deild 21 a, á Landspítalanum, færum við bestu þakkir fyrir umhyggju og alúð. Það góða fólk gerði allt sem í þeirra valdi stóð; veitti lækningu, líkn og umhyggju af góðum hug og fremsta megni. Einnig þökkum við Jóhönnu Harðardóttur Kjalnesingagoða fyrir huggun og hughreystingu á þyrnum stráði göngu um dimman dal. Þeim sem vilja minnast Herdísar er bent á Styrktarfélagið Líf.

**Sigurður Helgi Guðjónsson**
**Helga Pálína Sigurðardóttir**
**Friðjón Sigurðarson**
**Bjarni Magnús Sigurðarson**
**Gunnhildur Berit Sigurðardóttir**
**Ronja Björk Bjarnadóttir**
**Vígsteinn Frosti Hauksson**
**Örlygur Skjöldur Hauksson**
**Dagur Jóhann Friðjónsson**
**Helga Ebenezersdóttir**
**systur og tengdabörn.**

---



Bróðir okkar,

**VALDIMAR TORFASON**
**frá Eysteinseyri, Tálknafirði,**

lést á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði 16. ágúst. Útförin fer fram frá Tálknafjarðarkirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 15.00.

**Systkini hins látna.**

---



Innilegar þakkir færum við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,

**MARGRÉTAR SVEINSDÓTTUR ZÚBER**
**Sóleyjarima 9, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki heimahlynningar og líknardeildar Landspítalans í Kópavogi.

**Guðbjörg Lóní Kristjánsdóttir**
**Anna Lísa Kristjánsdóttir**
**Leó E. Löve**
**Aníta Margrét Aradóttir**
**Kristján Jóhann Arason**
**Anna Margrét Leósdóttir.**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**DAGMAR GUÐMUNDSDÓTTIR**

sem lést á dvalarheimilinu Jaðri í Ólafsvík 12. ágúst sl., verður jarðsungin frá Ólafsvíkurkirkju föstudaginn 24. ágúst kl. 14.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Guðmundur Bergþórsson**
**Matthildur K. Friðjónsdóttir**
**Þorsteinn Bergþórsson**
**Ásdís U. Bergþórsdóttir**
**Helgi Kr. Gunnarsson**
**Hrönn Bergþórsdóttir**
**Björgvin Ármannsson**
**Freyja E. Bergþórsdóttir**
**Þórarinn S. Hilmarsson**
**Björk Bergþórsdóttir**
**Guðni Sigurðsson**
**Aron K. Bergþórsson**
**Kristín B. Karlsdóttir**
**Jóhanna Bergþórsdóttir**

---



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar föður okkar, tengdaföður og afa,

**EINARS MARKÚSSONAR**
**Funalind 1, Kópavogi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar Landspítalans í Kópavogi og Hjúkrunarþjónustu Karitas.

**Markús Einarsson**
**Hólmfríður Pálsdóttir**
**Árni Dan Einarsson**
**Sigrún Dan Róbertsdóttir**
**Kristín Einarsdóttir**
**Jón Karlsson**
**og barnabörn.**

---



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

**GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**
**Garðsenda 15, Reykjavík,**

lést á Landspítala, Landakoti, miðvikudaginn 15. ágúst. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 23. ágúst kl. 13.00.

**Bjarni Guðjónsson**
**Lóa Bjarnadóttir**
**Benedikt R. Lövdahl**
**Bjarni Benediktsson**
**Pétur Þór Benediktsson**
**Anna Kristín Guðmundsdóttir**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÁSTU LÚÐVÍKSDÓTTUR**
**fyrrv. kennara,**
**Þúfubarði 2, Hafnarfirði.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sólvangs fyrir umönnun og ástúð.

**Gunnar Geirsson**
**Guðfinna Kristjánsdóttir**
**Lúðvík Geirsson**
**Hanna Björk Lárusdóttir**
**Hörður Geirsson**
**Jóhanna S. Ásgeirsdóttir**
**Ásdís Geirsdóttir**
**Jón Páll Vignisson**
**Þórdís Geirsdóttir**
**Guðbrandur Sigurbergsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Dæmi:

# Þú kaupir allt fyrir skólann í Griffli en sonur Egils ekki. Hann borgar þar af leiðandi meira. Hvað er að syni Egils?







## Opnunartímar Griffils næstu vikuna

Alla virka daga og laugardaginn
Kl. 10-22

Sunnudaginn
Kl. 12-22

**GRIFFILL**
ALLTAF ÓDÝRARI

SKEIFUNNI 11 · 108 REYKJAVÍK · SÍMI 5331010

Auglýsingin gildir til og með 24. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** sléttur, **6.** í röð, **8.** af, **9.** starfsgrein, **11.** til, **12.** ávöxtur, **14.** dútl, **16.** tveir eins, **17.** form, **18.** drulla, **20.** sjó, **21.** krakki.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hæfileiki, **3.** frá, **4.** sárasótt, **5.** hvíld, **7.** kökugerð, **10.** op, **13.** rými, **15.** tísku, **16.** hald, **19.** kyrrð.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** jafn, **6.** áb, **8.** frá, **9.** fag, **11.** að, **12.** akarn, **14.** stúss, **16.** tt, **17.** mót, **18.** aur, **20.** sæ, **21.** krói.
**LÓÐRÉTT: 1.** gáfa, **3.** af, **4.** fransós, **5.** næð, **7.** bakstur, **10.** gat, **13.** rúm, **15.** stæl, **16.** tak, **19.** ró.


TVÆR VINSÆLAR




6GB MINNI OG 640GB DISKUR

TOSHIBA Toshiba SAT C855-18C

Kemur í flottum rauðum lit með Intel Pentium Dual Core örgjörva, 6GB vinnsluminni og stórum 640GB diski. Windows 7 Home Premium.




INTEL i7 IVY BRIDGE OG LEIKJASKJÁKORT!

TOSHIBA Toshiba L850-1FF

Þessi fer fljótt. Takmarkað magn á þessu ótrúlega verði. Intel Core i7 úr nýjustu kynslóð Ivy Bridge örgjörva með öflugu 2GB HD 7670 leikjaskjákorti, 8GB 1600MHz DDR3 minni og 500 GB hörðum diski.

tl.is
TÖLVU LISTINN

REYKJAVÍK AKUREYRI EGILSSTAÐIR KEFLAVÍK SELFOSS HAFNARFJÖRÐUR


# Eitt sinn verður allt fyrst

BAKÞANKAR
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ég get þetta alveg, hef bara aldrei gert þetta!“ Sex ára dóttir mín slengdi þessari staðhæfingu fram þar sem við horfðum á unga fimleikastúlku gera lipurlegar æfingar á slá í sjónvarpinu en sjálf á dóttirin að baki eitt barnanámskeið í fimleikum. Ég glotti út í annað að þessari digurbarkalegu yfirlýsingu hennar þar sem stúlkan í sjónvarpinu sýndi talsverð tilþrif og fram kom að hún hafði æft þessa íþrótt í nokkur ár. Sjálfri stökk henni þó ekki bros, það er að segja dóttur minni. Hún horfði bara áhugasöm á tilþrifin og stakk upp í sig pítsusneið með skinku og ananas.

**ÉG HEFÐI** geta þusað eitthvað um dramb og sjálfshól og að ekki þætti fínt að gaspra um eigið ágæti, sérstaklega ef hæpið væri að innistæða væri fyrir því, en beit í tunguna á mér. Það var eitthvað við einlægan tóninn og augnaráðið sem sagði mér að digurbarkaleg yfirlýsing stelpurófunnar hefði ekkert með sjálfshól að gera. Hvað átti ég líka með að vera að draga þá ályktun að hún gæti ekki eitthvað að því óreyndu?

**ÉG STÓÐ** mig að því að öfunda hana af þessu viðhorfi hennar þegar ég velti því betur fyrir mér. Öfund er auðvitað engin dyggð frekar en dramb svo ég fór fínt með það. En veit maður nokkuð hvað í manni býr fyrr en reynir á það? Getur maður verið viss um að mistakast eitthvað nema prófa? Ég held ekki. Sennilega er manni einmitt frekar hættara við að mistakast ef maður hefur enga trú á að manni takist það til að byrja með.

**SJÁLFSAGT** mætti skrifa þetta óttalausa viðhorf stelpurófunnar á árin hennar sex, sakleysi æskunnar og reynsluleysi. Kannski mun viðhorf hennar breytast eftir því sem fleiri hindranir verða á vegi hennar á lífsleiðinni og hún mun auðvitað mæta hindrunum. Það verður ekki hjá því komist og sem foreldri naga ég neglurnar niður í kviku yfir hinu ýmsa mótlæti sem ég veit að dóttir mín á eftir að upplifa.

**ÉG VONA** bara að hún gefist ekki upp þó á móti blási öðru hvoru. Ég vona að hún skipti ekki um skoðun. Því hugsanlega er þetta einmitt viðhorfið sem þarf til að yfirstíga allar hindranir. Ég get þetta alveg, hef bara aldrei gert þetta – áður!

## myndasögur

### Pondus
Eftir Frode Øverli




### Gelgjan
Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið
Eftir Tony Lopes




### Barnalán
Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




skólaritföng
skólaföt
skólatöskur
...og auðvitað
nestið í skólann
Allt í skólann
í einni ferð
Maybe bolur st. 128-176
2.299
Jeff bolur st. 128-176
2.299
Hettupeysa st. 122-176
TILBOÐ 2.999
fullt verð 4.999
Bolur st. 128-176
1.999
Úrval af
sundtöskum
Southwest Bound Taska
3.899
JEVA
Skólatöskurnar
ÓDÝRASTAR Í HAGKAUP
samkvæmt DV 15. ágúst
Blýantar 12 stk.
99
Strokleður
8
Yddari
99
Trélitir
99
Stílabækur
299
Pennaveski í úrvali
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan,
Eiðistorg & Akureyri
Gildir til 24. ágúst á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð

LJÓSMYNDASKÓLINN
www.ljosmyndaskolinn.is
skólasetning er fimmtudaginn 23. ágúst 2012

# menning

menning@frettabladid.is

**Í DAG** hefjast sýningar í Háskólabíói á heimildarmyndinni „Ég er ekki nógu gott landslag“ eftir Emilio Monaco sem fjallar um vinskap tveggja gamalla sjómanna, Sigfúss og Hjalta, sem stunda sjóinn úti fyrir Hofsósi. Myndin verður í sýningu í eina viku.



**KVISS BÚMM BANG** Vilborg, Eva Björk, Aðalbjörg og Eva Rán lögðust í heilmikla rannsóknarvinnu á vændi í Reykjavík við gerð verksins Downtown 24/7. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## LEIÐA GESTI INN Í HEIM VÆNDIS

**Á föstudag og laugardag verða nokkrar sýningar á nýju og áleitnu verki Kviss Búmm Bang, Downtown 24/7. Þar fá þátttakendur að kynnast heimi sem fáir vilja kannast við – heimi vændis á götum Reykjavíkur.**

Framandverkaflokkurinn Kviss Búmm Bang frumsýnir á föstudaginn verkið Downtown 24/7. Það eru þær Eva Rún Snorradóttir, Vilborg Ólafsdóttir og Eva Björk Kaaber sem tilheyra hópnum en í þetta sinn hafa þær fengið til liðs við sig leikkonuna Aðalbjörgu Árnadóttur. „Við erum orðnar eins og þríhöfða þurs, löngu farnar að hugsa eins og tala eins, þannig að það var mjög gott að fá ferskan andblæ inn í samstarfið,“ segir Vilborg um ástæðu þess að þær hleyptu utanaðkomandi konu að þríeykinu.

Downtown 24/7 tekur á vændi á Íslandi á vafalaust ögrandi og krefjandi hátt fyrir áhorfendur eða þátttakendur öllu heldur, þar sem sýningar Kviss Búmm Bang eru ekki með hefðbundnu sambandi leikara og áhorfenda. Verk Kviss Búmm Bang fjalla alla jafna um málefni sem brenna á liðskonum hópsins, þær hafa rannsakað þau og skapað út frá þeim rannsóknum einhvers konar félagslegan strúktúr sem þátttakendur verða partur af. „Við vildum skoða ástæður þess að fólk fer út í vændi og afleiðingar þess. Við vorum svo heppnar að fá til liðs við okkur þrjár konur sem tilheyra svokölluðum Svanahópi í Kristínarhúsi, en það er stuðningshópur fyrir konur sem vilja komast út úr vændi. Við komumst að því að nær allar konurnar sem leitað hafa í Kristínarhús höfðu orðið fyrir kynferðisofbeldi. Það er því oft slíkt ofbeldi og fátækt sem leiðir konur út í vændi. Þær glíma oft við áfallastreituröskun og mikla félagsfælni, enda er það augljóslega erfitt hér á Íslandi að vera stöðugt að mæta viðskiptavinum sínum, til dæmis þegar þeir eru úti á gangi með konum sínum og börnum,“ segir Vilborg. Hún segir margt hafa komið óþægilega á óvart við vinnslu verksins. „Við komumst að því að almennt hafa menn sem kaupa vændi þörf fyrir að gera konuna ómennska á einhvern hátt. Þeir vilja helst ekki vita að þær séu dætur einhvers eða systur. Það er markmið okkar með þessu verki að raddir þessara kvenna fái að heyrast og gera þær mennskar aftur,“ segir Vilborg.

Hún vill ekki fara nánar út í efnistök Downtown 24/7, enda megi ekki spilla upplifun þátttakenda, og ekki fæst einu sinni uppgefið hvar viðburðurinn verður, en það fá eingöngu þátttakendur að vita.

Þess má geta að á sunnudaginn klukkan 13 verður blásið til málþings í Tjarnarbíói, þar sem fjallað verður um kynferðisofbeldi. Þar munu liðskonur Kviss Búmm Bang taka til máls, auk fulltrúa frá Stígamótum og írska hópnum Brokentalkers, sem einnig kemur fram á LÓKAL. Eftir nokkrar vikur er svo væntanleg bók sem sýnir ferlið í heild, frá því undirbúningur að verkinu hófst og þar til það var tekið til sýninga.

holmfridur@frettabladid.is

### LÓKAL – HVAÐ ER ÞAÐ?

Fjögur íslensk verk verða frumsýnd á alþjóðlegu leiklistarhátíðinni LÓKAL sem hefst í dag og stendur til 26. ágúst. Auk frumsýningar Kviss Búmm Bang, sem greint er frá hér á síðunni, frumflytja dansarinn Margrét Sara Guðjónsdóttir, sviðslistamaðurinn Friðgeir Einarsson og leikkonan Álfrún Örnólfsdóttir verk á hátíðinni.

Markmið LÓKAL er að kynna nýjar og spennandi sýningar fyrir íslenskum leikhúsgestum og tengja íslenska leikhúslistamenn við erlenda kollega sína og alþjóðlegar stefnur og strauma í sviðslistum. Í ár er sérstakur fókus á leikhússenuna í Reykjavík, Berlín og Dublin.

Allar upplýsingar um LÓKAL er að finna á vefsíðunni www.lokal.is.





Nýtt verk um hið óþolandi óáþreifanlega sjálf!

eftir Álfrúnu Helgu Örnólfsdóttur, Margréti Örnólfsdóttur og Friðgeir Einarsson

Næstu sýningar

22.8 kl. 19:00 Frums. | 2.9 kl. 19.30
23.8 kl. 19:00 | 8.9 kl. 19.30
9.9 kl. 19.30

Sýnt í Kúlunni - Aðeins þessar sýningar!

Miðasala | 551 1200 | midi.is | leikhusid.is | facebook.com/kameljon.leikhus


### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 22. ágúst 2012**

**Tónlist**

**12.00** Magnús Ragnarsson orgelleikari leikur á orgel Dómkirkju Krists konungs í Landakoti á orgelandakt á hádegi. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Saxófónleikarinn Jóel Pálsson kemur fram með tríói Simon Toldham á jazzhátíð á Café Rosenberg.

**22.00** Aftan festival verður á Mamma mía í Sandgerði. Fram koma Dismiss of The Devine, Orfía, The Imminent G og 1860. 18 ára aldurstakmark er inn á hátíðina sem er styrkt af Menningaráði Suðurnesja og því ókeypis aðgangur.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is.**

## Trú og vald

Sagan af klaustrinu á Skriðu er ný bók eftir Steinunni Kristjánsdóttur fornleifafræðing sem hefur stýrt viðamiklum uppgrefti á Skriðuklaustri. Þar er saga staðarins rakin, sagt frá leitinni að klaustrinu sem er nýlokið og óvæntum niðurstöðum hennar.




Steinunn segir frá fjörugan og skemmtilegan hátt, án þess að slegið sé af fræðilegum kröfum og fyrir lesendum opnast heimur trúar og valds, lífs og dauða.

Í verkinu eru yfir 150 ljósmyndir, kort og teikningar. Sögufélagið gefur bókina út.




MIÐASALAN OPNAR 23. ÁGÚST OG ER OPIN ALLA VIRKA DAGA FRÁ KL. 13-19

Strandgata 12 600 Akureyri
sími 450 1000 www.menningarhus.is

HOF MENNINGARHÚS

# SJÁÐU

ENN FLEIRI SJÓNVARPSSTÖÐVAR
**FRÍTT MEÐ ÁSKRIFT**




## ÞRJÁR **NÝJAR** SJÓNVARPSSTÖÐVAR




### STÖÐ 2 **BÍÓ**

BÍÓVEISLA ALLAN SÓLARHRINGINN – ALLT ÁRIÐ UM KRING – ÞAR SEM MEIRA EN 200 FJÖLBREYTTAR OG VANDAÐAR BÍÓMYNDIR ERU SÝNDAR Í HVERJUM MÁNUÐI.




### STÖÐ 2 **GULL**

HEIMILI HELSTU SJÓNVARPSGULL-MOLANNA – BÆÐI INNLENDRA SEM ERLENDRA. VALDIR ÞÆTTIR ÚR SAFNI STÖÐVAR 2 Í BLAND VIÐ VINSÆLUSTU ERLENDU ÞÆTTI FYRR OG SÍÐAR.




### STÖÐ2 **KRAKKAR**

YNGSTU ÁHORFENDURNIR FÁ LOKSINS HEILA STÖÐ ÚT AF FYRIR SIG ÞAR SEM Í BOÐI VERÐUR TALSETT OG TEXTAÐ BARNAEFNI FRÁ MORGNI TIL SÍÐDEGIS.



### POPP **TÍVÍ**

FERSKLEIKINN ER Í FYRIRRÚMI Á KRÖFT-UGRI STÖÐ FYRIR UNGT FÓLK Á ÖLLUM ALDRI. ALLIR HEITUSTU NÝJU ERLENDU ÞÆTTIRNIR Í BLAND VIÐ ÖGRANDI OG NÝSTÁRLEGT INNLENT EFNI.

# MARGFALT

FLEIRI MÖGULEIKAR MEÐ **NETFRELSI**

**ÞÆTTIR OG KVIKMYNDIR EFTIR PÖNTUN**






## 28 DAGA **FRELSI**

HORFÐU HVENÆR SEM ER OG HVAR SEM ER Á ALLA NÝJUSTU ÞÆTTI STÖÐVAR 2 OG POPPTÍVÍ Í 28 DAGA EFTIR FRUMSÝNINGU.




## KVIK**MYNDIR**

HORFÐU HVENÆR SEM ER OG HVAR SEM ER Á VALDAR BÍÓMYNDIR Í 28 DAGA EFTIR FRUMSÝNINGU Á STÖÐ 2.




## FRÆÐSLUEFNI

VANDAÐ OG FJÖLBREYTT FRÉTTA-, HEIMILDA-, OG FRÆÐSLUEFNI ÚR SMIÐJU HBO, DISCOVERY O.FL.




## KLASSÍSKT **ÍSLENSKT**

VALDIR INNLENDIR ÞÆTTIR ÚR SAFNI STÖÐVAR 2 ÞAR SEM ALLIR ÆTTU AÐ FINNA EITTHVAÐ VIÐ SITT HÆFI.




## BARNA**EFNI**

ÚRVAL AF UPPÁHALDSBARNAEFNI YNGSTU ÁSKRIFENDA STÖÐVAR 2 – TALSETT EÐA TEXTAÐ – BÍÓMYNDIR OG ÞÆTTIR.

Nú fylgja þrjár nýjar stöðvar, Popptíví, Stöð 2 Gull og Stöð 2 Krakkar frítt með áskrift að Stöð 2 ásamt Stöð 2 Bíó. Þjónusta við áskrifendur hefur einnig margfaldast með stórauknu framboði af efni á Netfrelsi Stöðvar 2. Þar má nú horfa hvenær sem er og hvar sem er á alla nýjustu þættina og bíómyndirnar af Stöð 2 og Popptíví í 28 daga eftir frumsýningu, vel valda innlenda þætti úr safni stöðvar 2, úrval af talsettu barnaefni og vandað fræðsluefni beint í sjónvarpið þitt, símann, tölvuna eða spjaldtölvuna.

ALLT ÞETTA FYRIR
**254 KR.** Á DAG

**MARGFALT SKEMMTILEGRI**

SAMBÍÓIN SAMbio.is







SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP REVOLUTION | 3:40-5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU. TALI | KL. 8 - 10:20 | 2D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 6 - 8 - 10 | 2D | 12 |
| DARK KNIGHT RISES VIP | KL. 4 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |
| UNDRALAND IBBA ÍSL. TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE DARK KNIGHT RISES | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 5:40 - 8 | 2D | 7 |
| STEP UP REV.. ÓTEXT. | KL. 10:30 | 3D | 7 |
| TOTAL RECALL | KL. 8 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:30 | 3D | L |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| BRAVE ENSKU TALI | KL. 9 | 2D | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | | |
|---|---|---|---|
| BRAVE HIN HUGRAKKA ÍSL. TALI | KL. 6 | 3D | L |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 3D | 7 |
| DARK KNIGHT RISES | KL. 10:10 | 2D | 12 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 6 - 8 - 10:10 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | | |
|---|---|---|---|
| STEP UP REV. | KL. 5:50 - 8 - 10:20 | 2D | 7 |
| DARK KNIGHT RISES | 5:30 - 9 | 2D | 12 |
| BRAVE ÍSL. TALI | KL. 5:50 | 3D | L |
| SEEKING A FRIEND | KL. 8 | 2D | 12 |
| MAGIC MIKE | KL. 10:20 | 2D | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | | |
|---|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 10:10 | 2D | 16 |
| STEP UP REVOLUTION | KL. 8 | 2D | 7 |
| SEEKING A FRIEND | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |

KYNNTU ÞÉR VILDARKERFI SAMBÍÓA
SAMbio.is



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE EXPENDABLES 2 LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | KL. 5.45 / 2D KL. 3.30 | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 2D | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | KL. 5.45 | L |
| TOTAL RECALL | KL. 8 - 10.35 | 12 |
| ÍSÖLD 4 3D ÍSL.TAL | KL.3.40 / 2D ÍSL.TAL KL. 3.40 | L |
| TED | KL. 8 | 12 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 10.20 | 10 |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS 5%

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 6 - 9 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| TO ROME WITH LOVE | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ÍSÖLD 4 2D ÍSL.TAL | KL.5.40 | L |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | KL. 5.50 - 8 - 10 | 16 |
| THE WATCH | KL. 8 - 10 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.50 | 12 |

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075
5%




LAUGARÁSBÍÓ Sýningartímar

| | | |
|---|---|---|
| THE EXPENDABLES 2 | 6, 8, 10.10(P) | 16 |
| THE WATCH | 8, 10.20 | 12 |
| PARANORMAN 3D | 4, 6 - ISL TAL | 7 |
| BRAVE: HIN HUGRAKKA 3D | 4 - ISL TAL | L |
| INTOUCHABLES | 3.50, 5.50, 8, 10.20 | L |





**REYKJAVIK FILM ACADEMY** Þeir Steven Meyers, Þorgeir Guðmundsson og Henry Bateman standa saman að stofnun Reykjavik Film Academy. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Kvikmyndanámskeið fyrir útlendinga hefjast í haust

**Hópur kvikmyndagerðarmanna er að setja á stofn Reykjavik Film Academy sem mun bjóða upp á námskeið fyrir útlendinga frá og með haustinu.**

„Við byrjum í haust með sex vikna kvikmyndagerðarprógramm fyrir útlendinga sem vilja upplifa Ísland og læra kvikmyndagerð í leiðinni,“ segir Steven Meyers. Hann er að setja á laggirnar kvikmyndaskólann Reykjavík Film Academy ásamt þeim Þorgeiri Guðmundssyni og Henry Bateman.

Áhersla verður lögð á leikstjórn og handritagerð á námskeiðunum sem fara fram á ensku. „Þetta er tækifæri fyrir upprennandi kvikmyndagerðarmenn hvaðan að úr heiminum sem vilja gera sína fyrstu stuttmynd eða bæta við kunnáttu sína,“ nefnir Þorgeir og Steven bætir við: „Ég var í þessum sporum á mínum yngri árum og var að leita að stað til að læra kvikmyndagerð í stuttan tíma. Ég fór í árs prógramm í FAMU í Prag og það var stökkpallur fyrir mig. Ég notaði stuttmyndina sem ég gerði þar til að komast inn í meistaranám í leikstjórn í Columbia-háskólanum í New York.“

Þorgeir og Steven kynntust við nám í Columbia. Þeir hafa báðir mikla reynslu af kvikmyndagerð og kennslu, þar á meðal við Kvikmyndaskóla Íslands. Henry, samstarfsaðili þeirra, kom svo inn í verkefnið eftir að hann heillaðist af Íslandi við tökur á heimildarmynd sinni Future of Hope, sem gerð var í kjölfar efnahagshrunsins.

Í framtíðinni stefna þeir á að bæta við fleiri tegundum námskeiða. Þá héldu þeir námskeið í síðustu viku fyrir börn á aldrinum sex til þrettán ára í Bíói Paradís. „Rúmlega tuttugu krakkar komu og bjuggu til stuttmyndir. Það gekk vonum framar og bíóið fylltist þegar fjölskyldur komu að sjá myndirnar,“ lýsir Steven spenntur fyrir framhaldinu. Hann bætir við að þó áherslan sé á útlendinga með áhuga á Íslandi taki þeir Íslendingum opnum örmum.

Nánari upplýsingar er að finna á Reykjavikfilmacademy.com.

hallfridur@frettabladid.is

# Gott yfirlit yfir skemmtilegan feril

Tónlist ★★★★★

**Sumarliði, hippinn og allir hinir**

Bjartmar Guðlaugsson




**Geimsteinn**

Sumarliði, hippinn og allir hinir er þriggja diska, sextíu laga safn Bjartmars Guðlaugssonar og kom út í tilefni af sextugsafmæli hans fyrr í sumar. Bjartmar hóf ferilinn sem laga- og textasmiður og vakti athygli fyrir textana sína áður en hann fór sjálfur að syngja. Strax í laginu Súrmjólk (í hádeginu), sem Guðmundur Rúnar Lúðvíksson söng fyrst inn á plötu, kom hæfileiki Bjartmars til þess að fanga tíðarandann í ljós. Í því er hversdagslífið skoðað með augum fimm ára lyklabarns. Sá texti hitti beint í mark og það gera margir af textunum sem eru í afmælispakkanum.

Bjartmar hefur gott brageyra, en það sem gerir textana hans svona skemmtilega er samt fyrst og fremst húmorinn, kjarnyrtar lýsingar og sýn hans á íslenskt þjóðlíf. Bjartmar hefur alveg sinn vinkil. Hann segir sögur af Íslendingum. Það er stundum ádeila í textunum hans, en hún er ekki aðalatriðið. Hjá Bjartmari fáum við að kynnast ótal skrautlegum persónum: nýhippahyskið vestur í bæ, blindfullur rammfalskur Samvinnukór, fyrirmyndarbarnið og félagsráðgjafinn koma upp í hugann.

En þó að textarnir séu sterkasta hlið Bjartmars þá er hann fínn lagasmiður líka. Hann kann að búa til grípandi melódíur eins og heyrist glöggt í vinsælustu lögunum hans, Hippanum, Týndu kynslóðinni, Ég er ekki alki, Negril, Súrmjólkinni, Sumarliði er fullur, Járnkallinum, Sólarlanda og öllum hinum. Tónlistin er líka oftast flott, hvort sem við erum að tala um fyrstu plötuna (skemmtilega frumstæð), metsöluplötuna Í fylgd með fullorðnum (ofurpró og vel unnin, enda sáu Mezzoforte-strákarnir um undirleik), eða nýjustu plötuna, hina rokkuðu Skrýtnu veröld, sem kom út fyrir tveimur árum. Plötur Bjartmars hafa selst misvel, en eins og heyrist vel hér eru fín lög á „óvinsælu“ plötunum líka.

Þetta er mjög þéttur sextíu laga pakki. Í plötubæklingnum eru tvær ritgerðir um Bjartmar, önnur er eftir Jónatan Garðarsson, hin eftir Helga Seljan. Fyrir okkur nördana hefðu mátt vera nákvæmari upplýsingar um plötur Bjartmars, listi yfir hljóðfæraleikara og þess háttar. Það má líka velta fyrir sér hvort sú leið sem farin var í lagaröðun sé sú besta. Hvort tveggja er þó aukaatriði. Aðalatriðið er að hér er að finna gott yfirlit yfir feril Bjartmars og tónlistin hans og textarnir hafa staðist tímans tönn. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Langþráð safn bestu laga Bjartmars Guðlaugssonar.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas




BÍÓ ★ PARADÍS

**MIÐVIKUDAGUR:** **TÍU TÍMAR TIL PARADÍSAR (TEDDY BEAR)** 18:00, 20:00, 22:00 ■ **HRAFNHILDUR** 18:00, 20:00 ■ STARS ABOVE 18:00 ■ RED LIGHTS 22:10 ■ BERNIE 20:00 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME (ENGLISH SUBS)* 22:00

**24. ÁGÚST: ELLES (ÞÆR) með Juliette Binoche!**

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.




Tilboð gildir til og með 22. ágúst 2012.

# sport

sport@frettabladid.is



**RAGNAR SIGURÐSSON** og félagar í FC Kaupmannahöfn unnu 1-0 sigur á Lille í gærkvöldi í fyrri viðureign liðanna um laust sæti í riðlakeppni Meistaradeildar Evrópu. Ragnar lék allan leikinn í hjarta varnarinnar hjá danska liðinu sem fer með ágætt veganesti í síðari leikinn í Frakklandi að viku liðinni. Sölvi Geir Ottesen lék ekki með Kaupmannahafnarliðinu vegna meiðsla.

# Aldrei möguleiki gegn Ísraelum

**Íslenska karlalandsliðið í körfubolta beið lægri hlut gegn Ísrael með tuttugu og sjö stiga mun í viðureign liðanna í undankeppni Evrópumótsins í Laugardalshöll í gærkvöldi. Ísraelar buðu upp á skotsýningu frá fyrstu mínútu og íslensku strákarnir náðu aldrei að svara henni.**

**KÖRFUBOLTI** Ísland steinlá fyrir Ísrael, 110-83, í undankeppni Evrópukeppninnar í körfubolta og var mikill getumunur á liðunum í Laugardalshöllinni í gær.

Ísraelar hófu leikinn mun betur og komust strax sjö stigum yfir, 9-2. Gestirnir héldu áfram að bæta við stigum og Íslendingar réðu bara ekkert við hæð þeirra og styrk. Þegar 10 mínútur voru liðnar af leiknum var staðan orðin 29-19. Leikur Íslendingar virtist skána örlítið á þeim tíma en Ísraelar voru samt sem áður alltaf gríðarlega sterkir og einu skrefi á undan.

Jón Arnór Stefánsson fór á kostum í fyrri hálfleiknum og setti niður hverja körfuna á fætur annarri í hálfleiknum en hann gerði 14 stig á fyrsti tuttugu mínútum leiksins. Þegar liðin gengu til búningsherbergja staðan 50-36 fyrir gestina en það var samt sem áður einhver neisti í íslensku strákunum. Í síðari hálfleiknum hélst stór munur á liðunum og Ísland náði aldrei að komast inn í leikinn.

Ísraelar voru sterkari á flestum sviðum og greinilega miklir íþróttamenn á ferðinni. Þegar leið á hálfleikinn juku gestirnir bara forskot sitt og gerðu oft á tíðum lífið leitt fyrir okkar menn. Strákarnir mega aftur á móti eiga það að þeir börðust allan tímann og hættu aldrei að spila körfubolta, munurinn á liðunum var einfaldlega of mikill.

### Vorum alltof linir

„Við vorum bara alltof linir og börðum ekki nægilega vel frá okkur í kvöld,“ sagði Hlynur Bæringsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, eftir tapið í gær.

„Þó svo að þeir hafi verið að hitta vel þá fannst mér aðalástæðan fyrir þessu stóra tapi vera hvað við vorum kurteisir við þá á vellinum. Mér fannst við vera að ná ágætu áhlaupi á þá í byrjun síðari hálfleiksins en það er bara svo stutt á milli í þessari íþrótt og allt í einu voru þeir komnir alltof langt frá okkur,“ sagði Hlynur.

Jón Arnór Stefánsson, leikmaður íslenska landsliðsins, átti fínan leik í gærkvöldi og var einn af okkur bestu mönnum með 17 stig.

„Það er ekki mikið jákvætt hægt að segja eftir svona leik, þeir voru gríðarlega góðir í kvöld og tættu okkur í raun í sundur. Þeir nýttu sér veikleika okkar í kvöld og voru greinilega búnir að skoða okkur vel fyrir leikinn. Skotnýtingin þeirra var svakalega góð og við áttum í raun aldrei möguleika. Það var frábær stemmning í Höllinni í kvöld og virkilega gaman að spila fyrir framan þessa áhorfendur, við verðum bara að lofa betri leik hér eftir viku gegn Eistum.“ - sáp



**ENGIN LEIÐ** Jakob Örn Sigurðarson átti í mestu vandræðum með sterka Ísraelsmenn sem voru sært dýr eftir tvö naum töp í fyrstu tveimur leikjunum. Allt gekk upp hjá Ísraelsmönnum í gær og róðurinn því þungur hjá íslenska liðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LURKUM LAMINN** Jón Arnór Stefánsson fékk að kenna á því í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**ARNÓR ATLASON** Þarf að taka erfiða ákvörðun á næstu dögum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Arnór Atlason enn án félags:

## Ákveður sig í lok vikunnar

**HANDBOLTI** Landsliðsmenn Íslands sem léku með hinu gjaldþrota félagi AG í Kaupmannahöfn eru enn allir án félags.

Arnór Atlason, sem var fyrirliði AG, tjáði Fréttablaðinu í gær að hann væri með tilboð frá Þýskalandi, Jótlandi og Svíþjóð.

„Þetta er mjög erfið ákvörðun fyrir mig og ekki síst vegna fjölskyldunnar. Strákurinn minn var að byrja í skóla hér í Kaupmannahöfn í síðustu viku og konan mín á von á sér á hverri stundu,“ segir Arnór og bætti við að ef hann færi til Svíþjóðar myndi hann líklega búa áfram í Kaupmannahöfn.

Nokkrir af leikmönnum AG eru að reyna að reisa félagið við í breyttri mynd en þeir sem að því félagi standa hafa ekki rætt við Arnór um að vera með í því verkefni.

Snorri Steinn Guðjónsson, sem einnig lék með AG, segir að sín staða sé óbreytt.

„Ég er búinn að gefa frá mér ýmislegt sem var ekki nógu spennandi. Það er því voðalega lítið sem ég get sagt á þessari stundu,“ segir Snorri. - hbg

## ÚRSLIT

### Pepsi-deild kvenna

**Þór/KA - Afturelding 1-0**
1-0 Tahnai Annis (53.)

**Stjarnan - Breiðablik 3-1**
1-0 Veronica Perez (10.), 1-1 Andrea Rán Hauksdóttir (29.), 2-1 Harpa Þorsteinsdóttir (57.), 3-1 Harpa Þorsteinsdóttir (62.)

**Selfoss - ÍBV 0-6**
0-1 Kristín Erna Sigurlásdóttir (12.), 0-2 Shenak Gordon (33.), 0-3 Vesna Smiljkovic (49.), 0-4 Vesna Smiljkovic (61.), 0-5 Sigríður Lára Garðarsdóttir (64.), 0-6 Vesna Smiljkovic (70.)

**KR - FH 2-2**
0-1 Hugrún Elvarsdóttir (5.), 1-1 Anna Garðarsdóttir (41.), 2-1 Anna Garðarsdóttir (77.), 2-2 Guðrún Bentína Frímannsdóttir (93.)

**Valur - Fylkir 2-2**
1-0 Svava Rós Guðmundsdóttir (47.), 1-1 Ruth Þórðar Þórðardóttir (49.), 2-1 Mist Edvardsdóttir (78.), 2-2 Anna Björg Björnsdóttir (85.)

**STAÐAN**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Þór/KA | 15 | 12 | 2 | 1 | 41-14 | 38 |
| **Stjarnan** | **15** | **10** | **2** | **3** | **45-19** | **32** |
| ÍBV | 15 | 10 | 1 | 4 | 46-20 | 31 |
| **Valur** | **15** | **8** | **3** | **4** | **40-21** | **27** |
| Breiðablik | 15 | 7 | 3 | 5 | 35-20 | 24 |
| **FH** | **15** | **4** | **3** | **8** | **22-41** | **15** |
| Selfoss | 15 | 3 | 4 | 8 | 26-62 | 13 |
| **Fylkir** | **15** | **3** | **3** | **9** | **19-36** | **12** |
| Afturelding | 15 | 3 | 3 | 9 | 14-35 | 12 |
| **KR** | **15** | **1** | **4** | **10** | **16-36** | **7** |

### Undankeppni EM

**Ísland - Ísrael 83-110**
Tölfræði Íslands: Haukur Helgi Pálsson 19 stig, Jón Arnór Stefánsson 17 stig/6 stoðsendingar, Hlynur Bæringsson 15 stig/8 fráköst, Jakob Örn Sigurðarson 14 stig, Finnur Atli Magnússon 7 stig, Axel Kárason 3 stig, Ægir Þór Steinarsson 3 stig, Birgir Björnsson 3 stig, Logi Gunnarsson 2 stig.

Íslandsmeistaratitillinn færist nær Akureyri eftir sigur Þórs/KA á Aftureldingu í Pepsi-deild kvenna í gær:

# Harpa hetjan í sigri tíu Stjörnukvenna

**FÓTBOLTI** Lið Stjörnunnar vann ótrúlegan karaktersigur á Blikum í Pepsi-deild kvenna í gærkvöldi. Eftir að hafa lent manni undir eftir aðeins 28 mínútur og fengið á sig mark í kjölfarið rifu Stjörnustelpur sig upp og tvö mörk frá Hörpu Þorsteinsdóttir kláruðu leikinn.

„Við erum manni færri í yfir klukkutíma en náum að halda spennu í toppbaráttunni með flottum sigri,” sagði Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir, fyrirliði Stjörnunnar, eftir leikinn.

„Við ætluðum okkur sigur til að halda okkur áfram í baráttunni og við vissum að ekkert annað en sigur dugði hér í kvöld.”

Eftir að Stjarnan lenti manni undir spiluðu þær skynsamlega og komu bæði mörk liðsins úr skyndisóknum, það fyrra úr stórglæsilegu skoti frá Hörpu.

„Við ákváðum að bíða og leyfa þeim að koma á okkur og það virkaði vel, við unnum vel úr okkar vanda. Liðið þjappaði sér saman, lokaði sendingarfærum og lokaði vel áður en færin þeirra mynduðust. Þegar Harpa skorar mörkin vitum við að við getum droppað aðeins aftur og spilaðist þetta bara þægilega út,” sagði Gunnhildur.

„Við vorum með leik í höndunum í hálfleik sem við vissum að væri gríðarlega mikilvægur leikur upp á að berjast um næstu sæti fyrir ofan,” sagði Hans Sævarsson þjálfari Breiðabliks.

„Þetta er búið að vera svona hjá okkur í sumar, hlutirnir falla ekki með okkur frammi og svo fáum við í andlitið á okkur mark stuttu seinna. Þetta er einfaldlega sagan okkar í sumar og við verðum að vinna í þessu fyrir næsta sumar.”

Sigur Stjörnunnar gefur liðinu örlitla von í toppbaráttu deildarinnar. Liðið er sex stigum á eftir Þór/KA sem vann nauman sigur á Aftureldingu norðan heiða.

KR-stelpur fóru illa að ráði sínu gegn FH-ingum í Vesturbæ. Heimakonur leiddu þegar komið var vel fram í viðbótartíma en gestirnir jöfnuðu á síðustu stundu. Hætt er við að markið reynist Vesturbæingum dýrkeypt þegar uppi verður staðið í haust. -kpt, ktd



**HETJAN** Harpa Þorsteinsdóttir skoraði stórglæsilegt mark sem breytti gangi leiksins í Garðabæ í gærkvöldi. Hún bætti við öðru marki skömmu síðar og er markahæst í deildinni með 14 mörk ásamt Söndru Maríu Jessen hjá Þóri/KA. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


Hittumst í frystinum
Kjörís
RAUDUR
FROSTPINNI
með kirsuberja bragði
10
STYKKI
Kjörís

## > Stöð 2 Sport 2 kl. 18.15
### Chelsea - Reading

***Bein útsending frá leik Chelsea og Reading í ensku úrvalsdeildinni. Chelsea hóf tímabilið með sigri á Wigan og þar vakti belgíski kantmaðurinn Eden Hazard mikla athygli enda snöggur, leikinn og útsjónarsamur leikmaður. Á sama tíma og leikur Chelsea og Reading er sýndur á Sport 2 er leikur Malaga og Panathinaikos sýndur í forkeppni Meistaradeildarinnar sýndur á Stöð 2 Sport.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ BIRGIR ÞÓR HARÐARSON HORFÐI Á RÚV

# *Málið leyst án byssu*



Það er orðið svolítið langt síðan ég stillti á RÚV í sjónvarpinu til þess að horfa á einhvern ákveðinn dagskrárlið sem tengist ekki íþróttum. Ég skal alveg viðurkenna að ég hef ekki borið mikið traust til dagskrárinnar á ríkismiðlinum í gegnum tíðina en veit að það er vegna þess að ég er latur við að kynna mér efnið sem þar er að finna.

Það vildi hins vegar þannig til á sunnudagskvöldið að ég var staddur uppi í sveit þar sem engan ljósleiðara er að finna og ekkert internet. Þarna var samt gamalt túbusjónvarp sem bauð aðeins upp á RÚV.

Með pabba horfði ég á sænska lögregluforingjann Wallander. Wallander þessi rannsakaði morð, sprengingar og skipulagða glæpastarfsemi. Honum tókst meira að segja í endann að púsla öllu saman og leysa málið án þess að fara á egótripp og skjóta úr byssu. Mér þótti þetta nokkuð afrek hjá gamla og eitthvað sem amerískir kollegar hans ættu að taka til sín.

Nú ætla ég að horfa meira á RÚV.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Húslestrar á Listahátíð 2012 **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Eldhress í heila öld **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Seiðandi söngrödd **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **19.40** Sumarsnakk **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Draumur um Ljósaland **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Rússneski píanóskólinn **23.05** Flakk **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (3:13) (Army Wives)
**17.20 Einu sinni var... lífið (7:26)**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.24 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Skrekkur íkorni**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Með okkar augum** (6:6) Í þessari þáttaröð skoðar fólk með þroskahömlun málefni líðandi stundar með sínum augum.
**20.05 Læknamiðstöðin** (7:22) (Private Practice V)
**20.50 Scott og Bailey** (2:8) (Scott and Bailey) Bresk þáttaröð um lögreglukonurnar Rachel Bailey og Janet Scott í Manchester sem rannsaka snúin morðmál.
**21.40 Hestöfl** (2:6) (Hästkrafter) Röð stuttra sænskra þátta um gamla bíla.
**21.45 Sætt og gott** (Det søde liv) Mette Blomsterberg útbýr kræsingar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Grace Kelly** (Extraordinary Women: Grace Kelly) Heimildamynd um Hollywoodleikkonuna sem varð furstafrú í Mónakó.
**23.10 Winter lögregluforingi – Fagra land** (1:8) (Kommissarie Winter) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.10 Fréttir**
**00.20 Dagskrárlok**

## 2 BÍÓ

**06.15 Ripley Under Ground**
**08.00 10 Items of Less**
**10.00 Dude, Where's My Car?**
**12.00 Babe**
**14.00 10 Items of Less**
**16.00 Dude, Where's My Car?**
**18.00 Babe**
**20.00 Ripley Under Ground**
**22.00 Year One**
**00.00 First Born**
**02.00 Wild West Comedy Show**
**04.00 Year One**
**06.00 Pink Panther II**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.25 Tommi og Jenni**
**08.50 Malcolm in the Middle** (21:25)
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** (128:175)
**10.15 Community** (7:25)
**10.40 60 mínútur**
**11.25 Better Of Ted** (5:13)
**11.50 Grey's Anatomy** (12:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Borgarilmur** (3:8)
**13.35 Mike & Molly** (21:24)
**14.00 Gossip Girl** (1:24)
**14.45 Týnda kynslóðin** (9:32)
**15.45 Ofuröndin**
**16.05 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (18:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Malcolm in the Middle** (7:22)
**19.45 Modern Family** (7:24)
**20.05 2 Broke Girls** (16:24)
**20.30 Up All Night** (4:24) Stórskemmtilegir gamanþættir með þeim Christina Applegate og Will Arnett (Arrested Development) í hlutverkum nýbakaðra foreldra.
**20.55 Drop Dead Diva** (12:13)
**21.40 True Blood** (5:12) Fjórða þáttaröðin um forboðið ástarævintýri gengilbeinunnar Sookie og vampírunnar Bill.
**22.35 The Listener** (4:13)
**23.15 The Closer** (15:21)
**00.00 Fringe** (9:22)
**00.45 Southland** (4:6)
**01.30 The Good Guys** (17:20)
**02.15 Undercovers** (3:13)
**03.00 2 Broke Girls** (16:24)
**03.20 Up All Night** (4:24)
**03.45 Drop Dead Diva** (12:13)
**04.30 True Blood** (5:12)
**05.25 Mike & Molly** (21:24)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Meistaramörkin** Sýndar svipmyndir úr leikjunum í Meistaradeild Evrópu.
**16.25 Meistaradeild Evrópu: Köbenhavn - Lille**
**18.15 Meistaramörkin**
**18.35 Meistaradeild Evrópu: Malaga - Panathinaikos** BEINT
**20.50 Meistaramörkin**
**21.10 Rory McIlroy á heimaslóðum** Sjónvarpsmaðurinn David Feherty heimsækir Rory McIlroy og tekur við hann viðtal.
**21.55 Eimskipsmótaröðin 2012**
**22.25 Meistaradeild Evrópu: Malaga - Panathinaikos**
**00.15 Meistaramörkin**
**00.35 Spænsku mörkin**

## 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**14.35 Fulham - Norwich**
**16.25 QPR - Swansea**
**18.15 Chelsea - Reading** BEINT
**20.30 Football League Show 2012/13**
**21.00 Sunnudagsmessan**
**22.15 Chelsea - Reading**
**00.05 Newcastle - Tottenham**

## 2 GULL

**18.15 Doctors** (6:175)
**19.00 The Middle** (9:24) (11:24)
**19.50 Spurningabomban** (4:11)
**20.40 Steindinn okkar** (4:8)
**21.05 Curb Your Enthusiasm** (1:10) Larry David leikur sjálfan sig en hann ratar af óskiljanlegum orsökum sífellt í vandræði. Fjöldi þekktra gestaleikara kemur við sögu.
**21.35 The Sopranos** (1:13) Tony Soprano er mafíuforingi í New Jersey sem á erfitt með að sameina krefjandi fjölskyldulífið og skipulagða glæpastarfsemi.
**22.25 The Middle** (9:24) (11:24)
**23.15 Spurningabomban** (4:11)
**00.05 Steindinn okkar** (4:8)
**00.30 Doctors** (6:175)
**01.15 Curb Your Enthusiasm** (1:10)
**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## POPP TÍVÍ

**17:00 Simpson-fjölskyldan**
**17:45 Sjáðu**
**18:10 The Middle** (13:24)
**18:35 Glee** (5:22)
**19:20 Ameríski draumurinn** (5:6)
**19:50 American Dad** (1:19) Þriðja serían um Stan sem er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.
**20:15 Bob's Burgers** (1:13) Skemmtileg teiknimyndasería um mann sem rekur hamborgarastað og skrautlega fjölskyldu hans.
**20:35 The Cleveland Show** (1:21) Skemmtilegir teiknimyndaþættir frá handritshöfundum American Dad og Family Guy en þættirnir fjalla einmitt um líf Cleveland-fjölskyldunnar sem koma fyrir í þeim þáttum.
**21:00 Funny or Die** (1:12) Sprenghlægilegir sketsaþættir frá Will Arnett og HBO byggðir á efni á samnefndri heimasíðu sem grínmeistarinn Will Ferrell heldur úti ásamt félaga sínum.
**21:25 Breakout Kings** (1:13) Bandarísk lögregluyfirvöld setja saman sérsveit skipaða dæmdum glæpamönnum til að elta uppi fanga sem hafa flúið úr fangelsum og eru á flótta undan réttvísinni.
**22:10 Ameríski draumurinn** (5:6)
**22:40 American Dad** (1:19)
**23:05 Bob's Burgers** (1:13)
**23:25 The Cleveland Show** (1:21)
**23:50 Funny or Die** (1:12)
**00:17 Breakout Kings** (1:13)
**01:02 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## 2 krakkar

**09.00 Dóra könnuður**
**09.25 Áfram Diego, áfram!**
**09.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.05 UKI**
**10.10 Lína langsokkur**
**10.35 Mörgæsirnar frá Madagaskar**
**11.00 Disney Channel**
**17.30 iCarly** (5:25)
**17.55 Tricky TV** (5:23)

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.05 Real Housewives of Orange County** (16:17) (e)
**16.50 Design Star** (8:9) (e)
**17.40 Rachael Ray**
**18.25 How To Look Good Naked** (9:12) (e)
**19.15 America's Funniest Home Videos** (e)
**19.40 Everybody Loves Raymond** (19:24) (e)
**20.05 Will & Grace** (24:24) (e)
**20.30 First Family** (2:2) Síðari hluti framhaldsmyndar um ævi og störf Ronalds Reagan fyrrverandi forseta Bandaríkjanna.
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (12:16) Í þættinum er vörubílstjóri myrtur og tengsl virðast vera á milli hans og valdamikillar fjölskyldu.
**22.45 Jimmy Kimmel**
**23.30 The Borgias** (1:10) (e)
**00.20 Rookie Blue** (6:13) (e)
**01.10 CSI** (13:22) (e)
**02.00 Royal Pains** (16:18) (e)
**02.45 Everybody Loves Raymond** (2:25) (e)
**03.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** Wyndham Championship - PGA Tour 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (33:45) **19.20** LPGA Highlights (14:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (15:25) **21.35** Inside the PGA Tour (34:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (30:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Veiðivaktin

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** XA-Radíó | **FM 90,9** Gullbylgjan | **FM 95,7** FM957 | **FM 96,7** Létt Bylgjan | **FM 98,9** Bylgjan | **FM 100,5** Kaninn | **FM 102,9** Lindin |
| **FM 90,1** Rás 2 | **FM 93,5** Rás 1 | **FM 96,3** FM Suðurland | **FM 97,7** X-ið | **FM 99,4** Útvarp Saga | **FM 102,2** Útvarp Latibær | **FM 105,5** Útvarp Boðun |

Vönduð heilsurúm á frábæru verði!
Tilboðsdagar í ágúst! TEMPUR DÝNUR OG KODDAR
Charlotte Julien Dream your world™



C&J Gold
Dýna, botn og lappir ÁGÚST-TILBOÐ
160x200 - kr. 202.800,- 141.960,-
180x200 - kr. 228.800,- 155.900,-
Betra BAK
Faxafeni 5, Reykjavik og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is

# NÝJAR KENNSLUBÆKUR Á FRÁBÆRU VERÐI!






- → Úrval kennslubóka
- → Ritföng, stílabækur og skóladót
- → Næg bílastæði
- → Heitt kaffi á könnunni
- → Nóg pláss og ekkert stress!

*Bókabúð Forlagsins á Fiskislóð 39* — *Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 10-14*




→ 3.299 kr.




→ 4.830 kr.




→ 2.690 kr.




→ 4.240 kr.




→ 3.790 kr.




→ 4.240 kr.




→ 1.690 kr.




→ 4.490 kr.




→ 4.665 kr.




→ 3.520 kr.




→ 5.515 kr.




→ 4.099 kr.

Gildir til 1. september 2012

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*

## MORGUNMATURINN



*„Hannes, ástin mín, býr til dýrindis hafragraut fyrir mig á hverjum morgni en hann inniheldur mikinn kanil. Um helgar þá fáum við okkur eitthvað aðeins fínna og stundum ávaxtaboost.“*

Aðalbjörg Árnadóttir, leikkona hjá Leikfélagi Akureyrar, sem þessa dagana er að undirbúa frumsýningu á verkinu Downtown 24/7 á Lókal.

# Frost semur tónlistina í Frost

„Þetta er mest „hardcore“ tónlist sem ég hef búið til,“ segir tónskáldið Ben Frost sem þessa dagana er að leggja lokahönd á tónlistina fyrir kvikmyndina Frost sem verður frumsýnd þann 7. september næstkomandi.

Frost er vísindahryllingsmynd í leikstjórn Reynis Lyngdal með þeim Önnu Gunndísi Guðmundsdóttur og Birni Thors í aðalhlutverkum. Ben segist hafa séð myndina oft og mörgum sinnum og fullyrðir að hún sé eitthvað allt annað en áður hefur sést í íslenskri kvikmyndagerð. „Myndin er óvenjuleg. Söguþráðurinn er hrár, beinn, óljós, skrítinn og opinn,“ segir Ben sem meðal annars þurfti að verða sér úti um sérstök klakahljóð til að vinna með, enda er sögusvið myndarinnar í rannsóknarbúðum upp á jökli.

„Ég fór út um allt til að taka upp hljóð og eiga í safninu mínu. Það sem er sérstakt við þessa mynd er að tónlistin er í raun óþörf og í fyrsta sinn var ég að vinna náið með hljóðmönnunum í myndinni.“

Spurður hvort hann hafi komið til greina nafnsins vegna svarar Ben hlæjandi. „Já, það er óneitanlega skemmtileg tilviljun að Frost geri Frost. Við Reynir höfum áður unnið saman og mér finnst mjög gaman að vinna við kvikmyndatónlist,“ segir Ben sem einnig verður í eldlínunni síðar í september, en hann semur tónlistina við mynd Baltasars Kormáks, Djúpið. „Myndirnar eru algjörar andstæður og það er tónlistin líka. Það er bara skemmtilegt.“

Meðal þeirra tónlistarmanna sem eiga lög í Frost eru þau Þórunn Antonía með Electrify My Heart, Bix með Ylfa´s Song og Ásgeir Trausti með lagið Þennan dag.

**- áp**



**ÓVENJULEGT** Tónskáldið Ben Frost semur tónlistina í vísindatryllinum Frost sem frumsýndur er í byrjun september. MYND/BJARNI GRÍMSSON


NÁMSKEIÐ



Velkomin í núið
– frá streitu til sáttar
Byggt á Mindfulness-based Cognitive Therapy

**Árvekni**, stundum kallað gjörhygli, byggist á hugleiðsluaðferðum búddískrar sálfræði. Í árvekniþjálfun er tvinnað saman aðferðum hugrænnar atferlismeðferðar og sálfræði austrænnar visku. Rannsóknir hafa sýnt fram á að árvekniþjálfun hefur jákvæð áhrif á vellíðan, bætir heilsufar, dregur úr streitu, kvíða og depurð.

Áherslan er á að læra að nema staðar „hér og nú“, láta af sjálfstýringu hugans og sættast betur við það sem er. Með fræðslu, stuttum hugleiðsluæfingum og annarri hugarþjálfun er markmiðið að öðlast meiri hugarró og njóta betur líðandi stundar.

**Námskeiðið er í 8 vikur** á miðvikudögum í ráðstefnusal Nordica Hótel kl.17:30 til 19:00.
Innifalið er geilsadiskur með árvekniæfingum og handbók

Skráning er hjá Nordica Spa í síma 444 5090 og á http://nordicaspa.is

Verð: 49.000 kr.
Meðlimir Nordica Spa fá 10% afslátt

Næstu námskeið verða:
**29. ágúst.**
Leiðbeinendur verða Anna Dóra Frostadóttir og Margrét Bárðardóttir sálfræðingar.

**18. september.**
Leiðbeinendur verða Guðbjörg Daníelsdóttir og Herdís Finnbogadóttir sálfræðingar.

Innifalið 1 vika ókeypis aðgangur í alla opna tíma Nordica Spa, gufu og heita potta

Nordica Spa & Gym






INNANHÚSSTÍLISTANÁM

**Dæmi um það sem tekið er fyrir í náminu:**
Lita- og línufræði
Tónalgreining
Vaxtarbygging
Heitt og kalt rými
Stórt og lítið rými
Uppröðun hluta
**Stílistun á:**
Baðherbergi
Svefnherbergi
Barnaherbergi
Eldhúsi
Garðhýsi
Stofu
Og margt fleira.

The Academy of Colour and Style býður nú upp á nám í innanhússtílistun. Farið er í helstu grunnþætti í lita- og línufræði. Einnig er kennt að meta stíl út frá persónunni sjálfri. Þá er hún greind út frá vaxtarbyggingu og litgreiningu en þær upplýsingar segja mikið til um hvernig einstaklingur vill hafa sitt nánasta umhverfi eins og liti og stíl. Nemendur vinna svo verkefni í hverri viku og taka þá fyrir stílistun á stofu, baðherbergi, barnaherbergi o.fl. Gestafyrirlesarar koma í tíma og kynna fyrir nemendum ýmis atriði sem koma þeim til góða.
Hver önn tekur þrjá mánuði. Kennsla fer fram í Tækniskólanum einu sinni í viku frá 18-22.


Anna F. Gunnarsdóttir
*Stílisti*


Helga Sigurbjarnadóttir
*Innanhúsarkitekt*


Þorsteinn Haraldsson
*Byggingafræðingur*

UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Í SÍMA 533 5101





BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00


RAGNAR BJARNASON: ÞAÐ ER EKKERT AÐ ÞESSARI PLÖTU

# Raggi syngur með „yngra liðinu“ á nýrri dúettaplötu

„Þetta er bara alveg æðislegt og þessi plata verður örugglega þrælskemmtilegt. Það er heilmikið fjör í henni og stuð líka, flottir söngvarar, flottir spilarar og allt alveg stórkostlegt á þessari plötu. Það er ekkert að henni!“ segir Raggi Bjarna spenntur um væntanlega dúettaplötu sem hann hefur nýlokið upptökum á. Á plötunni syngur Raggi dúetta með „yngra liðinu“, eins og hann orðar það, nokkrum af mest áberandi söngvurum landsins af yngri kynslóðinni auk nokkurra örlítið eldri.

Raggi segir megnið af lögunum á plötunni vera lög frá árunum í kringum 1980 sem nutu vinsælda en eru kannski ekki sprelllifandi í hugum yngri kynslóðarinnar. Auk þess hljóma á henni tvö spánný lög eftir Bjartmar Guðlaugsson (Svona týnist tíminn) og Jón Ólafsson (Syngdu fyrir mig). Téður Jón er Ragga einmitt innan handar á plötunni, sér um útsetningar og stjórnar hljómsveit, en Samúel Jón Samúelsson (Sammi í Jagúar) hefur veg og vanda af blástri og útsetningum í þá veru.

Aðspurður staðfestir söngvarinn að útsetningarnar á lögunum séu afar „svingandi“, eins og Ragga er von og vísa. „Það var einmitt það sem Herbert Guðmundsson spurði mig að þegar ég hringdi í hann og sagði honum að við ætluðum að syngja lagið hans. Can't Walk Away. „Svingar það, svingar það?“ spurði hann í sífellu og ég sagði honum að hafa engar áhyggjur því það svingaði alveg svakalega,“ segir Raggi og hlær. „Þegar ég söng Smells Like Teen Spirit í sving-útsetningu fyrir nokkrum árum hafði ég ekki hugmynd hver Nirvana var og hvað þá þessi Kurt Cobain,“ bætir hann við.

Nokkrir af höfðingjum dægurlagasögunnar hafa hljóðritað slíkar dúettaplötur á síðustu árum, meðal annarra Íslandsvinirnir Tom Jones og Tony Bennett. „Ég hef heyrt þessar plötur og þær eru helvíti góðar,“ segir Raggi og býst við að nýja platan, sem hefur enn ekki hlotið nafn, komi út fyrir jólin.

**kjartan@frettabladid.is**



**KYNSLÓÐABIL** Raggi Bjarna og Eivör Pálsdóttir hljóðrituðu síðasta lagið af væntanlegri dúettaplötu, nýtt lag eftir Jón Ólafsson sem nefnist Syngdu fyrir mig, á mánudaginn. Raggi segist búast við að platan komi út fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### LÖG OG MEÐSÖNGVARAR Á NÝRRI DÚETTAPLÖTU RAGGA BJARNA:

**Sigríður Thorlacius** - Lífið er lag
**Jón Jónsson** - Froðan
**Svavar Knútur** - Kóngur einn dag
**Magni Ásgeirsson** - Fjólublátt ljós við barinn
**Helgi Björns** - Betri bílar, yngri konur
**Sveppi** - Ég er ekki alki
**Björn Jörundur** - Can't Walk Away
**Sigga Beinteins** - Á puttanum
**Eivör Pálsdóttir** - Syngdu fyrir mig
**Lay Low** - Þannig týnist tíminn




# Hitinn í LA hamlaði upptökum

„Það var rosalega mikill hiti og þá þarf förðunin að vera mikil svo hún leki ekki af með svitanum. Ég sá að mestu um förðunina sjálf en fékk aðstoð frá vinkonu minni fyrir eina senuna. Við reyndum að skjóta flest seinni part dags þegar sólin er ekki jafn sterk og hitinn ekki eins mikill,“ segir söngkonan Svala Björgvinsdóttir. Hljómsveitin Steed Lord sendi frá sér nýtt tónlistarmyndband við lagið Hear Me Now í vikunni.

Svala skipar Steed Lord ásamt bræðrunum Einari og Edda Egilssonum og sjá þau sjálf um allt sem viðkemur framleiðslu og sköpun tónlistarmyndbandanna. Mikill hiti hefur verið í Los Angeles undanfarnar vikur og segir Svala að hitinn hafi gert þeim erfitt fyrir við upptökur á myndbandinu. Fatnaðurinn sem Svala klæðist í myndbandinu hefur einnig vakið nokkra athygli enda eru búningarnir litríkir og heldur sérstakir. Allar flíkurnar sem Svala klæðist í myndböndum sveitarinnar eru hennar eigin en hún segist einnig fá hluti að láni frá vinkonum sínum sé eitthvað sem vanti upp á.

„Ég hef safnað notuðum fötum og búningum í örugglega fimmtán ár. Ég versla helst á netinu og svo fer ég á alla flóamarkaði sem ég kemst á þegar ég ferðast um heiminn. Síðan hef ég verið svo heppin að fá mikið af höttum og fylgihlutum gefins frá hinum og þessum,“ segir hún.

**- sm**



**HITINN ERFIÐUR** Svala Björgvinsdóttir og bræðurnir Einar og Eddi Egilssynir tóku upp nýtt tónlistarmyndband í steikjandi hita í Los Angeles.

SIMPLY CLEVER

ŠKODA

# ŠKODA Octavia Driver's Edition
# Upplifðu enn meiri ŠKODA.




ŠKODA bifreiðar eru þekktar fyrir **sparneytni** og **lága bilanatíðni**. Það þekkja hinir fjölmörgu Škoda eigendur á Íslandi best. ŠKODA Octavia 1.6 TDI eyðir aðeins 4,5 lítrum á hverja hundrað kílómetra og er margverðlaunaður í sparakstri.

Nú er komin glæsileg viðhafnarútgáfa, **Octavia Driver's Edition** sem gerir akstursupplifunina enn meiri og skemmtilegri.

Fullt verð á aukabúnaði sem er innifalinn í Driver´s Edition útgáfunni er **685.000** kr. en er á tilboðsverði nú á **250.000** kr. Allt þetta bætist við ríkulegan staðalbúnað þar sem meðal annars má nefna: Loftkælingu, aksturstölvu, EPS stöðugleikastýringu, hraðastilli, hita í sætum, hita í útispeglum o.fl.

**ŠKODA Octavia Driver's Edition** kostar frá kr*:

## 3.640.000,-

*Octavia Driver's Edition 1.6 TDI, 105 hestöfl, beinskiptur

## Aukabúnaður í Driver's Edition


Bolero hljómtæki með 6 diska magasíni og 12 hátölurum


15" álfelgur „PYXIS"


Fjarstýring í stýri fyrir útvarp


Fjarstýring í stýri fyrir síma (Bluetooth)


Nálgunarvarar að aftanverðu


Sóllúga

**Umboðsmenn**

Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · Hekla Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

**Reynslan er góð!**

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is

HEKLA

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Anthony Hopkins er yndislegur

Tökum lauk á kvikmyndinni Noah í leikstjórn Darrens Aronofsky í fyrrakvöld á Íslandi og var haldið heljarinnar lokapartí í gær. **Athonhy Hopkins** fer með hlutverk Metúsalems, afa Nóa í myndinni, og hefur verið hér á landi undanfarið. Hann er mörgum kunnur sem mannætan Hannibal Lecter en virðist vera ljúfur sem lamb ef marka má hinn tólf ára Mími Bjarka Pálmason. Hann er sonur leikarans Pálma Gestssonar og bróðir Maríu Birtu áhugaleikkonu og hefur leikið bakhlið sonar Nóa í tuttugu tökudaga. Hann á að hafa hringt í fjölskyldu sína af tökustað og sagt mannætuna frægu vera yndislega.



### Stefán Karl snýr aftur

Þjóðleikhúsið hefur gefið út leikskrá fyrir komandi leikár og kennir þar ýmissa grasa. Meðal þess sem vekur athygli er endurkoma leikarans **Stefáns Karls Stefánssonar** á íslenskt leiksvið, en hann hefur búið og starfað í Bandaríkjunum undanfarin ár. Stefán Karl mun leika ásamt **Hilmi Snæ Guðnasyni** í leikritinu Með fulla vasa af grjóti, en þeir félagarnir léku einnig í verkinu þegar það var frumsýnt hér á landi fyrir tólf árum. Fréttir hafa verið sagðar af því að til greina kæmi að sýningin, sem naut mikillar hylli fyrir tólf árum, yrði sett upp aftur og nú hefur það verið staðfest.

- hþt, þeb



### Mest lesið vísir

1. Strætó til Akureyrar í fyrsta sinn
2. Rosie O'Donnell fékk hjartaáfall
3. Borguðu með koníaksflösku, gjafabréfi og saltfiskhnökkum
4. Átök í Elliðarárdal í nótt - átta piltar köstuðu grjóti að íbúa
5. Talið að maður hafi fallið af sjöttu hæð húss


Boltinn á Xinu 977
– alla virka daga kl. 11 - 12







ATH inneignarnótur Office 1 gilda í A4

OPIÐ 24 TÍMA

Risastóri og ódýri skiptibókamarkaðurinn
í A4 Skeifunni og A4 Smáratorgi





3.420,-
Orðabók
Frönsk-íslensk-frönsk
Þýsk-íslensk-þýsk
Verð áður 4.980,-





989,-
Viðarbox





249,-
Stíla- eða reikningsbók
Með rifgötun





499,-
Kúlutússpenni sem hægt er að stroka út.
Snilldaruppfinning fyrir skólafólk
Frixion kúlutússpenni
Fáanlegur í 8 litum
Verð áður 648,-





149,-
Pennaveski
Svart eða rautt





399,-
Bréfabindi
50 eða 80 mm
Verð áður 699,-

www.a4.is / sími 580 0000 / sala@a4.is
A4 Skeifunni 17 / A4 Smáratorgi 1 / A4 Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
A4 Dalsbraut 1, Akureyri / A4 Miðvangi 13, Egilsstöðum / A4 Austurvegi 65, Selfossi
A4